


**ÁSTA EMILSDÓTTIR**

*Uppgötvaði kosti stafagöngu*

Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**NICK CAVE**

*Í stuttu fríi á Íslandi*

Hefur tekið ástfóstri við land og þjóð

**FÓLK 38**



**THEÓDÓR JÚLÍUSSON**

*Óþekkjanlegur í hlutverki Elliða*

Lét loka sig inni í klefa fyrir Mýrina

**FÓLK 38**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. október 2006 — 285. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Heather lýgur upp á Paul



Paul McCartney-aðdáandinn Davíð Steingrímsson er ósáttur við aðför Heather Mills að sínum manni. **FÓLK 38**

### Tími á ákvarðanir



Hafþór Ægir Vilhjálmsson fékk í gær tilboð frá Norrköping og hann ákveður á næstu dögum hvort hann eigi að taka því tilboði eða tilboði Vals. **ÍÞRÓTTIR 34**

### Óþolandi misskipting

„Þrátt fyrir yfirlýsingar um að launajafnrétti ríki hér á landi þá er ljóst að svo er ekki. Ekkert hefur gerst í þeim efnum í tólf ár," segir Valgerður Bjarnadóttir. **Í DAG 20**

### Strik í reikninginn

Hvalveiðar Íslendinga gætu haft áhrif á velgengni Nylon í Bretlandi. **FÓLK 30**



## VEÐRIÐ Í DAG




**FROST UM ALLT** LAND - Útlit er fyrir kaldan þriðjudag með snjókomu á sunnan- og norðanverðu landinu. Á Austurlandi birtir til en á Vesturlandi hangir hann að mestu þurr. Víða gola, 5-12 m/s. **VEÐUR 4**





BLAÐ UM PRÓFKJÖR SAMFYLKINGARINNAR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG!


# Svíar telja hvalveiðarnar á sína ábyrgð

**Margir Svíar telja að mistök embættismanns þeirra geri Íslendingum kleift að stunda atvinnuhvalveiðar. Þúsundir mótmælabréfa berast vegna hvalveiða á sama tíma og Hvalur 9 er á landleið með aðra langreyði sína á vertíðinni.**

**HVALVEIÐAR** Því er haldið fram í sænskum fjölmiðlum í gær að það hafi verið fyrir mistök formanns sænsku sendinefndarinnar í hvalveiðiráðinu að Íslendingar komust að nýju inn í ráðið með fyrirvörum um hugsanlegar veiðar í atvinnuskyni árið 2006. Hann hafi þrýst á vitlausan hnapp og síðar reynt að fá atkvæðagreiðslunni hnekkt.

Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins, var formaður sendinefndar Íslands á þingi Alþjóðahvalveiðiráðsins þegar aðild Íslands var samþykkt árið 2002. Stefán segir söguna um meint mistök sænska sendinefndarformannsins vera viðtekna söguskoðun í Svíþjóð en ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum.

„Það er nú ekki svo að þetta hafi bara verið mistök Svía heldur voru Finnar og Svisslendingar einnig meðal þeirra ríkja sem samþykktu aðild Íslands en eru almennt á móti hvalveiðum."

Stefán segir að um flókið lögfræðilegt mál hafi verið að ræða sem í grunninn hafi snúist um hvort hvalveiðiráðið gæti tekið ákvörðun um aðild Íslands og gildi fyrirvarans. „Það var tekin meirihlutaákvörðun um að Ísland væri aðili og fyrirvarinn er óaðskiljanlegur hluti af aðildarskjali Íslands og það er ekki lögfræðilega mögulegt að telja aðildina gilda en fyrirvarann ekki."

Stefán telur að ekki hafi verið um mistök að ræða hjá Svíum enda hafi fulltrúar frá bæði utanríkis- og umhverfisráðuneyti Svíþjóðar verið viðstaddir. „Strax eftir að atkvæðagreiðslunni var lokið tók sænski fulltrúinn til máls og gerði grein fyrir atkvæði sínu. Hann hvatti Íslendinga til að draga fyrirvara sinn til baka. Hann ýtti ekki á vitlausan takka því það var engan takka að ýta á."

Andreas Carlgren, umhverfisráðherra Svíþjóðar, gagnrýndi atvinnuhvalveiðar Íslendinga harðlega í viðtali við Dagens Nyheter í gær. Carlgren, í nafni allrar ríkisstjórnar Svía, hvetur þar íslensk stjórnvöld til að hætta hvalveiðum án tafar.

Hvalur 9 er á landleið með langreyði sem veidd var síðdegis í gær. Skipið kemur til hafnar í Hvalfirði um tvöleytið í dag. Tugþúsundir mótmælabréfa gegn hvalveiðum hafa borist ráðuneytum og sendiráðum Íslands. **Sjá síðu 2.** **- shá**



**ÓEIRÐIR Á BYLTINGARAFMÆLI** Lögregla skaut gúmmíkúlum og beitti táragasi gegn mótmælendum í götuóeirðum í Búdapest í gær. Einn mótmælendanna, sem kröfðust afsagnar forsætisráðherrans Ferenc Gyurcsany, ók skriðdreka um götur borgarinnar. Á sama tíma var þess minnst um land allt að fimmtíu ár voru liðin frá uppreisn Ungverja gegn Sovétstjórninni. **Sjá síðu 12.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Flokksskráin á kosningaskrifstofu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar var skoðuð í gær:

# Ekkert athugavert kom í ljós

**PRÓFKJÖR** Fulltrúar frambjóðenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík funduðu í gær um efni bréfs sem sent var til forystufólks flokksins fyrir helgi. Í bréfinu, sem var nafnlaust og barst einnig til Fréttablaðsins, er því haldið fram að stuðningsmenn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns og frambjóðanda í prófkjörinu, hafi einir stuðst við uppfærða skrá yfir flokksmenn og því átt auðveldara með að setja sig í samband við flokksmenn en aðrir frambjóðendur.

Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, fór um níuleytið í gærmorgun á kosningaskrifstofu Guðlaugs Þórs og skoðaði flokksskrána sem notast var við til þess að hvetja flokksmenn til þess að taka þátt í prófkjörinu. Reyndist skráin vera sú sama og aðrir frambjóðendur notuðust við. Andri staðfesti í gær að ekkert hefði verið athugavert við þau gögn sem kosningaskrifstofa Guðlaugs Þórs hefði notast við í sínum störfum og að efni bréfsins ætti ekki við rök að styðjast.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður og frambjóðandi, segir einhvern hafa viljað koma á hann höggi. „Við förum fram á það að flokksskráin sem við notuðum yrði skoðuð til þess að taka af allan vafa í þessu máli. Eins og við vissum reyndist ekkert við hana að athuga og vinnubrögð okkar að öllu leyti eðlileg. En það var augljóslega einhver að reyna að koma á mig höggi. Ég hef starfað í Sjálfstæðisflokknum í meira en tuttugu ár en ég hef aldrei séð svona aðferðir áður." **- mh**

Forsetakosningar í Gabon:

## Bongo hvergi af baki dottinn

**GABON** Omar Bongo, forseti Afríkuríkisins Gabon, hyggst bjóða sig fram til forseta á ný þegar næst verður kosið árið 2012. Bongo er sjötugur að aldri og verður því 76 ára þegar næsta kjörtímabil hefst.

Enginn þjóðarleiðtogi í Afríku hefur setið jafnlengi á valdastólnum og Bongo, en hann hefur gegnt embættinu síðan 1967. Strax og hann komst til valda breytti hann stjórnarskrá Gabon og eru nú engin takmörk á því hversu oft má bjóða sig fram til forseta.

Bongo var seinast endurkjörinn í nóvember í fyrra, þá með 79 prósentum atkvæðanna. **- sgj**



**ÞVERPÓLITÍSKT FÉLAG** Mörg rök mæla gegn stækkun álversins að mati félagsmanna.

Félagið Sól í Straumi:

## Ekki ráðlegt að stækka álverið

**ÁLVER** Um hundrað manns sóttu stofnfund félagsins Sól í Straumi í Haukahúsinu í Hafnarfirði í gærkvöldi. Félagið er þverpólitískt og sameinast meðlimir þess í andstöðu sinni við stækkun álvers Alcan í Straumsvík. Í fréttatilkynningu frá félaginu eru Hafnfirðingar hvattir til að kynna sér málið og taka afstöðu.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, hefur sagt að málið verði borið undir bæjarbúa áður en ákvörðun verði tekin um stækkun. **- sgj**


Drögum í dag

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*



**SPURNING DAGSINS**



*Eru ekki vinningar, Bolli?*

„Vinningurinn er að geta lagt bílnum rólegur, óhræddur við ofvirkasta vegfaranda miðbæjarins - stöðumælavörðinn.“

Framkvæmdaráð Reykjavíkur ætlar að taka upp skafmiðakerfi við gjaldskyld bílastæði í borginni. Bolli Thoroddsen situr í framkvæmdaráði.

Rússneskir fræðimenn segja sameinaða stjórnarandstöðu of hliðholla Pútín:

# Stjórnarandstaðan bara plat

**MOSKVA, AP** Farið gæti svo að nýir sameinaðir stjórnarandstöðuflokkar í Rússlandi yrðu aðeins hækja fyrir Vladimír Pútín Rússlandsforseta og stjórn hans. Þessu halda rússneskir fræðimenn fram í kjölfar sigurs stærsta stjórnarandstöðuflokksins í borgarstjórakosningum í gær í bænum Samara við bakka árinnar Volgu.

Frambjóðandi Flokks lífsins bar þar sigurorð af sitjandi borgarstjóra sem er úr flokki Pútíns, Sameinuðu Rússlandi.

Flokkur lífsins mun í lok mánaðarins sameinast þjóðernishyggjuflokknum Móðurlandi og Lífeyrisþegaflokknum, og segjast



VLADIMÍR PÚTÍN FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þessir flokkar vilja mynda sterka andstöðu við Sameinað Rússland, sem er í meirihluta í neðri deild rússneska þingsins. Leiðtogi Flokks lífsins er hins vegar mikill bandamaður Pútíns, forseti efri deildar þingsins, Sergei Mironov.

„Þetta er áætlun komin beint frá stjórnvöldum í Kreml til að mynda tveggja flokka kerfi með einum stjórnarflokki og einum plat-stjórnarandstöðuflokki,“ segir Olga Khrystanovskaja, félagsfræðingur og sérfræðingur í rússneskum stjórnmálum.

Pútín Rússlandsforseti hefur verið sakaður um að brjóta á fjölmiðlafrelsi og lýðræðislegum réttindum í Rússlandi síðan hann komst til valda árið 2000. Hann má ekki bjóða sig fram í forsetakosningunum 2008, þar sem stjórnarskrá Rússlands bannar að forseti sitji þrjú kjörtímabil. - sgj

Hvalveiðar ganga vel:

# Hvalur 9 náði langreyði í gær

**HVALVEIÐAR** Áhöfnin á Hval 9 náði í sína aðra langreyði um klukkan hálf fimm í gær. Hvalurinn er talinn vera yfir 60 fet og veiddist um 210 sjómílur vestur af Hvalfirði. Aðeins eru tveir sólarhringar síðan fyrsta langreyðurin var skotin djúpt út af Snæfellsnesi en gert var að henni í Hvalfirði á sunnudag. Líkt og á laugardaginn gekk vel að veiða dýrið. Hvalur 9 kemur til Hvalfjarðar um tvö leytið í dag. Sigurður Njálsson skipstjóri segir að töluvert hafi verið af langreyði þar sem dýrið var skotið og meira af hval en væntа megi á þessum árstíma. - shá

Mótmæli gegn hvalveiðum:

# Svíar lýsa yfir andstöðu sinni

**HVALVEIÐAR** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra sat í gærmorgun undirbúningsfund Norðurlandaráðherra fyrir umhverfisráðherrafund Evrópusambandsins sem haldinn var í Lúxemborg í gær. Á fundinum fór Jónína yfir sjónarmið og forsendur ákvörðunar Íslands um hvalveiðar í atvinnuskyni. Lagði hún áherslu á að veiðarnar færu ekki í bága við alþjóðalög, þeir stofnar sem veitt yrði úr næsta árið væru ekki í útrýmingarhættu og að veiðarnar væru að öllu leyti sjálfbærar. Aðeins Andreas Carlgren, umhverfisráðherra Svía, kom á framfæri formlegum mótmælum á fundinum.



JÓNÍNA BJARTMARZ

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir Carlgren fara mjög villur vegar. „Hann vísar til þjóða sem vilja vernda hvali í útrýmingarhættu. Við erum að veiða hvali úr stórum stofnum, óralangt innan varúðarmarka.“ - shá



EINAR K. GUÐFINNSSON

# Sjálfsvígum fjölgar innan lögreglunnar

**Fjölgun sjálfsvíga innan raða lögreglumanna hefur verið áberandi á síðustu árum, að sögn formanns Landssambands lögreglumanna. Hann segir ástæðuna líklega vera stóraukið álag í starfi. Í undirbúningi er skipulögð áfallahjálp.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjálfsvígum meðal lögreglumanna hefur fjölgað áberandi á síðustu árum. Á síðustu tíu til tólf árum hafa átta manns fallið fyrir eigin hendi. Líkleg ástæða er einkum talin stóraukið álag í starfi, að sögn Sveins Ingibergs Magnússonar, formanns Landssambands lögreglumanna. Engin skipulögð áfallahjálp hefur staðið stéttinni til boða, en nú er unnið að úrbótum í þeim efnum.

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um ýmis öryggis- og hagsmunamál lögreglumanna hér á landi, þar sem úrbætur hafa verið boðaðar á ýmsum sviðum. Meðal annars hefur komið fram að lífaldur lögreglumanna er umtalsvert skemmri en alls almennings; tæplega 67 ár á móti rúmlega 79 árum hins almenna borgara. Að meðaltali tveir lögreglumenn á ári hljóta varanlega örorku eftir að hafa slasast í starfi og tíu til tólf lögreglumenn fá fjárhagsbætur á ári hverju úr ríkissjóði vegna slysa sem þeir verða fyrir þegar þeir eru við störf.

Tveir formenn Landssambands lögreglumanna tóku lauslega saman ýmsar upplýsingar á þeim tíma sem þeir gegndu formennsku. Það kemur meðal annars fram að fyrir um það bil fimmtán árum var það nánast óþekkt að lögreglumenn féllu fyrir eigin hendi. Á síðari árum er talan komin upp í átta manns.

„Við höfum sömu vísbendingar að utan,“ segir Sveinn. „Þar virðist tíðni sjálfsvíga vera töluverð í stétt lögreglu. Í Skandinavíu er þó vissulega til staðar áfallahjálp og handleiðsla í starfi.“

Nú er hafinn undirbúningur að því að setja á fót áfallateymi sérfræðinga til aðstoðar lögreglumönnum sem lent hafa í erfiðum verkefnum, að beiðni Landssambandsins. Sálfræðingur hjá embætti Ríkislögreglustjóra leiðir starfið, að sögn Sveins, en LL á hlutdeild í undirbúningnum.

„Lögreglumennirnir hér hafa gjarnan notað svokallaðan „svartan húmor“ sín á milli til að reyna að vinna sig frá vandanum,“ segir Sveinn. „En ég veit það sjálfur að oft á tíðum þyrftu menn aðstoð eftir erfið verkefni. Við sjáum allt það ljótasta sem gerist. Svokölluð „kulnun“ í starfi er einnig mjög þekkt í starfi lögreglunnar.“ jss@frettabladid.is



**ÁFALLAHJÁLP** Undirbúningur er nú hafinn að því að setja af stað áfallateymi sérfræðinga til aðstoðar lögreglumönnum sem lent hafa í erfiðum verkefnum. Lögreglumönnum sem falla fyrir eigin hendi hefur fjölgað áberandi á síðustu árum.



**SPRENGJA** Einn lést þegar sprengja úr seinni heimsstyrjöldinni sprakk í Þýskalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Menjar úr heimsstyrjöld:

# Einn lést þegar sprengja sprakk

**ÞÝSKALAND, AP** Vegagerðarmaður lést eftir að hann ók vél yfir sprengju sem lá falin undir vegarkanti í Bæjaralandi í Þýskalandi í gær. Líklegt þykir að sprengjan hafi legið í jörðinni við veginn síðan í seinni heimsstyrjöldinni, að sögn lögreglumanna á staðnum.

Maðurinn var að brjóta upp malbik meðfram vegarkantinum nærri Aschaffenburg þegar atvikið varð.

Grjót og malbik þeyttist í allar áttir og skemmdi sjö aðrar bifreiðar og fimm manns voru fluttir á sjúkrahús vegna áfalls.

Sprengjusérfræðingar lögreglunnar hafa tekið það sem eftir er af sprengjunni til rannsóknar. - smk

Slasaðist á sjó:

# Dæmdar milljónabætur

**DÓMSMÁL Maður sem slasaðist við störf á sjó fær tæplega 3,8 milljónir króna í bætur, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.**

**Maðurinn fékk snurpuhring í höfuðið, en hringurinn féll á hann úr þriggja til fjögurra metra hæð. Læknar mátu að maðurinn hefði hlotið 10 prósenta varanlegan miska við slysið og 15 prósenta varanlega örorku.**

**Útgerðarfélag skipsins var dæmt til að greiða 550 þúsund krónur í málskostnað, auk ofangreindra miskabóta.** - jss

**LÖGREGLUFRÉTT**

### Umferðaróhapp

Karlmaður á þrítugsaldri keyrði aftan á jeppabifreið á gatnamótum Mýrarvegs og Mímisbrautar á Akureyri í gærmorgun. Bifreiðirnar skemmdust lítillega. Að sögn varðstjóra í lögreglunni á Akureyri reyndist ökumaður bifreiðarinnar sem keyrði aftan á jeppann vera réttindalaus og var bifreið hans ótryggð.


BÍLL DAGSINS

HYUNDAI SANTA FE

Nýskr. 02.01 - Beinskiptur - Ekinn 91 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Mótmælabréf flæða yfir íslensk ráðuneyti og sendiráð:

# Fjölmörg bréf án viðtakanda

**HVALVEIÐAR** Meginhluti þeirra tugþúsunda mótmælabréfa sem hafa borist til íslenskra ráðuneyta og sendiráða víða um heim er stöðluð mótmæli sem skipulögð eru á netsíðum umhverfissamtaka. Umhverfissamtökin Greenpeace eru þar langfyrirferðarmest og samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu berast fá bréf frá einstaklingum ótengdum hinum skipulögðu mótmælum. Ráðuneytið svarar öllum bréfum sem þangað berast en af sautján þúsund bréfum sem bárust til ráðuneytisins í gærmorgun komu fimm þúsund svör um að viðtakandi væri ekki til.

Bjarni Sigtryggsson, sendiráðunautur hjá auðlinda- og umhverfisskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir þetta geta bent til þess að um skipulagðar ruslpóstsendingar (e. spam) sé að ræða eða skeytin séu send frá einni tölvu sem tekur ekki við svarsendingum. „Þetta gætu verið einstaklingar að nota tölvuþekkingu sína til að fjölsenda á okkur með tilbúnum netföngum eða þetta er gert með hópsendingum sem taka ekki við svari.“

Um þrjú hundruð bréf sem bárust til sendiráðsins í París í gær voru með sama texta og send í gegnum heimasíðu Greenpeace-samtakanna. Þau sendiráð sem fá flest mótmælabréf eru sendiráð Íslands í Washington, London, Berlín og París. Öllum sendiráðum Íslands hafa borist mótmæli. - shá



**FRÁ HVALFIRÐI** Tugþúsundir mótmælabréfa hafa borist íslenskum stjórnvöldum. Að stærstum hluta eru mótmælin skipulögð af umhverfissinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILBERG



**AF HEIMASÍÐU** Staðlað mótmælabréf á heimasíðu Grænfriðunga.




# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

**www.sko.is**
**Það kostar ekkert að færa GSM símanúmerið til SKO**

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## GENGIÐ 23.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,64 | 68,96 |
| Sterlingspund | 128,56 | 129,18 |
| Evra | 86,16 | 86,64 |
| Dönsk króna | 11,555 | 11,623 |
| Norsk króna | 10,285 | 10,345 |
| Sænsk króna | 9,355 | 9,409 |
| Japanskt jen | 0,5757 | 0,5791 |
| SDR | 100,87 | 101,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,412

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vígslubiskupinn á Hólum gagnrýnir Þjóðkirkjulögin:

# Landsbyggðin rúin prestum

**KIRKJUMÁL** Samkvæmt Þjóðkirkjulögum þarf að flytja prestsembætti úr dreifbýlinu til borgarinnar þegar ný embætti eru stofnuð þar, því í samningi við ríkið frá árinu 1997 kemur fram að Þjóðkirkjan fái aðeins fjármagn frá ríkinu fyrir 139 prestsembætti. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum, gagnrýndi þetta fyrirkomulag á fundi kirkjuþings á sunnudaginn.

„Þetta er stakkur sem er of þröngur og það hafa mjög mörg prestsembætti horfið af landsbyggðinni fyrir vikið. Þróunin er eðlileg að sumu leyti því íbúum hefur fækkað í ýmsum prestaköllum. En þetta fer að verða til mikilla vandræða; ég vil ekki að við rýjum landsbyggðina af prestum til að mæta þörfum þéttbýlisins og ég græt yfir þessu því ég er biskup landsbyggðarinnar,“ segir Jón, sem lagði fram tillögu á þinginu sem á að sporna við þessari þróun. Hann segir að stofna þurfi launasjóð sem laun nýrra prestsembætta í þéttbýli verði greidd úr.

„Það var vel tekið í hugmynd mína á fundinum og verður hún væntanlega tekin fyrir í fjárhagsnefnd. Við þurfum að leita leiða til að ráða bót á þessu vandamáli.“ - ifv



**JÓN AÐALSTEINN BALDVINSSON** Telur að sporna þurfi við fækkun prestsembætta á landsbyggðinni.

Ökuníðingur á bifhjóli:

# Réttindalaus á 156 km hraða

**UMFERÐ** Karlmaður um tvítugt var stöðvaður á bifhjóli rétt við Ásvelli í Hafnarfirði á sunnudagskvöld. Lögreglan í Keflavík, sem mældi manninn á 156 kílómetra hraða skammt frá Vogavegi, varð að hætta að veita manninum eftirför vegna hættu sem skapaðist við það. Maðurinn ók hjóli sínu á ofsahraða í átt að höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan í Keflavík hafði þá sambandið við lögregluna í Hafnarfirði, sem sat fyrir manninum á Reykjanesbrautinni. Hann reyndist aldrei hafa fengið ökuréttindi og má búast við sérstakri refsingu vegna þess. - mh

Bæklunarsérfræðingar:

# Vilja vinna að lausn í sátt

**HEILBRIGÐISMÁL Sjálfstætt starfandi sérfræðingar í bæklunarlækningum leggja áherslu á að samningamál milli þeirra og heilbrigðisráðuneytisins verði leyst í sátt, að sögn Sveinbjörns Brandssonar, formanns samninganefndar bæklunarlækna.**

**Nefndin átti fyrsta formlega fundinn með samninganefnd heilbrigðisráðuneytisins í gær. Sveinbjörn sagði að ekki lægi fyrir neitt ákveðið tilboð, heldur hefðu menn varpað hugmyndum á milli sín.**

**Bæklunarlæknar höfðu áður sagt að til greina kæmi að þeir segðu sig af gildandi samningi við Tryggingastofnun.** - jss



**FJÓRHJÓL** Veik bóndakona vill fjórhjól.

Bóndakona með MS-sjúkdóm:

# Neitað um fjórhjól

**HEILSA** Bóndakona sem hefur þverrandi mátt í fótum vegna MS-sjúkdóms fær ekki styrk frá Tryggingastofnun til að kaupa fjórhjól. „Hún þarf að geta komist um landareignina í hvaða veðri sem er og við hvaða aðstæður sem er. Þannig gæti hún þurft að fara yfir möl, móa, þúfur, snarrót, brekkur og vegi,“ segir í kæru vegna synjunar Tryggingastofnunar. Úrskurðarnefnd almannatrygginga staðfesti synjunina því fjórhjól væru ekki á lista yfir tæki sem Tryggingastofnun styrkir. Konan hefði heldur ekki sýnt fram á nauðsyn fjórhjólsins til sjálfsbjargar, öryggis eða þjálfunar. - gar

# Vesturlönd mega ekki yfirgefa Írak í neinu ofboði

**Bæði Bretar og Bandaríkjamenn leggja áherslu á að Írakar taki sjálfir sem fyrst að sér stjórn öryggismála. Aðstoðarforsætisráðherra Íraks varar þó við því að erlendu herliðin yfirgefi landið á næstunni.**

**ÍRAK, AP** Vesturlönd geta ekki yfirgefið Írak meðan ástandið þar er enn viðkvæmt, segir Barham Saleh, aðstoðarforsætisráðherra Íraks, sem staddur er í Bretlandi. Nú sé ekki rétti tíminn til að gera eitthvað í fáti þrátt fyrir að öryggi hafi hrakað.

„Núna þurfum við á raunsæi að halda, ekki neinum uppgjafartón. Við verðum að átta okur á því að nú er afar brýnt að takast á við mörg af vandamálunum í Írak, en við megum ekki láta ofsahræðslu ná yfirhöndinni,“ sagði hann við blaðamenn í gær.

Saleh átti í gær fund með Tony Blair forsætisráðherra eftir að yfirmenn í breska hernum og einn ráðherra höfðu krafist þess að Írakar tækju innan árs sjálfir við öryggisgæslu í suðurhluta Íraks.



**FÖSTUMÁNUÐINUM LÝKUR** Hátíðarhöld vegna Eid al-Fitr, lokadaga föstumánaðarins Ramadan, hófust meðal súnní-araba í Írak í gær, en sjía-múslimar hefja þau hátíðarhöld ekki fyrr en í dag. Víða í Írak voru hátíðarhöldin veigaminni í gær en venjulega, vegna þess hve mikill ótti ríkir nú við átökin í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skrifstofa Blairs neitaði því í gær að hann hefði þrýst á Saleh um að leggja fram ákveðna tímaáætlun um að Írakar tækju sjálfir við stjórn öryggismála, en viðurkenndi þó að viðræðurnar hefðu snúist um að tryggja að framsal öryggiseftirlitsins í hendur Íraka gæti átt sér stað „eins fljótt og auðið yrði“.

Í Bandaríkjunum sagði ennfremur Dan Bartlett, einn af helstu ráðgjöfum Bush forseta, að stjórnin í Írak verði að „standa upp og taka á sig meiri ábyrgð“ í öryggismálum.

Hann neitaði því jafnframt að stjórn Bush væri ósveigjanleg í þeirri stefnu sinni að „halda út“ í Írak þangað til yfir lyki. Þvert á móti hefði stjórnin alltaf verið sveigjanleg varðandi Írak.

Í gær baðst síðan Alberto Fernandez, háttsettur embættismaður í bandaríska utanríkisráðuneytinu, afsökunar á ummælum, sem hann lét falla í viðtali við arabísku sjónvarpsstöðina Al Jazeera á sunnudaginn, þess efnis að Bandaríkjamenn hefðu sýnt af sér bæði „hroka og heimsku“ í Írak.

„Þegar ég las yfir ummæli mín á Al-Jazeera áttaði ég mig á því að mér hefur hrapallega mismælst með því að nota orðalagið „það hefur verið hroki og heimska“ af hálfu Bandaríkjanna í Írak,“ sagði Fernandez, sem er yfirmaður almannatengsla utanríkisráðuneytisins í málefnum Austurlanda nær.

„Þetta endurspeglar hvorki skoðanir mínar né utanríkisráðuneytisins,“ bætti hann við. „Ég biðst afsökunar.“

gudsteinn@frettabladid.is

## Bandarísk nefnd kannar möguleikana

**Samkvæmt upplýsingum, sem í síðustu viku láku úr skýrslu frá bandarískri þingnefnd, sem James Baker fyrrverandi utanríkisráðherra er í forystu fyrir, er veruleg stefnubreyting gagnvart Írak í undirbúningi í bandaríska stjórnkerfinu.**

**1 Stöðugleiki** Bandaríski herinn einbeiti sér að því að koma á stöðugleika í Bagdad en bandaríska sendiráðið fái uppreisnarmenn til að snúa sér að stjórnmálalífi.

*„Sjálfur hef ég trú á því að tala við óvinina.“* - **James Baker**









**2 Viðræður** Fá aðstoð frá Sýrlandi og Íran til að stöðva átökin - sú hugmynd nýtur stuðnings Talabanis Íraksforseta.

**3 Brottflutningur herliðs** Bandaríska herliðið í Írak verði í áföngum flutt til herstöðva utan Íraks. Heraflinn verði áfram til taks í baráttu gegn hryðjuverkasamtökum í þessum heimshluta.

**4 Sambandsríki** Írak verði skipt upp í þrjú sjálfstjórnarhéröð. Samkvæmt umdeildu frumvarpi - sem íraska þingið hefur nú þegar samþykkt, er gert ráð fyrir sjía-héraði í suðri og kúrdahéraði í norðri. Súnníar eru alfarið á móti skiptingu Íraks, því þá sætu þeir uppi með svæði í miðhluta landsins þar sem ekki eru neinar olíulindir eins og í norður- og suðurhlutanum.

Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS





**helmingi léttari!**

*Sykurskerta Kókómjólkin inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.*

*Yfir 80% af mjólkursykrinum hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursóþol.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigríður Ólafsdóttir, náttúrufræðingur

**Kuldinn bítur**

Það er útlit fyrir kaldan þriðjudag, þar sem fer saman vægt frost og gjóla. Nú er allgjört nauðsyn að klæða börnin í ullarsokka, húfu og vettlinga. Þeir sem vilja láta börnunum sínum líða enn betur við leik úti í frostinu ættu að kaupa ullarnærbol en þeir fást t.d. hjá Thorvaldsen basar í Austurstrætinu. Norðlægar áttir verða ríkjandi fram í vikulok.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg gola, 7-9 m/s. Sólríkt að mestu en um kvöldið er útlit fyrir að úrkomuský berist inn að ströndinni.

um hádegi »




» á morgun




Strekkingur á Norður- og Vesturlandi, 14-17m/s. Annars staðar hægari.

» fimmtudagur




Áframhaldandi strekkingur á Norður- og Vesturlandi.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C skúrir | London | 15°C skúrir | Alicante | 26°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 3°C skýjað | París | 16°C skúrir | Mallorca | 25°C léttskýjað |
| Osló | 8°C skýjað | Frankfurt | 16°C skúrir | Algarve | 23°C skúrir |
| Stokkhólmur | 13°C skúrir | Friedrichshafen | 15°C skúrir | Krít | 23°C léttskýjað |
| Gautaborg | 12°C skúrir | Berlín | 19°C skúrir | Las Palmas | 27°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




## > **Saman náum við árangri** – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

**Skrifstofur Samskipa:** Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

SAMSKIP
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

ENNEMM / SÍA / NM23707

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að sjá kvikmyndina Mýrina?*

| | |
|---|---|
| Já | 80,5% |
| Nei | 19,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Er skóladagur barna of langur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Örorkulífeyrisþegar fá lengri frest til að skila inn gögnum vegna skerðingar:

# Lífeyrir óskertur til ársloka

**LÍFEYRISMÁL** Örorkulífeyrisþegar sem urðu fyrir skerðingu í sumar vegna tekjuathugunar lífeyrissjóða sem eiga aðild að Greiðslustofu lífeyrissjóða fá óskertan lífeyri til ársloka 2006. Þetta kom fram í tilkynningu frá Greiðslustofu lífeyrissjóða í gær. Þar kemur fram að fresturinn sem bótaþegum var veittur til að skila inn tilhlítandi gögnum hafi verið ónógur. Því verði veittur lengri frestur til að skila inn gögnunum.

Margir örorkulífeyrisþegar fengu tilkynningu um skerðingu eða niðurfellingu örorkulífeyris vegna þeirrar stefnu lífeyrissjóðanna að greiða aðeins örorku ef bótaþegi hafi orðið fyrir tekjutapi vegna örorkunnar.



**LÍFEYRIR** Mörgum örorkulífeyrisþegum var brugðið þegar þeim var tilkynnt um skerðinguna í sumar.

Þeir bótaþegar sem fengu tilkynninguna voru með hærri tekjur en fyrir orkutap, þó að vísitala neysluverðs eða launavísitala væru notaðar til skýringar. Þessi lenging á frestinum þýðir að þeir fá örorkulífeyri í þrjá mánuði til viðbótar og verður síðasta greiðslan um næstu áramót.

„Það er ólögmætt að skerða veitingu lífeyris eftir á og fyrir því eru mörg fordæmi," segir Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar. „Það þarf að ganga varlega fram í svona málum og það er ekki hægt að segja að það hafi verið gert gagnvart þeim sem fyrir þessari skerðingu verða." **- sgj**

Veiðarnar vekja athygli víða:

# Hvalveiðar á Al-Jazeera

**AL-JAZEERA** Fregnir af hvalveiðum Íslendinga vekja athygli fjölmiðla víðar en í hinum vestræna heimi.

Frétt um veiðarnar prýddi til að mynda forsíðu netmiðils Al Jazeera-sjónvarpstöðvarinnar á sunnudag. Sú fréttastöð er mun þekktari fyrir fréttaflutning af ástandinu í Mið-Austurlöndum og hernaði Vesturlanda í þeim heimshluta.

Í fréttinni er sagt frá því að Íslendingar hafi fyrstir þjóða rofið 21 árs gamalt alþjóðlegt bann við hvalveiðum í atvinnuskyni með því að veiða langreyði á laugardag. **- þsj**


BUBBI
06.06.06




Fíton/SÍA FI019020

Nýtt tilboð til allra áskrifenda í Og1

Afmælistónleikar Bubba Morthens á DVD.
Upplifðu þessa mögnuðu tónleika, aftur og aftur.

Viðskiptavinir í **Og1** fá þennan frábæra tónleikadisk með rúmlega **40% afslætti** eða á aðeins **1.690 kr.** í stað 2.990 kr.

Þetta er aðeins einn af mörgum ávinningum þess að skrá sig í **Og1**.

Verið velkomin í næstu verslun.
Vodafone

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone




**FRÁ HVERAGERÐI** Verðmætum rafmagnstækjum var stolið úr aðstöðu Rauða krossins í Hveragerði aðfaranótt mánudags. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verðmætum stolið frá Rauða krossinum

**Brotist var inn í húsnæði Rauða krossins í Hveragerði aðfaranótt mánudags og þaðan stolið verðmætum. Innbrotsþjófsins er leitað en lögreglan á Selfossi hefur engan grunaðan um innbrotið. Áfall, segir svæðisstjóri Rauða krossins.**

**INNBROT** Brotist var inn í aðstöðu Rauða krossins í Hveragerði í fyrrinótt og þaðan stolið munum að verðmæti nokkur hundruð þúsund krónur. Meðal annars var tveimur fartölvum stolið úr húsinu, skjávarpa, tveimur myndavélum, netsímatæki, Playstationleikjatölvu og peningaveski sem í var lítilræði af peningum.

Lögreglan á Selfossi, sem fer með rannsókn málsins, fékk tilkynningu um innbrotið rétt fyrir hádegi í gær en talið er að brotist hafi verið inn í húsið, sem er við Austurmörk 7, eftir miðnætti í fyrrinótt.

Svanur Kristjánsson, varðstjóri í lögreglunni á Selfossi, segir engan vera grunaðan um innbrotið að svo stöddu. „Við erum að vinna að rannsókn málsins en höfum engan grunaðan um innbrotið. Það voru tekin úr húsinu umtalsverð verðmæti og við vonumst til þess að geta upplýst málið sem allra fyrst. Það er ljóst að á heildina litið nemur verðmæti þessara muna nokkrum hundruðum þúsunda."

> Það er með ólíkindum að atburður af þessu tagi eigi sér stað. Við töpuðum ýmsum verðmætum en hluti þeirra er tryggður.
>
> **JÓHANNA RÓBERTSDÓTTIR**
> SVÆÐISSTJÓRI RAUÐA KROSSINS

Jóhanna Róbertsdóttir, svæðisstjóri Rauða krossins á Suðurlandi og Suðurnesjum, segir þjófnaðinn úr húsnæðinu vera bagalegan fyrir Rauða krossinn. „Það er með ólíkindum að atburður af þessu tagi eigi sér stað. Við töpuðum ýmsum verðmætum en hluti þeirra er tryggður. Það var brotist inn á skrifstofuna mína; engu var stolið þaðan en ýmsir aðrir munir töpuðust, sem vonandi komast í leitirnar.

Lögreglan hefur þegar yfirheyrt fólk sem gat gefið upplýsingar um það hvenær innbrotið hefði getað átt sér stað, en eftir því sem fram hefur komið var ekkert vitni að innbrotinu.

Eigandi fartölvunnar sem var stolið, háskólanemi á þrítugsaldri, saknar fartölvu sinnar og þá sérstaklega gagna sem inni á henni voru og tengjast verkefnum sem hann hefur unnið að um skeið.

Lögreglan á Selfossi biður alla þá sem upplýsingar geta veitt um málið að gefa sig fram eða hringja í síma 480-1010.

**magnush@frettabladid.is**

Mjólkurbúið á Hvammstanga:

# Mjólka íhugar kaup á mjólkurbúi

**LANDBÚNAÐUR** Vegna aukinna umsvifa fyrirtækisins Mjólku íhugar fyrirtækið nú kaup á nýju húsnæði fyrir starfsemi sína. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Mjólka í viðræðum um kaup á Mjólkurbúinu á Hvammstanga sem var lagt niður árið 2002 þegar það sameinaðist Mjólkursamsölunni í Reykjavík. Samkvæmt skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands frá árinu 2004 telja heimamenn „afar brýnt" að koma því aftur í gagnið, eins og segir í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2002.

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, vildi ekki játa né neita því að Mjólka ætlaði að kaupa mjólkurbúið: „Það er ekkert sem við viljum segja neitt um á þessu stigi. Við höfum verið í samskiptum við Hrein Hreinsson eiganda hússins út af ýmsum málum. Það er ljóst að Mjólka þarf að kaupa nýtt hús fyrir félagið en það er spurning hvaða hús við munum kaupa. Þetta kemur allt í ljós, og við finnum fyrir miklum velvilja á landsbyggðinni, meðal annars á Hvammstanga þar sem er mikil þekking á framleiðslu mjólkurafurða," segir Ólafur.



**ÓLAFUR MAGNÚSSON** Framkvæmdastjóri Mjólku neitar því ekki að fyrirtækið velti fyrir sér kaupum á mjólkurbúinu á Hvammstanga.

Hreinn Hreinsson, eigandi mjólkurbúsins, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ég vil ekki ræða að eitt eða neitt sé að eiga sér stað." **- ifv**



120 1886 2006
Farandleikhús Landsbankans
HÁTÍÐARSTEMNING
HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ
Sýningin Brot úr sögu banka
Við fögnum áfram 120 ára afmæli okkar og höldum hátíð í útibúum Landsbankans á höfuðborgarsvæðinu:
Miðvikudaginn 25. okt. kl. 11:30 í Vesturbæ
Miðvikudaginn 25. okt. kl. 15:30 í Breiðholti
Fimmtudaginn 26. okt. kl. 11:30 í Höfðabakka
Fimmtudaginn 26. okt. kl. 15:30 í Hamraborg
Föstudaginn 27. okt. kl. 11:30 í Bæjarhrauni
Föstudaginn 27. okt. kl. 15:30 í Holtagörðum
Mánudaginn 30. okt. kl. 11:30 í Háaleiti
Veitingar í boði og allir hjartanlega velkomnir.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár
Sproti laumar sér með í farandhópinn og syngur, dansar og skemmtir börnunum að sögusýningunni lokinni.

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Til hvaða lands hyggst Hvalur hf. selja kjötið af þeim langreyðum sem veiðast?*

2 *Hvaða breski knattspyrnuleikmaður sem nú spilar í Svíþjóð ætlar að klára ferilinn á Íslandi?*

3 *Ari Alexander er með nýja kvikmynd í burðarliðnum. Á hvaða fræga íslenska glæpamáli er hún byggð?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Íslenskir heilbrigðisstarfsmenn fræða um meðgöngu og fæðingu:

# Fæðingarfræðsla í Afganistan

**HEILBRIGÐISMÁL** Eva Laufey Stefánsdóttir ljósmóðir og Erna Óladóttir hjúkrunarfræðingur eru nú staddar í Afganistan þar sem þær fræða þarlendar yfirsetukonur um meðgöngu, fæðingu og umönnun ungbarna.

Ólöf Ásta Ólafsdóttir, lektor í ljósmóðurfræðum við HÍ, segir að aðstoð á þessu svæði sé mikilvæg, sérstaklega í ljósi þess að mæðra- og ungbarnadauði sé hár í Afganistan. „Þegar aðstoðin er veitt er þó mikilvægt að hún endurspegli þær aðstæður sem eru á svæðinu í stað þess að leggja áherslu á okkar menningu í fræðslunni.“

Friðfinnur Hermannsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, segir verkefnið vera að frumkvæði Ernu Óladóttur, sem nú er stödd í Afganistan, en henni var kunnugt um þörfina á þessu svæði.

„Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hafði síðan milligöngu um málið og var í samskiptum við utanríkisráðuneytið. Í tengslum við verkefnið voru 32 ljósmæðratöskur sendar til Afganistan og er verðmæti þeirra áætlað um 700 þúsund krónur, en í þeim er ýmislegt sem gagnast getur við fæðingarhjálp.“

Friðfinnur útilokar ekki að Heilbrigðisstofnun Þingeyinga komi að svipuðum verkefnum í framtíðinni. - hs



**MÓÐIR OG BARN Í AFGANISTAN** Þegar fræðsla er veitt í Afganistan er mikilvægt að hún endurspegli aðstæður á svæðinu en ekki vestræn gildi.

Héraðsdómur Reykjaness:

# Fangelsisdómur vegna fíkniefna

**DÓMSTÓLAR Maður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft fíkniefni í fórum sínum.**

**Lögreglan fann hass og amfetamín á heimili mannsins í Kópavogi við húsleit í byrjun árs. Hann hafði áður gengist undir sektargreiðslu fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Þá hafði hann hlotið einn dóm fyrir brot af því tagi og var þá sektaður. Loks hafði hann verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir lagabrot. Manninum var gert að greiða sakarkostnað.** - jss

# Niðurstöður rannsóknar ÍE hafa ekki verið staðfestar

**Í nýjasta hefti Nature Genetics segir að ekki hafi tekist að staðfesta niðurstöður ÍE um tengsl ákveðins erfðavísis og heilablóðfalls. Kári Stefánsson segir þetta ekki gagnrýni á rannsókn ÍE.**

**ERFÐAGREINING** Í nýjasta hefti vísindatímaritsins Nature Genetics er birt bréf til ritstjóra blaðsins frá Jonathan Rosand, aðstoðarprófessor í taugalækningum við læknadeild Harvard-háskólans, sem hann skrifar í samstarfi við þrjá aðra fræðimenn. Í bréfinu er því haldið fram að ekki hafi tekist að staðfesta uppgötvun Íslenskrar erfðagreiningar um þátt erfðavísisins PDE4D í heilablóðfölli.

Niðurstöður rannsóknar ÍE á tengslum þessa erfðavísis og heilablóðfalls birtust í sama tímariti fyrir þremur árum og vöktu samstundis mikla athygli. Rannsóknin var mjög umfangsmikil enda voru rúmlega 1.700 Íslendingar rannsakaðir; þar af hafði um helmingurinn orðið fyrir heilablóðfalli. Í niðurstöðunum kom fram að þeim sem hefðu þennan erfðavísi væri þrisvar til fimm sinnum hættara við heilablóðfalli en öðrum.



**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið til að staðfesta niðurstöðu ÍE hefur skort tölfræðilegan mátt segir Kári Stefánsson.

Síðan hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir til þess að reyna að staðfesta niðurstöðu ÍE en það hefur þó enn ekki tekist. Því segir í bréfinu að gildi upprunalegu rannsóknarinnar og þeirra tengsla sem hún sýni fram á séu enn óákveðin.

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segir enga gagnrýni á upprunalega rannsókn ÍE fólgna í þessu bréfi til ritstjórans heldur sé einvörðungu verið að gagnrýna þær rannsóknir sem hafi fylgt í kjölfarið í því skyni að staðfesta niðurstöðu ÍE. „Það kemur fram í svari okkar við þessum skrifum að svona lagað gerist stundum þegar aðrir eru að reyna að sannreyna niðurstöður okkar rannsóknar. Við söfnuðum saman stórum og vel skilgreindum hópi sjúklinga til þess að fá tölfræðilegan mátt í niðurstöðurnar. Svo þegar við birtum okkar niðurstöður þá reyna aðrir að staðfesta það sem við höfum gert.“

Kári segir að þegar niðurstöður líkt og þær sem upprunaleg rannsókn ÍE sýndi liggi fyrir skapist tilhneiging hjá öðrum rannsakendum til að notast við miklu minni sjúklingahópa til að reyna að staðfesta niðurstöðurnar. „Það er bara ekki hægt að gera þetta þannig. Við erum sammála þessari gagnrýni sem þarna kemur fram.“

thordur@frettabladid.is



**KETTIR** Um áramót verða allir kettir á Akranesi að vera skráðir.

Dýrahald á Akranesi:

# Kattaeign verður takmörkuð

**DÝRAHALD** Frá og með áramótum verður kattaeign íbúa Akraness takmörkuð við tvo ketti á heimili. Á sama tíma mun dýraeftirlitsmaður hefja störf í bæjarfélaginu en hlutverk hans verður að hafa eftirlit með dýrahaldi á svæðinu. Lausaganga katta hefur verið nokkurt vandamál á Akranesi og segir Gísli S. Einarsson bæjarstjóri að fylgst sé reglulega með heimilislausum köttum og þeim lógað.

„Frá áramótum verða allir kettir í bæjarfélaginu að vera skráðir og þurfa kattaeigendur þá að sækja um leyfi fyrir dýrum sínum.“ - hs








**AVIGDOR LIEBERMAN** Leiðtogi Yisrael Beiteinu var ánægður þegar hann kom af fundi með Ehud Olmert í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelsku stjórninni bætist liðsauki:

# Samningaviðræður við Palestínumenn enn erfiðari

**ÍSRAEL, AP** „Við erum að ganga til liðs við ríkisstjórnina,“ sagði Avigdor Lieberman, leiðtogi stjórnmálaflokksins Yisrael Beiteinu, eða „Ísrael er heimili okkar“, þegar hann gekk í gær brosandi af fundi með Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels.

Olmert ákvað í gær að styrkja stjórnarmeirihluta sinn með því að fá Yisrael Beiteinu til liðs við stjórnina, en þar með fjölgar þingmönnum stjórnarinnar úr 67 í 78 á samtals 120 manna þingi.

Lieberman er þekktur fyrir harða afstöðu gegn Palestínumönnum og einnig gegn arabíska minnihlutanum í Ísrael. Nú þegar flokkur hans gengur til liðs við Ísraelsstjórn má því búast við að Palestínumönnum reynist enn erfiðara að semja við stjórnina.

Í gær sagðist Lieberman hafa efasemdir um friðarsamninga, þar sem gert er ráð fyrir því að Ísraelsmenn afhendi Palestínumönnum aftur landsvæði, sem þeir hafa tekið af þeim.

„Kannski ættum við að spyrja hvort við ættum að fara aðrar leiðir,“ sagði hann.

Lieberman hefur haft þá afstöðu að skipta ætti við Palestínumenn um land, þannig að í staðinn fyrir landtökubyggðir Ísraelsmanna á Vesturbakkanum fái Palestínumenn þær byggðir araba sem nú eru innan landamæra Ísraels, og svipta þannig í reynd ísraelsku arabana ríkisborgararétti sínum í Ísrael. - gb

# Áfram stelpur!



Launajafnrétti, sömu laun fyrir sömu vinnu, er meginkrafa íslenskra kvenna þegar þær minnast kvennafrídagsins 24. október 1975. Við hjá Alcoa Fjarðaáli styðjum heilshugar réttindabaráttu kvenna, ekki aðeins í orði heldur fyrst og fremst í verki.

Hátæknivætt álver Alcoa Fjarðaáls verður öruggur og góður vinnustaður fyrir konur ekki síður en karla. Launakjörin eru góð og kynbundinn launamunur útilokaður. Markmiðið er að kynjahlutfall verði sem jafnast og aldursdreifing góð. Álverið er hannað þannig að öll störf henti konum. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og krefjast ekki mikilla líkamsburða. Mikið verður lagt upp úr hreinlæti og góðu húshaldi. Vinnan er stöðug og fyrirsjáanleg allt árið um kring. Starfsmenn vinna ýmist á vöktum eða í dagvinnu og einnig verður boðið upp á hlutastörf fyrir fólk sem á erfitt með að vera í fullu starfi.



## 350 konur í heimsókn á kvennadaginn

Sunnudaginn 8. október efndi Alcoa Fjarðaál til sérstaks kvennadags fyrir konur á Austurlandi þar sem þær fengu tækifæri til að skoða vinnustaðinn og kynna sér störf í álverinu. Um 350 konur frá öllum helstu þéttbýlisstöðum á Austurlandi komu í heimsókn og áhugi þeirra á atvinnumöguleikum í álverinu fór fram úr björtustu vonum.



Janne Sigurðsson, Elsa Þórisdóttir og Deirdre Anne Kresfelder, starfsmenn Alcoa Fjarðaáls.

## 96 framleiðslustörf í boði

Við leitum að framleiðslustarfsmönnum sem eiga að hefja störf 1. mars 2007 eða síðar. Ekki eru gerðar neinar ákveðnar kröfur um menntun. Störfin eru fjölbreytt og allir fá tækifæri til að læra og dafna í starfi.

Capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á [illegible] (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á [illegible] og hjá [illegible] og [illegible] ) hjá Capacent í síma 540 1000.

Einnig er hægt að fá aðstoð hjá Svæðisvinnumiðlun Austurlands.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ALC 34663 10/2006








**BYGGINGARSVÆÐI VIÐ SLÉTTUVEG** Hér munu um 100 þjónustuíbúðir rísa ásamt 1.100 fermetra þjónustukjarna.

Íbúðir fyrir eldri borgara:

# Um 200 þjónustuíbúðir rísa

**ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR** Um 200 þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara verða reistar við Spöngina í Grafarvogi og við Sléttuveg í Fossvogi.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, og Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, undirrituðu á dögunum viljayfirlýsingu um byggingu þjónustuíbúða fyrir eldri borgara ásamt fulltrúum frá hjúkrunarheimilinu Eir og Sjómannadagsráði/Hrafnistu.

Þá verður byggð um 3.800 fermetra þjónustu- og menningarmiðstöð í Spönginni og 1.100 fermetra þjónustukjarni við Sléttuveg. **- hs**


**RÆTT UM LEYNIÞJÓNUSTU** Laganemar við Háskólann í Reykjavík stóðu í gær fyrir málfundi um stofnun leyniþjónustu á Íslandi. Meðal framsögumanna var Jóhann R. Benediktsson.

# Auknar heimildir nauðsyn

**Dómsmálaráðherra segir Íslendinga eftirbáta annarra Evrópulanda varðandi forvirka greiningu við rannsókn mála. Sýslumaðurinn í Keflavík segir að verið sé að reyna að auka öryggi borgaranna.**

**ÖRYGGISMÁL** Íslendingar standa ekki jafnfætis öðrum Evrópulöndum þegar kemur að forvirkri greiningu og rannsóknum mála. Þetta kom fram í máli Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á fundi um stofnun leyniþjónustu á Íslandi, sem Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík, stóð fyrir.

Auk Björns fluttu þeir Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, og Lúðvík Bergvinsson alþingismaður erindi á fundinum. Dómsmálaráðherra útskýrði í framsögu sinni hvaða hugmyndir lægju að baki stofnun hinnar svokölluðu öryggis- og greiningarþjónustu ríkisins.

Jóhann R. Benediktsson sagðist eindreginn stuðningsmaður þess að lögregla hér á landi fengi sömu tæki og tól og tíðkuðust annars staðar í hinum vestræna heimi til að berjast gegn glæpum. Hann sagði það nauðsynlegt að umræður um auknar heimildir lögreglu við rannsókn og úrvinnslu mála tækju mið af því að þeir sem ynnu með þær væru að reyna að auka öryggi þjóðarinnar og vernda borgarana.

„Ég kann því illa að vera talinn málsvari hins illa. Ég tel mig vera þeim megin í liðinu sem er að vernda,“ sagði Jóhann.

Lúðvík Bergvinsson sagði að galsi hefði fylgt umræðu um öryggismál á Íslandi og því hefði

> „Ég kann því illa að vera talinn málsvari hins illa. Ég tel mig vera þeim megin í liðinu sem er að vernda.
>
> **JÓHANN R. BENEDIKTSSON**
> SÝSLUMAÐUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

hún ekki fundið sér þann farveg sem svo alvarleg mál ætttu raunverulega að vera í. Hann sagði það sína skýlausu skoðun að til þess að alvöru umræða um þessi mál gæti farið frá hér á landi þyrfti fyrst að upplýsa um hlerunarmálin sem tröllriðið hefðu þjóðfélaginu að undanförnu. Einnig vantaði umræðu um áhættuna og ógnina sem einstaklingum stæði af svona þjónustu. Það væri hans skoðun að þeim glæpum sem væru mest aðkallandi að vinna gegn væri hægt að mæta með því að efla almenna löggæslu. Þá spurði hann þeirrar spurningar hvað hefði breyst í okkar umhverfi sem kallaði á leyniþjónustu nú og velti því fyrir sér hvort slík þjónusta myndi ekki frekar auka ógnina við hryðjuverk hér á landi en að vinna gegn henni.

„Ef efla á valdheimildir ríkis gegn einstaklingum þarf upplýsta umræðu og traust. Umræðu um hvað menn séu að gera og hvers vegna þeir eru að gera það. Slíkt vantar.“ **thordur@frettabladid.is**

**Styðjum Guðfinnu S. Bjarnadóttur í forystusæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík.**



# Þekking Frumkvæði Árangur

**Kjósum Guðfinnu S. Bjarnadóttur í forystusæti.**

**Stuðningsfólk**

Aðalsteinn Haukur Sverrisson • Alda Sigurðardóttir • Anna Guðný Aradóttir • Anna Linda Bjarnadóttir • Anna Sigríður Arnardóttir • Anna Sóley Ásmundsdóttir • Ari Björnsson • Arnar Þór Stefánsson • Aron Ólafsson • Atli Rafn Björnsson • Auður Gunnarsdóttir • Ágústa Helgadóttir • Árni Þór Sævarsson • Ása Björg Árnadóttir • Ásdís Halla Bragadóttir • Ásgeir Bolli Kristinsson • Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason • Ásgeir Ingason • Ásgerður Birna Björnsdóttir • Ásmundur Jónsson • Ásta Bjarnadóttir • Ásta Lára Jónsdóttir • Ástríður Gunnarsdóttir • Bára Þórðardóttir • Berglind Hallgrímsdóttir • Bergþóra K. Ketilsdóttir • Bessí Jóhannsdóttir • Bjarki Már Baxter • Björgvin Sigurðsson • Björn Berg Gunnarsson • Björn Kristinsson • Bolli Thoroddsen • Borgar Þór Einarsson • Borghildur Gunnarsdóttir • Davíð Scheving Thorsteinsson • Davíð Þorláksson • Dilja Mist Einarsdóttir • Eðvald Ragnarsson • Einar Benediktsson • Einar Páll Svavarsson • Elisabeth Lay • Elísabet Ásberg • Elísabet Valgeirsdóttir • Emelía Guðjónsdóttir • Erla Ósk Ásgeirsdóttir • Erlendur Kristjánsson • Eydís Hilmarsdóttir • Fanney Birna Jónsdóttir • Finnur Geirsson • Finnur Oddsson • Freyr Guðmundsson • Frosti Hallfríðarsson • Gísli Guðmundsson • Guðbjörg Þórðardóttir • Guðlaug María Júlíusdóttir • Guðmundur Pétur Bauer • Guðmundur Gunnlaugsson • Guðmundur K. Egilsson • Guðmundur Þorbjörnsson • Guðni Jónsson • Guðrún Árnadóttir • … • Guðrún Hrafnkelsdóttir • Gunnar Andri Sigtry… • …r Einarsson • Gunnar Gunnarsson • Gunnar J… • …unarsson • Gunnar S. Björnsson • Gunnar Þórðarson • Gyða Guðjónsdóttir • Gyða Jóhannesdóttir • Hafdís Sveinsdóttir • Hafsteinn H…gason • Hafsteinn Valsson • … • …lldór Eggertsson • Halldór … • …araldur Briem • Haraldur S… • …ur Gunnarsson • Heiðrún Jónsdóttir • Heiðrún Lind Marteinsdóttir • Helena Hilmarsdóttir • Helga Kristín Auðunsdóttir • Helgi Árnason • Helgi Þórsson • Hildur Árnadóttir • Hildur Hálfdánardóttir • Hilmar Guð… • …Jónsson • Hjörtur Þór Gunnarsson • Hólmar Þó… • …afnhildur B. Baldursdóttir • Hrafnkell Óskarsson • Inga Dóra Sigfúsdóttir • Inga Jóna Jónsdóttir • Inga Lára Hauksdóttir • Ingi Guðjónsdóttir • Ingimundur Sigfússon • Ingvi Hrafn Jónsson • Jóhann Grétarsson • Jóhann J. Ólafsson • Jóhanna Margrét Gísladóttir • Jón Arnar Sigurjónsson • Jón B. Stefánsson • Jón Ívar Hermannsson • Jón Karl Einarsson • Jón Karl Ólafsson • Jón Þór Friðgeirsson • Jóna Gróa Sigurðardóttir • Katla Smith Henje • Katla Þorsteinsdóttir • Katrín Pétursdóttir • Kári A. Þorsteinsson • Kjartan Aðalbjörnsson • Kjartan Ólafsson • Kolfinna Knútsdóttir • Kristín Björk Scheving • Kristín Helgadóttir • Kristín Hulda Sverrisdóttir • Kristín L. Bjarnadóttir • Kristín S. Hjálmtýsdóttir • Kristín Vignisdóttir • Kristín Þorsteinsdóttir • Kristjana Ósk Jónsdóttir • Kristjana Þráinsdóttir • Lilja Ósk Sigurðardóttir • Loftur Már Sigurðsson • Lúðvík Þráinsson • Magna Fríður Birnir • Magnús Magnússon • Magnús S. Fjelsted • Magnús Sigurjónsson • Magnús Torfason • Marta Guðjónsdóttir • Matthías Johannessen • Ólafur B. Thors • Ólafur Hrólfsson • Ólafur Kristinsson • Ólöf Pálsdóttir • Ómar Berg Torfason • Páll Axelsson • Páll Brynjarsson • Páll Hjartarson • Páll Kr. Pálsson • Páll Sigurjónsson • Pétur Gautur • Pétur Kristjánsson • Pétur Sigurbjartsson • Ragnar Bjarnason • Ragnar Sær Ragnarsson • Ragnar Þ. Guðgeirsson • Runólfur Oddson • Rúnar Ingi Einarsson • Sif Sigfúsdóttir • Sigríður Guðmundsdóttir • Sigríður Ingvarsdóttir • Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir • Sigrún Benediktsdóttir • Sigurbjörg Þráinsdóttir • Sigurður H. Sturlaugsson • Sigurður Ingi Jónsson • Sigurður Ívarsson • Sólveig Halldórsdóttir • Stefanía Óskarsdóttir • Stefán Friðrik Stefánsson • Sverrir Haukur Gunnlaugsson • Sæunn Björk Þorkelsdóttir • Sævar Freyr Þráinsson • Tanya Zharov • Toby Sigrún Herman • Torfi Kristjánsson • Tómas O. Hansson • Una Eyþórsdóttir • Unnur María Þorvaldsdóttir • Unnur Pálsdóttir • Valdimar Agnar Valdimarsson • Valgeir Pétursson • Vigfús Knútur Björnsson • Viggó Davíð Briem • Viktor Steinarsson • Vilborg G. Kristjánsdóttir • Vilhjálmur Egilsson • Vilhjálmur Kristjánsson • Villa María Einarsdóttir • Þorgeir Ástvaldsson • Þorkell Ragnarsson • Þorkell Sigurlaugsson • Þorsteinn Ingi Sigfússon • Þorsteinn Jóhannsson • Þóra … • Þórður S. Gunnarsson • Þórður Þórðarson • Þórir Baldursso… • Þórlindur Kjartansson • Þráinn Sigtryggson • Ögmundur Re… …óttir

## Guðfinna S. Bjarnadóttir

**3.** sætið

**www.gudfinna.is**
**gudfinna@gudfinna.is**

KOSNINGASKRIFSTOFA
LANDSÍMAHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL
**Opið virka daga kl. 10:00–20:00**
**Helgar kl. 10:00–18:00**
**Sími 591 1100**



**GUÐIR HYLLTIR** Trúarhátíð stendur nú yfir í Taívan og var þessi kona að kveikja á reykelsum við altari kínverskra guða í höfuðborginni Taípei þegar ljósmyndara bar að. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

50 ára afmælis byltingarinnar í Ungverjalandi minnst í Búdapest:

# Minningarathafnir í skugga mótmæla

**UNGVERJALAND, AP** Lögreglu í Búdapest lenti í gær saman við mótmælendur sem vísað hafði verið frá torgi við þinghúsið þar sem aðalathafnirnar í tilefni af fimmtíu ára afmæli byltingartilraunarinnar gegn sovéska okinu fóru fram.

Mótmælendurnir vilja að ungverski forsætisráðherrann Ferenc Gyurcsany segi af sér eftir að hann viðurkenndi að hafa logið að kjósendum fyrir þingkosningar í vor sem leið.

Þjóðarleiðtogar víða að, þar á meðal frá Íslandi, tóku á sunnudag þátt í hátíðardagskrá í Búdapest, en í gær - þegar rétt 50 ár voru liðin frá því uppreisnin hófst - lögðu fulltrúar ungversku ríkisstjórnarinnar og hinir tignu erlendu gestir blómsveiga að nýju minnismerki um byltinguna við Kossuth-torg. Síðan fór fram minningardagskrá í öldungadeild Ungverjalandsþings. Meðal ræðumanna voru Gyurcsany forsætisráðherra og Jose Manual Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Barroso sagði byltinguna 1956 hafa „kveikt kyndil frelsis“ sem þegar fram liðu stundir átti þátt í að fella alræðisstjórnir í stórum hluta Evrópu. **- aa**



**UPPREISNAR MINNST** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sést hér fjórði frá vinstri í hópi þjóðarleiðtoga á Kossuth-torgi í Búdapest í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Gefur kost á sér í 5.-8. sæti

**PRÓFKJÖR** Glúmur Baldvinsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í 5.-8. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar 2007.



**GLÚMUR BALDVINSSON**

Glúmur er með tvö meistarapróf í alþjóðasamskiptum og BA-próf í stjórnmálafræði og hagfræði. Þá hefur hann starfað sem blaðamaður og fréttamaður í sjónvarpi og starfaði að neyðar- og þróunaraðstoð fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Mið-Austurlöndum, Afríku og á Srí Lanka.

Í dag starfar Glúmur að kynningarmálum fyrir Tryggingastofnun Ríkisins. **- hs**

Apple sendir frá sér viðvörun:

## Veira í nokkrum iPod-spilurum

**TÖLVUR Tölvuveira fylgir hluta þeirra iPod-spilara sem seldir hafa verið síðan 12. september síðastliðinn. Apple, sem framleiðir tónlistar- og myndbandsspilarana, gaf frá sér tilkynningu á dögunum þar sem fram kemur að veira hafi óvart leynst í nokkrum þeirra spilara sem geta spilað myndbönd.**

**Vírusinn heitir RavMonE og ræðst gegn tölvum með Windows-stýrikerfið. Talsmenn Apple segja innan við eitt prósent þeirra spilara sem seldir hafa verið eftir 12. september innihalda veiruna.** **- sþs**



**SELFOSS** Flugumferð er sögð valda ónæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þór Vigfússon á Straumi:

## Vill banna flug

**SVEITARSTJÓRNIR** Þór Vigfússon á bænum Straumi vill að bæjarstjórn Ölfuss banni allt æfinga- og kennsluflug yfir Árbæjarhverfi þar í sveitarfélaginu. Þór hefur einnig sent bæjaryfirvöldum í Árborg bréf varðandi málefni flugvallarins á Selfossi og mikið ónæði af flugumferð um völlinn. Hann hefur enn fremur lagt fram kæru hjá sýslumanninum á Selfossi varðandi brot á heimilisfriði. Þá hafa íbúar á bænum Vogi í Ölfusi einnig kvartað til bæjarstjórnarinnar vegna ónæðis af flugumferðinni. Bæjarstjórn Ölfuss ætlar að leita upplýsinga um málið hjá Flugmálastjórn. **- gar**



**VIÐ STÖRF** Linda segir hugsanlegt að túlka megi niðurstöður rannsóknar sinnar á þann veg að starfsmenn upplifi að þeir fái ekki þá umbun í starfi sem þeim finnst þeir eiga skilið. Myndin er úr safni og tengist efni greinarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Háskólamenntaðir sýna minni hollustu

**Háskólamenntaðir starfsmenn á geðsviði LSH sýna marktækt minni tilfinningabundna hollustu við vinnustað sinn en aðrir starfsmenn geðsviðsins. Það dregur úr skyldubundinni hollustu eftir því sem starfsaldur hækkar.**

**RANNSÓKN** „Í rannsókninni leitaðist ég við að svara þeirri spurningu hvað geri starfsmenn trygga gagnvart vinnustaðnum,“ segir Linda Kristmundsdóttir, deildarstjóri göngudeildar barna- og unglingadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss, sem rannsakaði áhrif starfsaldurs og menntunar á hollustu starfsmanna geðsviðs LHS. Linda segir að skipta megi hollustu upp í þrjá hópa; tilfinningabundna hollustu, stöðubundna hollustu og skyldubundna hollustu. „Tilfinningabundin hollusta er áhugi og vilji til að starfa. Stöðubundin hollusta tengist því að starfsmenn séu hollir vinnustað sínum vegna þess að þeir sjá ekki möguleika á öðru starfi en skyldubundin hollusta tengist því að starfsfólki finnst því bera skylda til hollustu vegna einhvers konar fyrirgreiðslu sem viðkomandi hefur fengið frá vinnustaðnum.“ Rannsókn Lindu er MA-ritgerð í mannauðsstjórnun við viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

> Það er erfitt að umbuna starfsmönnum á opinberum stofnunum þar sem kjarasamningar eru bundnir og lítill sveigjanleiki til að gera betur við einstaka starfsmenn.
>
> **LINDA KRISTMUNDSDÓTTIR** DEILDARSTJÓRI



**LINDA KRISTMUNDSDÓTTIR**

Úrtak rannsóknarinnar var 180 manns og svarhlutfallið var 67 prósent, sem jafngildir því að 120 hafi svarað spurningalistanum.

Eins og áður hefur komið fram sýna háskólamenntaðir starfsmenn geðsviðs marktækt minni tilfinningabundna hollustu miðað við aðra starfsmenn en þess ber að geta að tilfinningabundin hollusta hefur mesta fylgni við frammistöðubundna þætti starfsmanna. Linda segir að niðurstöðurnar kunni að skýrast af því að háskólamenntaðir starfsmenn hafi aðrar væntingar og kröfur til vinnustaðarins og séu frekar trúir sinni fagstétt en vinnustaðnum.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að það dregur úr skyldubundinni hollustu eftir því sem starfsaldurinn hækkar. Hugsanlega má túlka þessar niðurstöður á þann veg að starfsmenn upplifi að þeir fái ekki þá umbun í starfi sem þeim finnst þeir eiga skilið. „Það er erfitt að umbuna starfsmönnum á opinberum stofnunum þar sem kjarasamningar eru bundnir og lítill sveigjanleiki til að gera betur við einstaka starfsmenn.“

Linda segir að í ljósi niðurstaðnanna megi hugsa sér að auka tryggð starfsmanna með því að auka þátt háskólamenntaðra starfsmanna í veigamiklum ákvarðanatökum og umbuna þeim starfsmönnum á opinberum stofnunum sem standa sig vel í starfi og hafi langan starfsaldur.

**hugrun@frettabladid.is**

Formaður Ferðamálaráðs verður við ósk ráðsmanns um fund vegna hvalveiða:

# Óttast ekki orð öfgamanna

**STJÓRNMÁL** Einar Oddur Kristjánsson, formaður Ferðamálaráðs, styður hvalveiðar en skilur áhyggjur forsvarsmanna fyrirtækja í ferðaþjónustu sem telja veiðarnar geta unnið greininni skaða. Hann ætlar að verða við ósk Dags B. Eggertssonar, borgarfulltrúa og ráðsmanns, um að halda fund í Ferðamálaráði og ræða ástand og horfur. Einar vonast til að fundurinn geti orðið á fimmtudag.

Dagur segir stjórnvöld ekki hafa haft samráð við hagsmunaaðila þegar ákveðið var að hefja hvalveiðar og undirbúningur sé allur í skötulíki. „Hundruð fjölskyldna og fyrirtækja sem hafa lagt í fjárfestingar vegna ferðaþjónustu um land allt búa nú við mikla óvissu. Sama er að segja um útflytjendur vöru og þjónustu sem eiga mikið undir ímynd landsins,“ segir Dagur.



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Ég hef fullan skilning á áhyggjum lítilla fyrirtækja í ferðaþjónustu og það er þörf á að róa menn og hvetja þá til að taka þessu af stillingu,“ segir Einar Oddur, sem engu að síður óttast ekki að skaði hljótist af. „Ég held ekki að greinin muni skaðast þrátt fyrir yfirlýsingar nokkurra öfgamanna um þessar veiðar okkar.“ **- bþs**

Stjórnendur í fyrirtækjum:

## Konur rúmlega tuttugu prósent

**ATVINNUMÁL Hlutfall kvenna sem sitja í stjórnum fyrirtækja og gegna stjórnarformennsku er 22 prósent og hefur verið nánast óbreytt frá árinu 1999. Kemur það fram í tölum sem Hagstofan hefur tekið saman yfir framkvæmdastjóra, stjórnarformenn og stjórnarmenn í fyrirtækjum.**

**Á sama tímabili hefur fyrirtækjum með konur sem framkvæmdastjóra fjölgað úr 15,4 prósentum árið 1999 í 18,2 prósent árið 2005. Flestar konur eru framkvæmdastjórar í fyrirtækjum sem eru með innan við tíu starfsmenn og starfa við verslun og þjónustu.** **- sdg**



**INNGANGUR GRAFHÝSISINS** Hinsti hvíldarstaður þriggja múmía. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Fornminjaþjófar:

## Grafhýsi tannlækna finnst

**EGYPTALAND, AP** Ólöglegur uppgröftur þjófa varð til þess að yfirvöld komust á snoðir um 4.200 ára gamalt grafhýsi í Saqqara, tuttugu kílómetra suður af Kaíró. Myndletur við inngang grafhýsisins sýnir auga yfir vígtönn og bendir það til þess að grafhýsið hafi tilheyrt konunglegum tannlæknum.

Þjófarnir fundu grafhýsið fyrir um tveimur mánuðum og hófu uppgröft. Þeir virðast ekki hafa tekið eftir myndletri sem sýnir snáka og krókódíla, en það merkir að á grafhýsinu hvíli bölvun. Þjófarnir voru allir gripnir og fangelsaðir. **- tg**

**ÞÝSKALAND**

### Berlín fær ekki fjárstuðning

Þýski stjórnlagadómstóllinn í Karlsruhe hefur úrskurðað að borgarsjóður Berlínar, sem skuldar sem svarar um 5.200 milljörðum króna, sé ekki nógu illa staddur til að eiga tilkall til sértækrar fjárhagsaðstoðar úr sambandsríkissjóðnum. Borgarstjórinn Klaus Wowereit hafði fært rök fyrir slíkum stuðningi með vísan til þess að fjárhagsvandinn ætti rætur í sameiningunni eftir fall múrsins.

# tilboðin í nettó

## ennþá betri verð







## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 24. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

www.icelandexpress.is

# Nýjar línur fyrir næsta sumar!

6 NÝIR ÁFANGASTAÐIR!

## Flugáætlun Iceland Express fyrir sumarið 2007 fer í sölu í dag kl. 12.

Iceland Express býður gleðilegt sumar. Nei, við erum ekki að ruglast. Þó að fyrsti dagur vetrar sé nýliðinn, bjóðum við óhikað gleðilegt sumar því í dag fer flugáætlun Iceland Express fyrir sumarið 2007 í sölu.

Við höfum líka fleiri ástæður til að gleðjast. Í dag bætast sex nýir áfangastaðir í Evrópu við ferðaflóru Íslendinga: París, Bergen, Ósló, Eindhoven, Basel og Billund. Áfangastaðir Iceland Express verða þá orðnir fjórtán talsins. Sala flugmiða á alla áfangastaði Iceland Express sumarið 2007 hefst í dag kl. 12.

Þú þekkir þetta: **Þeir fyrstu sem bóka fá lægstu verðin.**

## 6 nýir áfangastaðir!

- **París** þarf vart að kynna, fögur og rómantísk heimsborg, iðandi af litríku mannlífi og menningu.
- **Ósló**, hjarta Noregs og miðstöð menningarlífs, stjórnsýslu og viðskipta frændþjóðar okkar.
- **Bergen**, skemmtileg strandborg, vel geymt leyndarmál – en ekki mikið lengur!
- **Basel** í Sviss er á bökkum Rínar, miðpunktur Mið-Evrópu: Frakkland, Þýskaland og Ítalía innan seilingar.
- **Billund** í Danmörku er vinalegur og fjölskylduvænn bær sem býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna! Sala hefst síðar.
- **Eindhoven** í Hollandi er vel í sveit sett, aðeins um klukkustundar ferð til Brussel, Rotterdam, Amsterdam og Düsseldorf.

SALA HEFST KL. 12:00

VERÐ FRÁ:
7.995 kr.*
*Aðra leið með sköttum.

BÖRN:
50%**
**Börn, 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá 50% afslátt af verði flugmiða án skatta.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA FI118659







Það er ekki í anda Iceland Express að horfa um öxl, við erum meira fyrir að horfa fram veginn. En svona hefur fljúgandi ferð Iceland Express verið, síðan við fórum í loftið í fyrsta sinn þann 27. febrúar 2003. Við trúum því varla sjálf hvað landslagið í samgöngumálum Íslendinga hefur breyst mikið á 40 mánuðum.

## „ORÐRÉTT“

### Opna bókhaldið

**„Þegar mönnum verður hugsað til meintra milljarðaeigna Kristjáns Loftssonar vaknar enn og aftur krafan um að fjárreiður stjórmálaflokkanna verði gerðar opinberar.“**

HALLGRÍMUR HELGASON UM HVALVEIÐAR.

**Fréttablaðið 23. október.**

### Niðurlægjandi

**„Mér finnst þetta niðurlægjandi, ekki bara fyrir Bandaríkjamenn heldur finnst mér niðurlægjandi að svona stefna skuli yfirleitt finnast meðal siðmenntaðra ríkja í veröldinni.“**

GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON UM BANDARÍSK LÖG SEM LEYFA „HARKALEGAR“ YFIRHEYRSLUAÐFERÐIR.

**Fréttablaðið 23. október.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUNNAR HANSSON LEIKARI

## *Frímann aftur á stjá*



„Það er allt að frétta núna, allt í gangi!,“ segir Gunnar Hansson leikari sem leikur Frímann Gunnarsson í Sigtinu. „Fyrsti þáttur í annarri seríu af Frímanni verður sýndur á Skjá einum á fimmtudaginn. Þátturinn heitir Sigtið án Frímanns Gunnarssonar, sem þýðir að Frímann hefur gloprað sjónvarpsþættinum úr höndunum og við fylgjumst með honum reyna að fóta sig á ný. Hver þáttur er sjálfstæð saga. Frímann mun meðal annars setja upp leikrit, skrifa bók, veikjast alvarlega, lenda í ástarsambandi og ferðast um bensínstöðvar landsins með Listalestinni. Við tókum upp átta þætti á fjórtán dögum í ágúst, en vorum að skrifa þetta í allt sumar, lögðum mikið í forvinnsluna. Við forsýndum fyrsta þáttinn fyrir starfsmenn Skjás eins í gær og viðbrögðin voru góð, mikið hlegið. Ég er ferlega ánægður með að Skjárinn skyldi taka slaginn og vilja framleiða aðra seríu, af því fyrsta serían var lengi í gang og fólk var ekki að kveikja á húmornum fyrr en eftir fimm til sex þætti. Nú vonum við að allir séu búnir að kveikja og fleiri bætist við. Við vonum að fólk elski að þola ekki Frímann. Fyrir utan þetta er ég að sjá um barnaþáttinn Vitann tvisvar í viku á Rás eitt og svo er bara allt á fullu í leikhúsinu. Við vorum einmitt að frumsýna Amadeus um helgina en þar leik ég slúðurbera Salieris.“

## KÓREA: ÁSTARSTÓLL

■ Nú geta latir glaðst því í Kóreu er kominn á markað „Draumaástarstóllinn“. Í honum má stunda ástarleiki áreynslulaust því vélknúinn stólinn sér um alla hreyfinguna. Stólinn má stilla á ýmsa vegu fyrir mismunandi stellingar og segir framleiðandinn að með þessu gefist notendum meira næði til að njóta ásta og ekki þurfi að eyða óþarfa orku í dýrslegu svitamóki. Framleiðandinn segir stólinn ekki bara tilvalinn fyrir lata heldur líka fyrir fatlaða og feita.



## SJÓNARHÓLL

ERFIÐARI BÖRN

### *Foreldravandamál*

„Ef börn eru erfiðari nú en áður er það fyrst og fremst vegna þess að foreldrarnir hafa ekki tíma til að sinna þeim. Þetta er foreldravandamál,“ segir Þorgrímur Þráinsson rithöfundur, en ný rannsókn leiðir í ljós að meirihluti starfsmanna skóla telur börn erfiðari nú en fyrir tíu árum. „Þetta er ekkert flókið. Foreldrar þurfa að forgangsraða upp á nýtt og hætta þessu kapphlaupi við að eiga fyrir betri bíl, stærra húsnæði og finna dóti með tilheyrandi vinnuálagi og sinnuleysi gagnvart börnunum. Fólk er bara upp til hópa svo miklir egóistar og það vill gleyma því að það á börn. Til að snúa þessari þróun við þarf fólk einfaldlega að byrja að sinna börnunum sínum almennilega og ala þau upp í fallegu og hlýlegu umhverfi.“



**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON** Rithöfundur

# Kakkalakkaklám á Laugavegi

**Í galleríi Kling og bang á Laugarvegi stendur nú yfir samsýningin Invasionistas. Þar má sjá myndband sem meðal annars sýnir einn listamanninn serða plastkakkalakka. List eða rugl? Og er kannski bara öllum alveg sama?**



**ERLING KLINGENBERG** Fólk er orðið sjóað í pornografískum sjokkelementum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HRAFNHILDUR ARNARDÓTTIR** Fer fyrir listahópnum Invasionistas. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**KAKKALAKKI KYNLÍFSLEIKFANG** Snýr upp á almannavitund okkar allra FRÉTTABLAÐIÐ/GLH

Svo virðist sem fátt hneyksli lengur í listunum. Kannski er búið að sjokkera og hneyksla fólk það oft að það nennir ekki að vera hneykslað og sjokkerað lengur. Það er búið að gera listaverk með sæði, blóði, hægðum, hlandi, biblíunni og öllum öðrum trúartáknum, líkum (af fólki og dýrum), kynfærum, ofbeldi og klámi – en það er sama hvaða vinkla listamennirnir finna: Fáir kippa sér lengur upp við listina. Þar fyrir utan er yfirlýst markmið fæstra listamanna að hneyksla.

Nú stendur yfir sýningin Invasionistas í galleríi Kling og bang á Laugarvegi. Invasionistas er átta manna hópur listamanna af ýmsum þjóðernum sem starfar í New York. Hrafnhildur Arnardóttir, sem kallar sig Shoplifter, er sérlegur leiðtogi listamannanna og stýrir aðgerðum frá miðri New York-borg. Margt sérkennilegt má sjá á sýningunni. Menn gretta sig og stynja á vídeóskjám og úrklippur úr klámblöðum þekja nokkra veggi í kjallaranum eins og stundum má finna á dekkjaverkstæðum. Mesta athygli hlýtur þó myndbandsverk sem sýnt er á fyrstu hæðinni að vekja. Myndina tók og klippti hópurinn í Reykjavík í síðustu viku. Þar sjást listamennirnir reka nokkra krakka áfram í Öskjuhlíðinni, baula „úúúú“ á ýmsum stöðum og ein listakonan sleikir tærnar á kristslíkneski Bertels Thorvaldsen á Bessastöðum. Hápunktur og lokaatriði myndbandsins er þegar fjöllistamaðurinn Michael Portnoy riðlast á plastkakkalakka sem búið er að festa svört gervisköp á og dreifir lífsýnum sínum að lokum yfir skordýrið. Yfirlýst markmið sýningarinnar er „að snúa upp á almannavitund okkar allra“ og enn fremur segir í sýningarskrá að ætlun Invasionistas sé að kanna merkingu innrásar almennt og hvernig hún endurspeglist í veröldinni, í íslensku sögunni og í blindgötustjórnmálum veldis heimalands síns.

Erling Klingenberg er einn af safnstjórum Kling og bang. „Jú, það varð nú eiginlega uppi fótur og fit þegar við fréttum af þessu kakkalakkaatriði og við gerðum hvað við gátum til að koma upp viðvörunum fyrir börn og viðkvæma,“ segir hann. „Mér skilst að innblásturinn fyrir þessu atriði sé kominn frá kakkalakkavandamálinu uppi á Keflavíkurvelli.“ Erling segir engan hafa hneykslast á myndbandinu ennþá. „Ég er oft hissa á því á hverju fólk hneykslast. Fólk virðist vera orðið mjög sjóað í svona pornógrafískum sjokkelementum. Sem betur fer klipptu þau út atriði sem var tekið upp í Bessastaðakirkju. Ég kýs að fara ekki nánar út í það. Þau voru með innrás á Þingvöllum og hjá Geysi og á fleiri stöðum og það á að vinna stærri mynd upp úr þessu. Það kemur sterkt upp í manni Íslendingsstoltið og maður er smá hneykslaður þegar verið er að gera eitthvað sem er alveg á mörkunum á Þingvöllum og þessum nánast helgu stöðum.“

Invasionistas stendur til 5. nóvember.

**gunnarh@frettabladid.is**

## TÍU SJOKK ÚR LISTASÖGUNNI

**1917:** Michael Duchamp skelfir listaheiminn með því að kynna hlandskál sem listaverkið „Gosbrunnur“.

**1961:** Piero Manzoni kúkar í 90 áritaðar og númeraðar niðursuðudósir. Tate-safnið keypti nýverið dós á nærri þrjár milljónir króna.



**1980:** Min Tanaka vekur mikla athygli á Listahátíð með því að dansa nakinn með liminn í gifsvafningi í miðbæ Reykjavíkur.



**1981:** Gjörningahópurinn Bruni BB hálsheggur hænu með pappírsskera í Nýlistasafninu.

**1989:** Verk Andres Serrano, Piss kristur, ljósmynd af Jesús á krossinum í hlandi listamannsins, vekur reiði.

**1994:** K Foundation (Bill Drummond og Jimmy Cauty) brennir eina milljón punda í reiðufé og er bálið tekið upp á myndband.

**1998:** Egill Sæbjörnsson fróar sér á myndbandi á Kjarvalsstöðum.

**2000:** Snorri Ásmundsson sýnir málverk af Nonna og Manna og Mjallhvíti og Matta og patta á Losta 2000 á Akureyri.

**2001:** Ragnar Kjartansson frumsýnir myndbandið Ég og móðir mín, sem sýnir Guðrúnu Ásmundsdóttur skyrpa framan í Ragnar í 10 mínútur.



**2001:** Wolfgang Flatz hendir flugeldafylltum nautsskrokki úr þyrlu í Berlin á meðan hann dinglar sjálfur blóðugur neðan í krana.


## Nýjung í ræstingum

Unilav ræstitæki með 40 cm moppugrind

### Á tilboði




**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6214



# Diddú veit hvað hún syngur!

Diddú er einn af okkar bestu viðskiptavinum. Í áraraðir hefur hún valið heyrnartækin og þjónustuna sem við bjóðum og notið góðs af reynslu og þekkingu starfsfólks okkar. Eins og hún segir sjálf: „Ég gæti ekki sungið án þeirra“. Komdu með heyrnartækin þín og berðu þau saman við úrvalið hjá okkur. Verðið og gæðin eiga eftir að koma þér á óvart.

- Heyrnartæki
- Heyrnarmælingar
- Sala, ráðgjöf og viðgerðarþjónusta

**HEYRNARSTÖÐIN**
KRINGLUNNI

Læknastöðin 3. hæð • Tímapantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is

## Svona erum við

> Hlutfall karla og kvenna sem framkvæmdastjórar fyrirtækja árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** LÖG UM HERDÓMSTÓLA OG YFIRHEYRSLUR

# Að miklu leyti túlkunaratriði

Bandaríkjaforseti hefur undirritað lög um nýjar reglur í yfirheyrslum og að réttað verði yfir mönnum sem grunaðir eru um hryðjuverk fyrir herdómstólum. Lögin, sem upphaflega voru gagnrýnd fyrir að stangast á við Genfarsáttmálann, hafa tekið breytingum í þingsölum.

**Hverju var helst mótmælt í lögunum?**

Því var mótmælt að sakborningar áttu til að mynda ekki að fá aðgang að öllum sönnunargögnum í máli sínu og þar af leiðandi hefði verið hægt að dæma þá seka um hluti sem þeir gætu aldrei reynt að afsanna með góðu móti, hvort sem þeir hefðu verið sekir eða saklausir. Samkvæmt endurskoðuðum lögum munu sakborningar hafa aðgang að flestum gögnunum, utan atriði sem saksóknari ákveður að gætu verið notuð til



að auðvelda hryðjuverk í framtíðinni. Einnig var „pyntingarákvæðum“ mótmælt, en þau hafa nú verið milduð og hefur herinn minna svigrúm til að neyða fanga til játninga.

**Hvað má herinn ganga langt í pyntingum?**

Lagafrumvarpið er flókið og orðalagið fremur tvírætt. Því er nákvæm útlistun á því að nokkru háð túlkun. Nokkrar pyntingaraðferðir eru til að mynda bannaðar hreint út, en síðan er það forsetans að ákveða hvort ýmsar aðrar aðferðir séu innan ramma laganna eða ekki. Sem dæmi kveða lögin ekki á um hvort leyfilegt sé eða löglaust að láta fanga halda að hann sé að drukkna.

**Hvað þýðir þetta fyrir fangana í Guantanamo-herstöðinni?**

Í Guantanamo eru 450-500 fangar. Enn er ekki vitað hvort eða þá hvenær þeir verða sóttir til saka, þrátt fyrir hin nýju lög. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur ákært tíu þeirra og undirbýr ákæru á hendur 65 föngum til viðbótar. Bush-stjórnin hefur haft á prjónunum að kæra 75 fanga í Guantanamo. Ekki er vitað um framtíð þeirra 350 fanga sem ekki stendur til að ákæra.

## SPURT & SVARAÐ

LEIÐARKERFI FYRIR NEYTENDUR



GÍSLI TRYGGVASON
Talsmaður neytenda

### *Fyrirtæki verða við tilmælum*

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur lagt til að Alþingi samþykki þegar í stað lagabreytingu sem komi í veg einokun í mjólkuriðnaði. Gísli segir að með virkri samkeppni sé hagsmunum neytenda best borgið.

**Hvert er hlutverk talsmanns neytenda?**

„Hlutverkið er þríþætt: að hafa áhrif til úrbóta varðandi reglur um neytendur, að kynna réttarreglur sem varða neytendur og standa vörð um hagsmuni neytenda.“ Gísli segir að í bígerð sé að hanna leiðarkerfi fyrir neytendur þar sem þeir geti fengið upplýsingar um færar leiðir í kerfinu.

„Til mín leitar fjöldi einstaklinga til að kanna réttarstöðu sína sem neytenda og í þeim tilfellum leiðbeini ég fólki um hvaða leiðir eru færar.“

**Er árangur sjáanlegur í starfinu?**

„Já, ég hef komið tilmælum til fyrirtækja sem öll hafa orðið við tilmælunum.“ Sem dæmi um tilmæli nefnir Gísli að fallist hafi verið á að birta ekki allt greiðslukortanúmerið eða gildistíma greiðslukorta á kvittuninni.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Demókrötum spáð kosningasigri

**Þingkosningar verða haldnar í Bandaríkjunum í byrjun nóvember og telja fréttaskýrendur yfirgnæfandi líkur á því að demókratar muni bera sigur af hólmi.**



**KOSNINGABARÁTTAN Í FULLUM GANGI** Öldungadeildarþingmaðurinn Edward Kennedy er nú, líkt og fjölmargir aðrir Bandaríkjamenn, önnum kafinn við kosningabaráttuna. Kennedy, sem tók við sem þingmaður af bróður sínum John F. Kennedy þegar sá var kosinn forseti árið 1962, er demókrati, en skoðanakannanir benda til þess að flokkur hans muni fara með sigur af hólmi yfir Repúblikönum í þingkosningunum sem fram fara 7. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Repúblikanar, flokkur George W. Bush Bandaríkjaforseta, eiga nú á brattann að sækja þegar tæpar tvær vikur eru til þingkosninga. Sýna nýjustu skoðanakannanir að flokkurinn er jafnvel farinn að tapa fylgi hvítra heittrúaðra mótmælenda, sem hingað til hafa verið einir dyggustu stuðningsmenn hans eins og fullyrt var í tímaritinu Newsweek um helgina.

Aðrir Bandaríkjamenn hafa einnig sífellt minna álit á flokknum, eins og ítrekað hefur komið fram í skoðanakönnunum.

**Þingkosningar**

Í kosningunum, sem haldnar verða 7. nóvember, verður kosið um þriðjung þingsæta öldungadeildarinnar, sem eru hundrað alls, og öll þingsæti fulltrúadeildarinnar, 435 talsins. Einnig er kosið um ríkisstjóra í 36 ríkjum.

Demókratar þurfa að bæta við sig fimmtán sætum í fulltrúadeildinni til að ná meirihluta, en sex í öldungadeildinni.

Repúblikanar hafa haft meirihluta í báðum deildum þingsins, en nú sýna skoðanakannanir að allar líkur séu á því að demókratar nái meirihluta í fulltrúaþinginu og hugsanlega einnig í öldungadeildinni.

Fari svo að demókratar nái meirihluta missir ríkisstjórn George W. Bush mikinn styrk, því þá neyðist hún til að hafa stuðning demókrata til að koma málum í gegn í þinginu.

„Ef hann missir aðra þingdeildina mun Bush forseti hefja sín síðustu tvö ár illa særður,“ sagði David Gergen, fyrrum ráðgjafi í Hvíta húsinu og prófessor við Harvard-háskólann, í samtali við fréttamenn AP-fréttastofunnar. „Hann mun geta sagt nei við lagafrumvörpum demókrata, en hann mun ekki geta sagt já við sínum eigin frumvörpum,“ sagði Gergen.

Afleiðingin yrði nánast örugglega sú að mikið yrði deilt um öll þau mál sem kæmu fyrir þingið næstu tvö árin, en fátt kæmist til framkvæmda. Eins mætti gera ráð fyrir því að stjórnin og gerðir hennar myndu sæta víðtækum rannsóknum.

**Helstu málin**

Ein aðalástæðan fyrir minnkandi fylgi repúblikana, og eitt helsta málið á dagskrá frambjóðenda, er Íraksstríðið. Það nýtur æ minni hylli Bandaríkjamanna og ekki bætir úr skák að um helgina bárust þær fregnir að það sem af er októbermánuði hafa áttatíu bandarískir hermenn farist í Írak. Frá innrás bandamanna inn í Írak í mars 2003 hafa alls 2.786 bandarískir hermenn fallið, samkvæmt tölum bandaríska varnarmálaráðuneytisins. Bush virðist sjá ofbeldisölduna í Írak í víðara samhengi en margir því í síðustu viku sagði hann uppreisnarseggi í Írak hafa aukið ofbeldi gegn Bandaríkjaher á síðustu vikum í því skyni að hafa áhrif á komandi kosningar.

Ekki bætir úr skák að margir repúblikanar eru nú farnir að leita leiða til að fjarlægja sig frá Bush, sem nýtur afar lítilla vinsælda meðal þjóðar sinnar, og eru þegar farnir að leita að hugsanlegum forsetaframbjóðenda fyrir kosningarnar 2008.

**Erfiðleikar repúblikana**

Önnur mál sem snúa höfðum kjósenda æ meir frá repúblikönum og til demókrata eru hin mörgu hneykslismál sem upp hafa komið innan Repúblikanaflokksins undanfarið.

Eins og Michael T. Corgan, dósent í alþjóðasamskiptum við háskólann í Boston og gistikennari við Háskóla Íslands, benti á í samtali við blaðamann Fréttablaðsins í gær háði Repúblikanaflokkurinn síðustu kosningabaráttu sem siðsami flokkurinn.

Ásýnd flokksins beið hnekki þegar hvert hneykslismálið hóf að reka annað, allt frá fjármálaspillingu til kynlífshneykslis.

Þar ber einna hæst ósiðleg skilaboð sem fyrrum þingmaðurinn Mark Foley sendi unglingspiltum sem starfa innan þingsins. Eftir að upp um þau komst, bar hann því við að hafa verið kynferðislega misnotaður þegar hann var barn og fór svo í áfengismeðferð.

En skaðinn var skeður, eins og skoðanakannanirnar benda til.

**Íraksstríðið**

Nái demókratar meirihluta gæti það reynst Bush afar erfitt að halda samstöðu þingsins um Íraksstríðið umdeilda.

Það gæti reyndar reynst erfitt á hvorn veginn sem kosningarnar fara, því þótt Bush sé enn harðákveðinn í að heyja „langa stríðið“ fer fylgi flokksbræðra og -systra hans við átökin ört minnkandi.

En fréttaskýrendur benda nú á að meirihlutastjórn demókrata gæti í raun reynst ein besta lausnin í hvað varðar stríðið.

Þótt Bush hefði lítil ítök heima fyrir, þá hefði hann meiri sveigjanleika til að finna leið út úr Írak, líkt og sífellt fleiri Bandaríkjamenn kalla eftir, að sögn Stephen Wayne, stjórnmálaprófessors við Georgetown-háskólann.

„Ef hann kysi að draga úr íhlutun (Bandaríkjanna) í Írak, þá myndu demókratar segja „Við sögðum þér þetta,“ en repúblikanar myndu segja, „Takk“,“ sagði Wayne.

## Kosningar í Bandaríkjunum

Að þessu sinni virðast kosningarnar sem fram fara í nóvember snúast að mestu leyti um það hvort repúblikönum takist að halda meirihluta sínum bæði í efri og neðri deild þingsins.

Kosið er í öll 435 sæti fulltrúadeildar þingsins og þurfa Demókratar að bæta við sig 15 sætum til að ná meirihluta.

Kosið er um þriðjung sætanna í öldungadeildinni, sem alls eru 100, og þurfa demókratar að ná sex sætum til viðbótar við þau sem þeir þegar hafa til að hafa meirihluta.

Jafnframt er kosið um ríkisstjóra í 36 ríkjum.

## Helstu málin

- Íraksstríðið
- Verð á bensíni og olíu
- Umhverfisverndun og gróðurhúsaáhrifin
- Innflytjendamál
- Hneykslismál innan Repúblikanaflokksins.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

FRJÁLSI
FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU
Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is
VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%
Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006
Fíton/SÍA

HONDA
The Power of Dreams



Kynntu þér hvernig **CR-V**
skarar framúr í öllum árstíðum





Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
verð frá aðeins:
28.631 kr.
á mánuði*

3.149.000 kr.

**ÞÚ VELUR.**
**VIÐ SETJUM Á.**
**200.000** kr.
**aukahlutapakki**
þar sem þú velur aukahlutina fylgir öllum nýjum CR-V.

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á niðdimmum vetrarmorgni eða að víðáttumiklu og fallegu vatni yfir sumartímann. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið þitt. **Komdu og sjáðu hvernig CR-V skarar fram úr í öllum árstíðum.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

*Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hegðun barna bætt með skólaskiptum:

## Afskiptaleysið verður dýrkeypt

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Mála sannast er að þjóðfélagið hefur tekið miklum breytingum. Þó að skólarnir hafi sannarlega þróast eins og annað bendir margt til að þeir hafi ekki í nægjanlega ríkum mæli tekið mið af nýjum samfélagsháttum. Þeir eru bundnir í kerfi sem um margt er of svifaseint.

Hegðunarvandi er eitt af einkennum nútímasamfélagsins. Agaleysi og eirðarleysi blasir við hvert sem augum er litið. Síðustu mánuði hefur kastljósinu verið beint að bágri umferðarmenningu. Hún er þó aðeins eitt dæmi um rótgróinn hegðunarvanda.

Í frétt í þessu blaði liðinn sunnudag er greint frá markverðri rannsókn á hegðunar- og agavandamálum í grunnskólum. Könnunin er unnin af prófessor Ingvari Sigurgeirssyni og Ingibjörgu Kaldalóns, verkefnisstjóra við Kennaraháskólann.

Í ljós kemur að í fimmtungi skólanna hvíla agavandamál þungt á starfsfólki. Í öðrum fimmtungi er vandi af þessu tagi hins vegar hverfandi. Þessi einfalda tölfræði sýnir með afar glöggum hætti að hér er um að ræða viðfangsefni sem ekki er unnt að loka augunum fyrir.

Mikilvægast af öllu er að kerfið sjálft standi ekki í vegi fyrir breytingum. Skólastarfið á að fara fram á forsendum barnanna. Skólarnir eru fyrir þau. Mikilvægt er að þeir séu uppteknir af börnunum en ekki sjálfum sér.

Höfundar könnunarinnar benda á að sálfræðingar eru meira og minna bundnir við að greina vanda. Þeir hafa því ekki tíma til að vinna með börnum til að bæta líðan þeirra.

Það er einnig athyglivert að í þeim skólum þar sem vandamálin voru minnst var viðhorf til foreldra og samband jákvætt og foreldrastarf öflugt. Dæmi komu fram um að hegðun barna sem greind voru með agavanda batnaði við það eitt að skipta um skóla.

Niðurstaða þeirra sem gerðu rannsóknina var sú að bæta þyrfti skólana og breyta starfsháttum með tilliti til þess hversu gríðarlega viðvera barna hefur aukist. Hér eru send skýr skilaboð sem taka þarf mark á. Skólastarfið þarf einfaldlega að fella betur en verið hefur að nýjum þjóðlífsháttum.

Dagleg viðvera barna í leikskólum og grunnskólum hefur lengst, meðal annars vegna aukinnar atvinnuþátttöku beggja foreldra. Þeirri þróun á ekki að snúa við. En bæði heimilin og skólarnir verða hins vegar að taka á þeim viðfangsefnum sem leiða þar af. Og atvinnufyrirtækin eru ekki undanskilin þegar leita á lausna.

Að gefnu þessu tilefni er sérstök ástæða til að beina athygli að þeim skólum sem náð hafa bestum árangri varðandi aga og hegðun. Í því sambandi má til að mynda nefna Hjallastefnuna. Hún rekur bæði leikskóla og grunnskóla fyrir yngstu aldurshópana þar sem farnar hafa verið nýjar leiðir með augljósum árangri.

Hér er um sjálfstætt starfandi skóla að ræða þar sem nýjar hugmyndir og frumkvæði að nýjum lausnum hafa fengið greiðan framgang. Með breyttri löggjöf hefur sjálfstætt starfandi skólum verið gefið aukið svigrúm.

Mikilvægt er að auðga flóru skólasamfélagsins með þessum hætti. Atvinnufyrirtæki mættu gefa fjárfestingum á því sviði meiri gaum en verið hefur. Víst er að afskiptaleysi um þessi efni verður keypt dýru verði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

4. SÆTI

Ágúst Ólafur Ágústsson
varaformaður Samfylkingarinnar



„Svo maður hrósi nú einhvern tíma einhverjum, þá hefur sá ungi þingmaður flutt furðu mörg góð mál á þinginu.“
Illugi Jökulsson í pistli í Blaðinu 21. okt. 2006

- Afnám fyrningarfresta í kynferðisafbrotum gegn börnum — 22.000 undirskriftir hafa safnast til stuðnings frumvarpinu
- Löggjöf um óháðar rannsóknarnefndir
- Löggjöf gegn heimilisofbeldi
- Aukin vernd heimildarmanna fjölmiðla

Traustur efnahagur — aukin velferð | www.agustolafur.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Árni varaformaður

Það fór eins og spáð hafði verið; Árni Þór Sigurðsson Vinstri grænum var kjörinn varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi stjórnar á föstudag. Eins og margir muna studdu Vinstri grænir Halldór Halldórsson Sjálfstæðisflokki í kosningu um formann Sambandsins en Smári Geirsson Samfylkingunni sóttist einnig eftir embættinu. Kom afstaða VG nokkuð á óvart enda fyrirfram búist við að hjarta þeirra væri meira í takt við Samfylkinguna en Sjálfstæðisflokkinn. Í kjölfarið var svo skrafað um að í staðinn fyrir stuðninginn fengi Árni Þór varaformannsembættið og það gekk sumsé eftir.



### Stórfrétt

Það gerist einstaka sinnum á ári að Ríkissjónvarpið rýfur hefðbunda dagskrá eða útsendingu stillimyndar og flytur aukafréttatíma í hádeginu. Eru þá jafnan stórfréttir á ferð, ýmist úr samfélaginu eða heiminum öllum, og almennt talið að þjóðin geti ekki beðið til kvölds með að fá fréttirnar. Stjórnendur Sjónvarpsins mátu stöðuna einmitt þannig á sunnudag og buðu upp á sérstakan fréttatíma með myndum af mönnum við hvalskurð og viðtölum við forstjóra Hvals, sjávarútvegsráðherra og sérfræðing Hafrannsóknastofnunarinnar. Sama stofnun sá hins vegar ekki ástæðu til að rjúfa dagskrá og segja þjóðinni fréttir af jarðskjálfta á Suðurlandi sumarið 2000.

### Rífandi gangur

Frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík bera sig vel. Flestir halda úti heimasíðum og eru duglegir við að upplýsa lesendur um góða stemningu og mikinn áhuga á framboði sínu. „Stöðugur straumur“, „húsfyllir“, „mikil stemning“, „mögnuð stemning“, „fjölmenni“ og „viðtökur betri en við þorðum að vona,“ eru meðal lýsinga frambjóðendanna á eigin prófkjörsbaráttu. Menn telja því almennt að eftirspurnin sé mikil en svo er bara að sjá hvort vonir þeirra gangi eftir. Það ætti að skýrast upp úr sex á laugardag þegar fyrstu tölur verða tíundaðar.



bjorn@frettabladid.is

## Óþolandi misskipting og konur



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR
**Í DAG** | Jafnréttisbarátta

Á laugardaginn var hlustaði ég á stórfróðlegt erindi Stefáns Ólafssonar, prófessors við Háskóla Íslands, um rannsóknir sem hann hefur gert á kaupmætti, skattgreiðslum og lífskjörum í landinu undanfarinn áratug. Niðurstaða rannsóknanna er einföld: kaupmáttur þeirra sem lökust hafa kjörin hefur aukist minnst og skattgreiðslur þeirra hafa aukist mest, lífskjör þeirra sem lægstar hafa tekjurnar hafa batnað minnst.

Svona breyting á uppbyggingu þjóðfélagsins verður ekki af tilviljun, hún verður vegna þess að þeir sem sitja við stjórnvölinn hafa hægt og sígandi breytt kerfinu í þessa átt. Gjörðir þeirra nú á síðustu mánuðum kjörtímabilsins eru í sömu áttina. Hér ríkir því ójafnaðarstjórn sem hefur ýmislegt það í för með sér sem ég stórefast um að fólkið í landinu vilji, ef það áttaði sig alveg á því hvað er að gerast.

Sjálf þóttist ég vita að ójöfnuður í landinu hefði aukist en að unnið hefði verið að því svona systematiskt - ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki áttað mig á því. Þegar tekjuskiptingin í landinu breytist eins og raun ber vitni, þá breytist margt með. Rannsóknir sýna breytinguna í tölum og prósentum, en hin raunverulega afleiðing misskiptingarinnar birtist í lífi fólks.

Ójöfnuður af því tagi sem hér hefur orðið til á síðustu árum, mun leiða til þess að í landinu verði tvær þjóðir. Það verður tvenns konar menntakerfi, fyrir þá ríku og svo fyrir hina. Það verður tvenns konar heilbrigðiskerfi, fyrir þá ríku og svo fyrir hina. Það verður tvenns konar lífeyriskerfi, fyrir þá ríku og svo fyrir hina. Þannig má áfram telja.

Í síðustu viku var birt önnur rannsókn. Sú var um launamun kynjanna. Könnunin leiðir í ljós að óskýrður launamunur kynjanna er 15,7 prósent en var 16 prósent fyrir tólf árum síðan. Óskírður launamunur er hreinn og klár launamunur þ.e. konur fá 15,7 prósentum lægri laun fyrir sömu vinnu og karlar. Vegna þess að launamunurinn er óskýrður þá er ekki hægt að kenna því um að karlar séu í betri störfum, vinni meiri eftirvinnu eða þar fram eftir götunum. Staðreyndin er einfaldlega sú að ef karlar fá að

> *Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort ekki sé kominn tími til að við konur verðum algjörlega óþolandi vegna þess óréttlætis sem launaójafnréttið er.*

jafnaði 200.000 kr. á mánuði fyrir að vinna einhverja vinnu þá fá konur að jafnaði 168.600 kr. á mánuði fyrir sömu vinnu - það er nú ekki flóknara en það.

Það er ekki furða þó við konur verðum heldur þunglyndar við að fá þessi tíðindi æ ofan í æ. Nú er það svo að karlar stjórna langtum flestum fyrirtækjum í þessu landi og þeir stjórna einnig mestu hjá ríki og borg. Stundum hefur konu virst í samskiptum sínum við karla að þeir hlusti ekki almennilega á það sem hún segir fyrr en hún er orðin frekar óþolandi. Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort ekki sé kominn tími til að við konur verðum algjörlega óþolandi vegna þess óréttlætis sem launaójafnréttið er.

Þrátt fyrir yfirlýsingar um að launajafnrétti ríki hér á landi þá er ljóst að svo er ekki. Ekkert hefur gerst í þeim efnum í tólf ár. Þess vegna virðist konu allt í lagi að krefjast þess að nokkur stór skref verði tekin á frekar stuttum tíma til þess að eyða þessum ójöfnuði og óréttlæti. Ef það verður ekki gert skora ég á konur að verða óþolandi.

Ég legg til að stjórnendur fyrirtækja og stofnana í landinu (sem flestir eru karlar) leggi fyrir stjórnunarfræðinga sína, hvort heldur þeir eru sérfræðingar í mannauðsstjórnun, gæðastjórnun, verkefnastjórnun eða breytingastjórnun, að varða veginn sem fyrirtækin og stofnanirnar ætla að fara til að launajafnrétti komist á í fyrirtækjum þeirra og stofnunum. Ef þetta verður ekki gert skora ég á konur að verða óþolandi.

Það kæmi ekki á óvart að svör við slíkum kröfum væru að nú væri verðbólga í landinu og þess vegna væri ekki óhætt að fara í aðgerðir af þessu tagi. Á móti kemur að undanfarin tólf ár hafa verið nokkuð laus við verðbólgu og þá var ekki hægt að leiðrétta ójöfnuðinn. Allt hjal um efnahagsástand og verðbólgu eigum við konur því að láta sem vind um eyru þjóta og heimta áætlun um hvernig á að afnema launaójafnréttið eða verða óþolandi ella.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

## Við þurfum sterkan forsætisráðherra

**UMRÆÐAN**
Stjórnarforystan



HELGI HJÖRVAR

Atburðir síðustu vikna afhjúpa hve veik forysta er fyrir ríkisstjórninni. Fyrst er til að taka viðræðurnar við Bandaríkjastjórn um brottför hersins. Þær voru samfelldur ósigur sem enduðu með því að það eina sem herinn skildi eftir var mengunin og við þurfum að kosta þrifin.

Stjórn efnahagsmála er þó stærra áhyggjuefni því verðbólgan er á fullri ferð og vextir þeir hæstu í okkar heimshluta. Forsætisráðherra virðist ekkert þrek hafa til að ráðast gegn vandanum og hefur gefist upp við að halda aftur af ríkisútgjöldum þrátt fyrir ástandið. Tilraun til að halda aftur af framkvæmdum rann út í sandinn því Geir gat ekki staðið gegn útgjaldakröfum á kosningaári.

Fyrirrennarar Geirs hafa varnað því í tuttugu ár að hvalveiðar verði hafnar. Þrátt fyrir ríkan vilja til þess í landinu að veiða hval hafa þeir staðið á bremsunni vegna orðspors okkar erlendis og annarra hagsmuna. En sú fyrirstaða er nú rokin út í veður og vind.

Átakanlegast var þó að sjá forsætisráðherra á laugardag þar sem hann neyddist til að taka sjálfur að sér prófkjörsbaráttuna fyrir Björn Bjarnason. Fylgismenn Geirs, með Guðlaug Þór Þórðarson í broddi fylkingar hafa sótt hart að Birni, en Geir brast úthaldið. Þjóðin horfir uppá ráðalausan forsætisráðherra sem ekki er fær um að taka á hlerunarmálunum og þeim deilum sem af þeim hafa sprottið, en bugtar sig og beygir fyrir Birni Bjarnasyni.

Við þurfum ekki á þessu að halda. Við þurfum sterkan forsætisráðherra sem ræðst gegn verðbólgunni og ofurvöxtunum og hefur þrek til að halda aftur af ríkisútgjöldum. Við þurfum forsætisráðherra sem leiðir nýja stefnu í öryggismálum fyrir Ísland, en þiggur ekki bara og hlýðir haukunum í Bandaríkjunum. Við þurfum forsætisráðherra sem getur leitt uppgjörið við kalda stríðið og hefur forystu um friðhelgi einkalífsins. Þess vegna þurfum við nýja ríkisstjórn undir forystu Samfylkingarinnar og formanns hennar.

*Höfundur er alþingismaður Samfylkingar í Reykjavík.*



**TENGSLAMYNDUN**
Náttúruleg leið til að elska og annast barnið sitt
HEILSA 2

**BETRI EN 20/20 SJÓN**
Leiseraðgerðir á augum veita mörgum betra líf
HEILSA 4





## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Vinnuverndarvikan** stendur nú yfir. Árlega tekur Vinnueftirlitið þátt í þessu samevrópska átaksverkefni en í ár er vikan helguð ungu fólki og er yfirskrift hennar Örugg frá upphafi. Hugtakið „öryggi“ vísar í þessu samhengi til öryggismála en einnig sjálfsöryggis og vellíðunar í vinnu.

**Nemendum** í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands mun fjölga um 25 á næsta vormisseri. Þetta varð ljóst í kjölfar ákvörðunar heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra um að stuðla að fjölgun nema við hjúkrunardeildina.



**Hvað er kæfisvefn?** nefnist fræðslubæklingur sem nýlega hefur verið gefinn út af Landspítalanum. Bæklingurinn er fyrir þá sem eru með kæfisvefn, aðstandendur þeirra og aðra sem hafa áhuga á svefni. Kæfisvefn er algengur sjúkdómur og leitast verður við að útskýra sjúkdóminn, orsakir hans, einkenni og meðferð.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 24. október, 297. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.45 | 13.12 | 17.38 |
| Akureyri | 8.37 | 12.57 | 17.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Ásta segist ekki hafa verið neinn íþróttagarpur áður en hún fór í stafgönguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hélt í fyrstu ekki takti

***Ásta Emilsdóttir kennari í Kvennaskólanum uppgötvaði kosti stafgöngu.***

„Í stuttu máli sagt er þetta ákveðin tegund af kraftgöngu með sérhönnuðum göngustöfum,“ segir Ásta um stafgönguna, en hún segir áhugann á þessari íþrótt hafa vaknað fyrir tæpum tveimur árum síðan í prufutíma hjá Guðnýju Aradóttur, stafgönguleiðbeinanda og einkaþjálfara hjá World Class.

„Ég get nú ekki sagst hafa verið neinn íþróttagarpur fram að þeim tíma og hafði í raun lítið hreyft mig af viti síðan á menntaskólaárunum,“ útskýrir Ásta. „Ætli ég hafi ekki staðið mig einna verst í þessum prufutíma hjá Guðnýju, hélt ekki einu sinni takti, hvað þá annað. Ég lét mig nú samt hafa það og sæki enn tíma hjá henni.“

Ásta segir þessa tegund hreyfingar henta manneskju eins og sér þar sem hún sé annars með öllu áhugalaus um íþróttaiðkun. „Stafganga snýst mikið um rétta líkamsbeitingu og samhæfingu, til að þetta beri tilætlaðan árangur,“ segir hún. „Markmiðið er auðvitað að komast í gott form og stafganga er góð hreyfing fyrir efri hluta líkamans, maður brennir meira en í venjulegri göngu og maður kemur heim endurnærður á líkama og sál.“

Hópurinn hittist tvisvar sinnum í viku, þriðjudaga og fimmtudaga, að sögn Ástu, við anddyri Laugardalslaugarinnar, gengur í klukkutíma og gerir teygjuæfingar. Allar frekari upplýsingar um tímana má finna á vefsíðunni www.stafganga.is.

*roald@frettabladid.is*

# Ný aðferð til greiningar á átröskun

FIMM HÁR AF HÖFÐI NÆGJA TIL AÐ AFHJÚPA ÁTRÖSKUNARSJÚKDÓMA.

Þar sem hár okkar er í stöðugum vexti tekur það líka breytingum eftir þeirri næringu sem líkaminn fær. Þess vegna getur rannsókn á hárinu verið góð leið til að meta heilsufar. Ný rannsókn sem gerð var af bandarískum vísindamönnum við háskólann Brigham Young í Utah sýnir að fimm hár af höfði sjúklings nægja til að gefa áttatíu prósenta öruggar upplýsingar um hvort hann hefur átröskunarsjúkdóm. Gildir það bæði um búlimíu og lystarstol. Hingað til hefur verið erfitt að greina átröskunarsjúkdóma enda eru þeir gjarnan mjög vel duldir af þeim sem bera þá. Hér getur því verið fundin ný og árangursrík aðferð.



Fimm hár nægja til að meta með nokkuð öyggjandi hætti hvort eigandi þeirra eigi við átröskun að stríða.





**B-vítamín**
er gott fyrir taugakerfið og getur meðal annars hjálpað til við að draga úr stressi.


**Heilsuvöru-markaður**
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

*Næstu fyrirlestrar og námskeið hjá Maður lifandi*
**24. okt. Heilbrigði - margbrotið fyrirbæri**
Haukur Ingi Jónasson prestur
**25. okt. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
Meistarakokkar Maður lifandi
**31. okt. Næring fyrir vellíðan - fæða og jurtir sem styrkja taugakerfið**
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir
**01. nóv. Heilbrigði og hamingja**
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
**07. nóv. Lífvirk náttúruefni í grænmeti og öðrum heilsujurtum sem styrkja...**
Sigmundur Guðbjarnason prófessor
**Nánari upplýsingar á madurlifandi.is og í síma 585 8700**









**ÓLIVULAUF**
öflug vörn gegn haustkvillum
Heilsu-hornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi



Fangaðu drauma þína!
- í gegnum dans
-Tilvalið námskeið fyrir þig sem finnst gaman að dansa og vilt um leið koma hreyfingu á líf þitt.
Námskeið fer fram laugardaginn 4.nóvember í Gerðubergi Reykjavík.
Skráning s: 848 5366
www.pulsinn.is
Púlsinn námskeið



**STAFGANGA Í LAUGARDAL**
Stafgöngunámskeið hefst 31. október n.k.
TÍMAR FYRIR BYRJENDUR: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
TÍMAR FYRIR LENGRA KOMNA: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 616 8595
JÓNA H. BJARNADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 694 3571
STAFGANGA – áhrifarík leið til líkamsræktar



Moonstartherapy • Moonstartherapy • Moonstartherapy • Moonstartherapy
**Sjúkranuddstofan**
**Moonstartherapy**
Síðumúli 15, 108 Reykjavík
Sími/fax 588-1404
Gsm: 895 9404
* Heilnudd – Body massage * Bandvefsnudd – Connective tissue massage
* Ristilnudd – Colon massage * Sogæðameðferð – Lymphdrainage
* Orkumeðferð – Akupoint massage * Bakmeðferð – Back and spine therapy
* Svæðanudd – Feetreflexzonetherapy *




## Mannlegi þátturinn
ÁSDÍS OLSEN

# Tengslauppeldi - hin náttúrulega leið til að elska og annast barnið sitt

Spennandi hugmyndir eru að ryðja sér til rúms undir yfirskriftinni tengslauppeldi eða barnmiðað uppeldi. Upp á engilsaxnesku er talað um „Attachment Parenting“ sem er þá vísun í tengslakenningar sem runnar eru undan rifjum sálfræðingsins fræga Johns Bowlby.

Það má í sjálfu sér segja að tengslauppeldi sé hin náttúrulega leið til að elska og annast barnið sitt. Og eflaust hefðum við aldrei vikið af þeirri eðlilegu braut ef firringin hefði ekki náð tangarhaldi á okkur Vesturlandabúum. Úr tengslum við náttúruna og okkur sjálf leiddumst við til að trúa á kenningasmiði í hvítum sloppum sem höfðu kannski aldrei alið barn við brjóst sér.

Um áratugaskeið fórum við eftir kaldranalegum kenningum sem gengu út á að hemja, temja og bæla börn. Mæðrum var kennt að að gefa þeim frekar pela en brjóst svo hægt væri að mæla nákvæmlega magnið sem fór í börnin, láta svo líða fjóra tíma á milli gjafa og taka börnin sem minnst upp. Grátur eða önnur skilaboð frá barninu voru til marks um óhemjugang og tilraunir til að stjórna foreldrunum.

En nú er öldin önnur – eða hvað? Erum við að missa trúna á vísindin sem geta búið til hvaða sannleika sem er? Erum við tilbúin til að fara inn á við og finna til og njóta? Erum við tilbúin til að trúa og treysta á innsæið og eðlið? Er upplýsingaöldin að veita okkur tækifæri til að sjá út fyrir rammann sem yfirvöld halda að okkur? Eða erum við bara misjöfn og sitt í hverja áttina og ekkert nýtt að gerast? Hvað sýnist þér?



Láttu tilfinningar gagnvart barninu ráða hvernig brugðist er við hverju sinni.



Geðtengsl eru talin sérstaklega mikilvæg fyrir framtíðarvelferð barnsins.

# Þroskasálfræðin um tengslamyndun

Lengi hefur verið vitað að gæði tengsla barns og foreldris eru lykilatriði í þroska barna en nú hafa tengslakenningar Bowlbys og Winnicotts, sem settar voru fram um miðja síðustu öld, fengið byr undir báða vængi. Nú þykjast menn hafa sýnt fram á að það sé samhengi á milli ótryggra tengsla foreldra og barns og þróunar skapbrests, hegðunarerfiðleika, þunglyndis og fleiri geðraskana.

**Trygg geðtengsl eru grundvöllur geðheilbrigðis**

Geðtengsl (emotional attachment) eru gagnkvæm tilfinningatengsl milli foreldris og barns sem einkennast af gagnkvæmum tilfinningaböndum og löngun til að viðhalda nánd. Í þroskasálfræðinni eru geðtengslin sögð sérstaklega mikilvæg fyrir framtíðarvelferð barnsins – persónuþroska og geðheilsu. Það sem skiptir meginmáli við mótun tryggra geðtengsla eru gæði þeirrar umönnunar sem barnið fær og tilfinningalegt andrúmsloft sem barnið elst upp við.

*Er alið á skömm, sektarkennd, lítilsvirðingu og ótta eða fær barnið jákvæð viðbrögð við sér og gjörðum sínum?*

**Sjálfsmynd barnsins mótast af skilaboðum úr umhverfinu**

Í þroskasálfræðinni er talað um sjálfsvitundartilfinningar („self-conscious emotions“) sem þroskast eða verða til á þriðja og fjórða ári. Þá mótast sjálfsmyndin í samspili við umhverfið sem ýmist brýtur niður sjálfsálit barnsins eða byggir það upp. Þá ber að varast fordæmingar sem geta falist í orðunum „ekki sulla niður“ eða „þið lofið að vera ekki óþekk“. Auðvitað ætlar sér enginn að sulla eða vera óþekkur. Eða höfnunin sem felst í orðum á borð við „ef þú ert ekki góð, þá skil ég þig bara eftir“. Eða sektarkenndina sem varpað er á barnið með skilaboðunum „ætlarðu að láta mig verða of seina einu sinni enn“.

# Varið ykkur á barnatemjurum

Tengslauppeldi gengur út á að opna hug sinn og hjarta fyrir einstökum þörfum barnsins og að láta tilfinninguna fyrir barninu ráða því hvernig brugðist er við hverju sinni.

**Grundvallaratriði tengslauppeldis eru þessi:**

1. Að tengjast barninu strax við fæðingu, gefa sér góðan tíma fyrstu dagana og vikurnar og láta eftir sér að heillast af þessum nýja einstaklingi og tengjast honum tilfinningaböndum.
2. Að gefa brjóst. Brjóstagjöfin er langeðlilegasta og árangursríkasta leiðin til að læra á barnið, læra að bregðast við þörfum þess og byggja upp gagnkvæmt traust.
3. Að bera barnið utan á sér. Börn sem borin eru í fetli (sling) eru rólegri, kvarta síður, eru betur vakandi fyrir umhverfinu og læra hraðar á það.
4. Að deila rúmi með barninu. Flest börn sofa best nálægt foreldrum sínum og með því að leyfa barninu að sofa upp í hjá sér nær móðirin að sinna þörfum þess á nóttinni, þar á meðal brjóstagjöf, án þess það þurfi að gráta eða finnast það nokkurn tímann vanrækt.
5. Að taka mark á gráti barnsins. Grátur barnsins er tungumál þess og það sem náttúran hefur gefið því til að tryggja að því verði sinnt og það haldi lífi. Börn tjá sig með því að gráta, en gráturinn er ekki lymskufull leið þeirra til að ná völdum á heimilinu.
6. Að halda jafnvægi og setja mörk, meðal annars með því að gleyma ekki sínum eigin þörfum. Foreldrar gera barninu engan greiða með því að vanrækja sjálfa sig.
7. Að vara sig á barnatemjurum. Barnatemjarar eru velviljað fólk sem á það til að gefa nýorðnum foreldrum ráð eins og: „Þú verður að leyfa henni að gráta, annars veður hún yfir þig.“ „Þú getur ekki látið krakkann ráða því hvenær hann fær brjóst, hann verður að læra að fylgja reglum,“ eða „Þú elur upp í henni frekjuna með því að halda svona mikið á henni.“ Þessar skoðanir byggja á þeirri undarlegu hugmynd að grátur barna stafi af óþekkt og sé leiðinda ávani sem við verðum að venja þau af. Þeir foreldrar sem fara eftir svona ráðleggingum eru hins vegar að rjúfa tengsl sín við barnið í stað þess að tengjast því náið, og skapa vantraust í stað trausts.

# Meira vinnst með blíðu en stríðu

*Mæður sem sigla á móti straumnum.*

*Náttúrubörn er mjög athyglisverður umræðuvettvangur á veraldarvefnum þar sem íslenskar mæður bera saman bækur sínar um uppeldi og umönnun barna sinna. Þetta eru vel menntaðar og meðvitaðar konur sem sætta sig ekki við ríkjandi viðhorf til barna og hafna þeim hörkulegu uppeldisaðferðum sem haldið er að þeim. Þær treysta á móðureðlið og innsæið og leyfa sér að fylgja hjartanu. Við skulum grípa niður í skrif þeirra á spjallþræði Yahoo – Náttúrubörn.*

**Brynhildur skrifar um fjölskyldurúmið:**

„Jiiih hvað ég er spennt að spjalla meira við ykkur stelpur! Hér virðist vera samansafn vel gefinna kvenna sem eru að auki afskaplega skynsamir uppalendur. Ég er að lesa smátt og smátt póstana hér inni og hef mjög gaman af. Finnst alveg stórmerkilegt að „mín uppeldisaðferð“ eigi sér svona fínt nafn „Attatchment Parenting“, hafði ekki hugmynd um það fyrr en fyrir örfáum dögum. Eins og ég sagði hér í fyrr þá er ég algjör brjóstakelling, börnin mín eru mikið uppí hjá mér og við sofum öll í sama herbergi ...“

**Sædís skrifar um vond ráð frá góðu fólki:**

„ ... Ég var lengi að átta mig á „mjúkum“ aðferðum í uppeldismálum, því miður... Þegar ég átti son minn fylgdi ég bara þeim ráðum sem mér voru gefin. Ég svaf aldrei með hann uppí, enda var það víst stórhættulegt barninu og auk þess var það „leiðindaávani“. Þessu var ég sammála strax án þess að kynna mér það betur. Ég þorði ekki að hafa hann á brjósti nema í 6 mánuði – annars myndi hann aldrei geta hætt á brjósti án rosalegrar fyrirhafnar og mjög mikillar hörku. Svo var talað um ofdekur, mjólkin næringarlaus eftir 6 mánuði og fleira í þeim dúr. Ég notaði hvorki sling né önnur tæki til að bera hann, varaðist að halda of mikið á honum svo hann vendist því ekki.“

**Sædís heldur áfram og nú lýsir nú endurnýjuðum kynnum sínum við soninn:**

Þegar ég fór að kynna mér AP (tengslauppeldi) sá ég hversu illa ég hafði farið að ráði mínu og smátt og smátt fór ég að endurnýja kynni okkar sonar míns ef svo má kalla. Ég ákvað að leyfa mér að gefa af mér ótakmarkaðan kærleika. Næturnar voru yndislegar! Við kysstumst og knúsuðumst, föðmuðumst, horfðum í augun á hvoru öðru – vorum bæði hálfsvefnlaus alltaf eftir nóttina, alveg funheitt ástarsamband í gangi:) Fyrir um viku síðan kom svo algert gegnumbrot, einn daginn var hann bara breyttur! Og á þessari rúmu viku hefur honum farið rosalega mikið fram í tali og öðrum þroska! Ég er rosa stolt af litlu fjölskyldunni minni :) Hlakka til í að heyra frá ykkur görlís (kannski eru einhverjir feður á meðal okkar líka?).“

**Rúna skrifað m.a. um afstöðuna til heimavinnandi húsmæðra:**

„Ég fékk góðan málshátt í páskaegginu hennar Sonju „Meira vinnst með blíðu en stríðu“ – það er einmitt þessi hugsun sem ræður ríkjum í hennar uppeldi. Mínar aðferðir samræmast samt engan veginn „nútíma-uppeldishættum“ eins og þið vitið... maður er svo innilega að synda á móti straumnum...
Frænka mín spurði mig hvort ég væri orðin alveg ruglið þegar ég sagðist ætla að gefa Sonju lengri tíma heima, hvort ég ætlaði að enda heima með rúllur í hárinu og hundfúl alla daga...!
Takk fyrir að vera til :) Bestu kveðjur Rúna.“

*Efni af spjallþræðinum: http://groups.yahoo.com/group/natturuborn/*



Í öllum menningarsamfélögum, nema iðnaðarsamfélögum Vesturlanda, sofa börn í sömu herbergjum og fullorðnir.

# Vestræn menning á villigötum

Mannfræðingurinn Meredith F. Small hefur rannsakað hvers vegna við ölum börnin okkar upp eins og við gerum og leggur til að við endurskoðum menningarbundin viðhorf okkar til barna og uppeldis. Hér eru nokkrar tilvitnanir í bók hennar „Our Babies, Ourselves“.

Lengst af í sögu mannkyns hafa börn verið borin í sjali af móður. Þannig fá börn líkamlega nánd, gott útsýni og taktfasta hreyfingu sem er notaleg og sefandi.

Í öllum menningarsamfélögum, nema iðnaðarsamfélögum Vesturlanda, sofa börn í sömu herbergjum og fullorðnir og yfirleitt í sama rúmi.

Aðeins á Vesturlöndum eru ungabörn langtímum saman án líkamlegrar nálægðar við umönnunaraðila – t.d. í kerrum og rúmum.





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






Nýtt frá dr. Gillian McKeith,

NÆRINGARSKOT

LIQUID NUTRIENT SHOT



Hráir og óunnir blágrænir þörungar í vökvaformi. Næringarefnin í þörungnum eins vítamín, steinefni, prótein, amónísýrur og fitusýrur nýtast allt að 90% þar sem þeir eru í vökvaformi.

WINNER BEST NEW PRODUCT · NATURAL PRODUCTS EUROPE 2005

"Næringarskotið er orkubomba einstaklega næringarríkt, meltanlegt og nýtanlegt jurtabætiefni sem heldur mér og sjúklingum mínum orkumiklum og HRAUSTUM, Gillian...

Droparnir eru einstaklega ríkir af steinefnum, próteinum og vítamínum. Mjög mikið er af B-12 vítamíni, eitt það mesta sem hægt er að fá úr náttúruríkinu. Hentar öllum frá eins árs.




**Útsölustaðir eru:**

Lyfja, Lyf & heilsa, sjálfstæð apótek um allt land, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðin, Yggdrasill, Maður lifandi, Lyfjaval, Blómaval, Heilsubúðin Njálsgötu, Heilsuhornið Akureyri.






Eiríkur segir að augnaðgerð kosti 285 þúsund krónur og fyrir sérlausnir bætist fimmtán þúsund krónur ofan á fyrir hvort auga.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Betri en 20/20 sjón

***Í LaserSjón eru framkvæmdar augnaðgerðir með leiser sem geta lagað nærsýni, fjarsýni, sjónskekkju og læknað ýmsa yfirborðssjúkdóma í augum. Sjónin gæti jafnvel orðið betri en nokkru sinni.***

Aðgerðum á augum með leiser fer stöðugt fjölgandi enda um örugga og tiltölulega einfalda aðgerð að ræða. Til eru ýmis afbrigði aðgerða en í grundvallaratriðum ganga þær út á það að lögun hornhimnunnar er breytt þannig að augað taki fullan fókus og sjónin verður betri.

Algengasta aðgerðin kallast Lasek (Laser-in-situ-keratomileusis). Þá er hornhimnuflipi, 0,12 mm að þykkt, losaður ofan af auganu að hluta og myndar hann eins konar lok. Lögun dýpri laga hornhimnunnar er svo breytt en það er gert samkvæmt nákvæmum útreikningum. „Ef um er að ræða nærsýni gerir maður augað örlítið flatara og þynnra. Ef það er fjarsýni þá gerir maður það örlítið brattara," segir Eiríkur Þorgeirsson augnlæknir. „Ef það eru sjónskekkjur þá þarf maður að laga kúrfurnar til að fá fókusinn í einn punkt."

Þegar breytingu á auganu er lokið er flipanum komið aftur á sinn stað og grær sárið á innan við sólarhring. Sjónin verður skörp á nokkrum dögum eða vikum og er varanleg eftir það. „Langflestir sjúklinga vilja LASIK vegna þess að í 97 prósent tilvika er fólk komið með svokallaða fulla sjón daginn eftir aðgerðina," segir Eiríkur. „Hún er sársaukalaus og ef það þarf að laga augað aftur, sem gerist í fimm prósentum tilvika, þá er það mjög auðvelt."

Önnur algeng aðgerð kallast Lasek en hún er framkvæmd ef hornhimnan er ekki nógu þykk til að hægt sé að framkvæma LASIK. Þá er einungis efsta frumulag augans losað af, en þetta frumulag endurnýjar sig stöðugt. Sjúklingar eru lengur að jafna sig eftir þessa aðgerð en hún skilar sama árangri og LASIK.

Fylgikvillar aðgerðanna eru fáir en stærsta vandamálið tengist náttblindu. „Það er mismunandi hugbúnaður og útreikningar við að gera rétta prófílinn fyrir augað. Til er prógramm sem minnkar aðgerðina eins og mögulegt er. Það er líka hægt að hanna prófílinn þannig að dragi úr náttblindunni. Svo er aðferð sem er í hraðri þróun sem felst í persónulegum mælingum," segir Eiríkur.

Með persónulegum mælingum má reikna út alla bjögun á ljósi í auganu og laga hana. Mögulegt er að gera sjónina betri en hún hefur nokkru sinni verið hjá sjúklingi og jafnvel er mögulegt að bæta náttblindu sem sjúklingur þjáðist af fyrir aðgerð. „Með þessu móti má líka bæta sjón þeirra sem þjást af óreglulegri sjónbjögun, sem ekki er hægt að laga með gleraugum," segir Eiríkur.

Nánari upplýsingar er að finna á www.lasersjon.is. *tryggvi@frettabladid.is*



## Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

### Matarvenjur og þunglyndi

**Ég hef barist við átröskun frá því ég varð ólétt fyrir níu árum og borða annaðhvort allt of mikið eða ekki neitt. Ég vil þó taka fram að ég kasta ekki upp matnum eða svelti mig. Þegar ég borða þá er það nánast bara óhollusta og í hvert sinn segi ég sjálfri mér að þetta sé í síðasta sinn en stend svo aldrei við það eins og einhver fíkill, ég hætti hreinlega ekki að hugsa um matinn fyrr en ég hef keypt hann. Mér líður mjög illa, finnst ég vera feit, ljót og hallærisleg og þrái ekkert heitar en að verða aftur fitt og fín og ánægð með lífið. Hvað get ég gert?**

Sæl. Oft vill það verða þannig að hegðunin að borða breytist í viðhöfn sem veitir manni eitthvað sem manni finnst maður ekki fá annarsstaðar í lífinu. Þetta kann að hljóma eins og fíkn og að einhverju leiti er það vissulega rétt en þó er afar mikilvægt að varpa ekki ábyrgðinni frá sér þar sem þá varpar maður einnig lausninni annað. Til þess að takast á við þennan vanda er nauðsynlegt að skoða af hverju maður borðar og nær ekki að temja sér hófsemi. Í þínu tilfelli væri gott að skoða hvað gerðist fyrir níu árum, hvaða áhrif barnsburðurinn hafði á þig, hvernig þér líður dagsdaglega og svo framvegis til þess að komast að rót vandans. Einnig getur verið gott að athuga nánar hvernig þér líður rétt áður en þú ferð að borða eða kaupa mat? Ef svarið er illa, er spurning hvort ekki sé hægt að finna aðrar lausnir á leiðanum og depurðinni en át og innkaup. Þú gætir þá til dæmis prófað að fara í göngutúr eða heimsókn þegar löngunin kviknar.

Það er greinilegt að sjálfsmynd þín hefur orðið fyrir miklum skaða af þeim breytingum sem þú hefur gengið í gegnum og er það einnig eitthvað sem nauðsynlegt er fyrir þig að laga. Þú tengir sjálfsmynd þína mjög mikið og hugsanlega alfarið við líkamsmyndina og því rokkar hún með þyngdinni. Þar sem breytingar á þyngd geta tekið, og eiga helst að taka, töluverðan tíma, ef þær eiga að endast, er mikilvægt að þú finnir aðra eiginleika í fari þínu til að tengja sjálfsmyndina. Til þess að bæta sjálfsmyndina er mikilvægt að skoða hvað þú hefur í lífinu sem þú ert stolt af og ánægð með og helst leggja aukna áherslu á þá. Einnig er möguleiki að bæta hlutum inn í líf þitt sem þig hefur langað til að gera en ekki getað eða þorað af einhverjum ástæðum til að auka sjálfstraustið. Það er gott fyrir þig að hafa í huga að hugsanlega er líkamsþyngd þín, að miklu leyti, tengd andlegri líðan þinni og þú komin í vítahring. Hugsanlegt er að þú hafir þyngst og dottið niður í einhvern leiða eftir barnsburðinn. Svo hefur þetta viðhaldist þannig að þú lendir í vandræðum með þyngdina og verður leiðari yfir því, í kjölfarið leitar þú huggunar í matinn þar sem innst inni finnst þér eins og það gangi ekkert að grennast. Það sem þú verður að hafa í huga er að þetta er hegðunarmynstur sem þú hefur vanið þig á í tengslum við vanlíðan þína. Þegar þér líður illa þá leitarðu í mat, sem síðan leiðir aftur til að þér líður illa. Þegar þú svo ætlar að taka á vandanum berð þú þig saman við einhverja staðalmynd og ætlar þér of mikið sem svo fær þig til að falla og líða illa.

Þegar þú ákveður að taka þig á og gera hreyfingu að hluta af lífi þínu, þá er mikilvægt fyrir þig að muna að allt er gott í hófi. . Mikilvægast er að setja sér hófleg markmið og halda út. Fljótlega verður maður hressari, kemst í betra skap og hættir að hafa samviskubit yfir því sem maður borðar. Þegar þú loks brýtur vítahringinn og velur að iðka hreyfingu eða gera eitthvað annað þegar þú finnur hjá þér löngun í sælgæti eða mat, þá líður ekki á löngu áður en kílóin fara að hrynja af þér.

Þar sem vandi þinn hefur varað mjög lengi og haft mikil áhrif á líf þitt myndi ég mæla með að þú leitaðir þér aðstoðar fagaðila. Sálfræðingur getur hjálpað þér með því að spyrja þær spurningar sem þarfnast svara og aðstoðað þig í leitinni að svörunum.



Samkvæmt breskri rannsókn fá börn kynfræðslu allt of seint.

## Fullorðins-fræðsla barna

*Rannsóknir sýna að börn verða nú fyrr kynþroska en áður og þurfa því fræðslu fyrr.*

Samkvæmt niðurstöðum breskrar rannsóknar þurfa börn fyrr ráðgjöf um ýmis fullorðinsmálefni, þar sem þau ná fyrr kynþroska en áður hefur þekkst. Tólf ára aldur er nefndur í því samhengi.

Svo virðist sem mikill munur sé á líkamlegum og félagslegum þroska barna. Í raun hefur hann aldrei verið meiri, þar sem lítið er gert til að bregðast við þessari þróun.

Áfengismisnotkun, óvarið kynlíf og sjálfstortímingarhvatir eru samkvæmt rannsókninni allt saman afleiðingar þess að börnin fá upplýsingar um þessi atriði allt of seint. Slík félagsleg vandamál virðast vera algengari í fátækrahverfum í Bretlandi, þar sem meira vantar upp á upplýsingaflæðið.

Nýlegar bandarískar rannsóknir sýna enn fremur fram á að tengsl séu á milli fjarveru föður á heimilum og örari kynþroska barna.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk.

- rve



Nýlegar rannsóknir styðja þær hugmyndir að kísill og þörungar í Bláa lóninu virki vel á húðina.

## Þörungar gegn hrukkum

*Nýjar rannsóknir á virkum efnum í jarðsjó Bláa lónsins sýna að þau draga úr öldrun húðarinnar og styrkja varnarlag.*

Þörungar úr Bláa lóninu, svokallaðir kúluþörungar, eru samkvæmt rannsóknunum taldir draga úr niðurbroti kollagens af völdum útljóss (UV-ljóss), sem er hluti sólarljóss.

Kollagen-trefjafrumur í húð manna eru mikilvægur hluti af stoðkerfi húðarinnar og niðurbrot slíkra efna veldur hrukkum. Með því að vinna gegn niðurbroti kollagens er dregið úr hrukkumyndun.

Annars konar þörungar í Bláa lóninu, þráðþörungar, örva nýmyndun kollagens í húð en með aldrinum hægist á framleiðslu þess og hrukkur taka að myndast.

Þá á kísillinn í Bláa lóninu að styrkja varnarlag húðarinnar. Með öðrum orðum er hann talinn örva tjáningu boðefna er stjórna uppbyggingu og virkni ysta varnarlags húðarinnar.

Þessar niðurstöður liggja fyrir eftir rannsókn sem Bláa lónið lét gera í samstarfi við þýskan húðlækni og rannsóknarráðgjafa að nafni Jean Krutmann. Þess má geta að prófessor Krutmann er heimsþekktur fyrir rannsóknir sínar á öldrun húðarinnar og áhrifum umhverfisins á hana.

- rve

# Silíkon leyft í Kanada

*Yfirvöld í Kanada hafa leyft silíkon-ígræðslur eftir þrettán ára bann.*

Ríkisstjórn Kanada leyfði aftur innsetningu silíkongels í brjóst kvenna fyrr í þessum mánuði. Í ein þrettán ár hefur silíkon verið bannað í Kanada, en nú hafa bandarísku fyrirtækin Mentor Corp. og Inamed Corp. fengið leyfi til að markaðssetja silíkon-ígræðslur í Kanada.

Árið 1992 voru allar silíkon-ígræðslur stöðvaðar tímabundið, og árið 1993 voru þær alveg bannaðar og sagt að þær yrðu ekki leyfðar aftur fyrr en niðurstöður rannsókna lægju fyrir um hugsanleg áhrif silíkons á heilsuna. Ríkisstjórnin hefur þó leyft 24 þúsund silíkon-ígræðslur eftir að bannið var sett í tengslum við sérstakt verkefni þar sem þurfti staðfestingu læknis um að ekki væri hægt að notast við annað en silíkon.

Yfirvöld í Kanada taka þó fram að þótt búið sé að leyfa silíkonígræðslur þarf það ekki að þýða að þeim fylgi engin áhætta. Silíkon-ígræðslur geti nýst vel við sum tilfelli og búið sé að draga verulega úr allri áhættu. Yfirvöld í Kanada studdust við viðamikla rannsókn frá Bretlandi og Bandaríkjunum frá árunum 1995 til 2004 þar sem ekki tókst að sýna fram á neinar sannanir um að silíkon-ígræðslur yllu ofnæmissjúkdómum eða öðrum sjúkdómum. Tvær aðrar rannsóknir sýndu að konur sem höfðu látið koma fyrir silíkon-ígræðslum í brjóst sín væru ekki líklegri en aðrar konur til að fá krabbamein og að ígræðslurnar minnkuðu lífslíkur þeirra ekki á nokkurn hátt. Samtök í Ameríku sem talað hafa gegn silíkon-ígræðslum harma þessa ákvörðun Kanada og vilja meina að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu kvenna og það muni kosta heilbrigðiskerfi Kanada háar upphæðir í framtíðinni.



Tvö bandarísk fyrirtæki hafa fengið leyfi til að markaðssetja silíkon-ígræðslur í Kanada.




# Samfylkingin

## PRÓFKJÖR VEGNA ÞINGKOSNINGA 2007



Samfylkingin

# REYKJAVÍK



**Prófkjörið er haldið laugardaginn 11. nóvember.**

Rétt til þess að greiða atkvæði í prófkjörinu hafa allir þeir sem skráðir eru félagsmenn í Samfylkingunni og eru með lögheimili í Reykjavík. Ennfremur allir sem hafa kosningarétt í Reykjavík og eru 18 ára þegar prófkjörið fer fram og skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við flokkinn. Viðhaft er samval fyrir bæði kjördæmin, Reykjavíkurkjördæmi norður og suður.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**
29 ára, alþingismaður
býður sig fram í 4. sæti

Þekking á efnahagsmálum er lykilatriði í stjórnmálum. Ég vil nýta lögfræði- og hagfræðimenntun mína til að vinna að efnahagslegum stöðugleika og aukinni velferð. Það hef ég gert á Alþingi í efnahags- og viðskiptanefnd, í heilbrigðisnefnd og allsherjarnefnd. Ég mun halda áfram að berjast fyrir lægra matvælaverði, lækkun skatta á lífeyristekjum í 10% og fjárfestingum í menntun. Á Alþingi hef ég lagt fram fjölmörg þingmál, s.s. um afnám fyrningar í kynferðisafbrotum gegn börnum, gjaldfrjálsan leikskóla, óháðar rannsóknarnefndir og um heimilisofbeldi. Til að halda þessari baráttu áfram bið ég um stuðning í 4. sætið.



**ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR**
57 ára, alþingismaður
býður sig fram í 4. sæti

Ísland á að vera samfélag jöfnuðar og velferðar, þar sem fólk getur reitt sig á samhjálp þegar það þarf á henni að halda. Það er einlægur vilji minn. Í öllu mínu pólitíska starfi hef ég unnið að því.

Ég stefni á 4. sætið, sama sæti og ég fékk í síðasta prófkjöri. Ég hef setið á Alþingi frá 1995 og hef víðtæka reynslu úr atvinnulífinu, starfaði m. a. hjá Tryggingastofnun um árabil.

Í velferðarmálum og hagsmunum lífeyrisþega, sjúkra og fatlaðra þarf öflugan málsvara. Ég tel að þekking mín og reynsla komi þar áfram að góðum notum fyrir samfélagið.

Þar er verk að vinna.



**BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR**
29 ára, verslunarkona
býður sig fram í 6. sæti

Ég hef þá óbilandi trú að Samfylkingin geti gert drauminn um jafnara og betra samfélag að veruleika.

Þetta vil ég gera með því að búa atvinnulífinu viðunandi umhverfi; örva hátækniiðnaðinn og styðja við tónlistarfólkið okkar. Með því að setja fjölskylduna í forgang og láta náttúruna og umhverfið njóta vafans. Einnig með því að búa innflytjendum aðstæður til þess að aðlagast og auka fræðslu um ólíka menningarheima. Síðast en ekki síst með því að gera jafnréttismálin að alvörumáli með alvöruaðgerðum.

Það er mitt erindi.



**ELLERT B. SCHRAM**
67 ára, fyrrverandi forseti Íþróttasambands Íslands
býður sig fram í hvaða sæti sem er

Erindi mitt í prófkjör Samfylkingarinnar er að veita jafnaðarstefnunni lið. Liðveisla mín er sprottin af þeirri sannfæringu að samfélagsleg ábyrgð eigi að hafa forgang fram yfir lögmál frumskógarins. Auk þess er ég þeirrar skoðunar að raddir eldri kynslóðarinnar þurfi að heyrast. Bæði hvað varðar þjóðfélagsmálin í heild og hagsmuni eldri borgara. Samfylkingin þarf á öllum sínum kröftum að halda. Þess vegna er ég með.

Ég geng út frá því að kjósendur þekki mig af mínum störfum á opinberum vettvangi og skrifum mínum fyrr og nú. Það er þeirra að ákveða hvaða gagn má hafa af reynslu minni og lífsýn.



**GLÚMUR JÓN BALDVINSSON**
40 ára, alþjóðastjórnmálafræðingur
býður sig fram í 5.-8. sæti

Ég er hægrimaður þegar kemur að markaðnum en vinstri maður þegar kemur að samfélaginu - ég er krati. Frelsi á markaði skapar auð og auður er afl þeirra hluta sem gera skal. Kapitalismi er hins vegar ekki trúarbrögð eins og hann er í Bandaríkjunum og nálgast að vera hér á landi. Hyldýpisgjá hefur myndast á milli ofurlaunaðra og þorra almennings. Það verður að brúa þessa gjá og endurreisa hið norræna velferðarsamfélag á Íslandi, koma í veg fyrir fákeppni og einokun. Ég vil endurreisa hið pólitíska vald til að mynda mótvægi við sívaxandi auðvald. Hlutverk stjórnmálamanna er að standa vörð um hagsmuni borgaranna sem veita þeim umboð sitt.



**GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR**
56 ára, alþingismaður,
býður sig fram í 4.-5. sæti

Það þarf að taka til hendinni svo víða í okkar samfélagi. Það gerum við best saman, sem stór og öflugur hópur sterkra liðsmanna Samfylkingarinnar. Á þingi hef ég verið talsmaður mannréttinda, réttlætis og sanngirni til handa þeim sem þurft hafa á liðsinni mínu að halda.

Þar ber hæst réttindamál samkynhneigðra sem farsællega komust í höfn , nú eru allir jafnir fyrir lögum – sama hvern þeir elska.

Réttlæti, jöfnuður og frelsi eru þeir lyklar sem nota á til þess að opna hjörtu fólksins í landinu, þá lykla hefur stór Jafnaðarmannaflokkur. Ég vil áfram vera með í því liði sem ætlar að opna dyrnar að réttarbótum fólksins í landinu. Betra samfélag fyrir alla - allir með.

# FRAMBJÓÐENDAKYNNING

## laugardaginn 4. nóvember

Frambjóðendur í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík
sitja fyrir svörum á Hallveigarstíg 1, laugardaginn 4. nóvember, kl 14.00.
Allir velkomnir.

Samfylkingin



**HELGI HJÖRVAR**
39 ára, alþingismaður
býður sig fram í 4. sæti

Í vor þarf Samfylkingin að mynda ríkisstjórn fyrir venjulegt fólk. Í forystu þess leiðangurs þurfum við m.a. fólk sem í efnahags-umræðunni leggur áherslu á lífskjör venjulegs fólks, afnám tekjutenginganna og verðtryggingarinnar, afnám okurvaxtanna og lægra matvöruverð. Fólk sem þekkir náið lífskjör öryrkja og ellilífeyrisþega. Fólk sem greiddi atkvæði gegn Kárahnjúkavirkjun og mun fylgja nýrri umhverfisstefnu fast eftir. Ingibjörg Sólrún, Össur og Jóhanna gefa kost á sér til endurkjörs, en ég sækist eftir 4. sæti og vona að þú verðir með.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**
52 ára, alþingismaður, formaður Samfylkingarinnar
býður sig fram í 1. sæti

Kosningarnar á næsta vori verða gríðarlega mikilvægar. Verkefni Samfylkingarinnar er að brjóta á bak aftur tólf ára valda-bandalag Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og mynda frjálslynda jafnaðarstjórn sem setur verðmætasköpun, lýðræði og jöfnun lífskjara í öndvegi. Ég leita eftir skýru umboði frá stuðningsmönnum Samfylkingarinnar til að leiða það verkefni.

Ég hvet Samfylkingarfólk um land allt til að taka þátt í prófkjörum flokksins og velja sigursæla sveit til forystu í komandi kosningum. Þegar því er lokið er Samfylkingunni ekkert að vanbúnaði. Hún er tilbúin að leiða þjóðina á vit nýrra og spennandi tíma.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**
64 ára, alþingismaður
býður sig fram í 2.-3. sæti

Ég býð mig fram í eitt af forystu-sætunum í Reykjavík til að setja í forgang endurreisn velferðar-kerfisins í nýrri ríkisstjórn jafnaðarmanna og vinna gegn óþolandi ójöfnuði og misskiptingu í samfélaginu. Áherslur mínar verða m.a.

– að lækka skattbyrði fólks með lágar- og meðaltekjur.
– að lífeyrisgreiðslur beri aðeins fjármagnstekjuskatt.
– að afkomutrygging lífeyrisþega nægi fyrir framfærslu.
– að bæta stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra.
– að auka þjónustu við ungbarnafjölskyldur.
– að vinna gegn samþjöppun og fákeppni í atvinnulífinu.

Ég bið um stuðning þinn til að vinna áfram af fullum krafti að jöfnuði og réttlæti í þjóðfélaginu.



**KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR**
35 ára, varaþingmaður
býður sig fram í 5. sæti

Ég býð mig fram til Alþingis vegna þess að ég get ekki setið hjá. Mér finnst verkefni og hlutverk Samfylkingarinnar vera svo brýnt og íslenskt samfélag einmitt núna þurfa nýja framsækna forystu. Stærsta framfaraskref síðustu áratuga á Íslandi var opnun landsins með aðildinni að EES. Það var verk jafnaðarmanna. Næsta verkefni okkar er að stýra því sem best er í íslensku samfélagi – samstöðunni, frumkvæðinu og vináttu við aðrar þjóðir – heilu og höldnu inn í 21. öldina. Samfylkingin er málefnalega gríðarlega sterk. Verði mér veitt brautargengi mun ég óþreytandi og af sannfæringu tala fyrir sterkara samfélagi – í kosningabaráttu og áfram á Alþingi.



**MÖRÐUR ÁRNASON**
53 ára, alþingismaður,
býður sig fram í 4.-6. sæti

Við eigum næsta leik!
Í vor viljum við að almenningur geri Samfylkinguna að forystu-afli í íslenskum stjórnmálum. Nú veljum við þá sveit sem til þess dugar. Við þurfum fólk af ýmsu tagi, skynsamt og tilfinningaríkt, reynt og ferskt, mjúkt og hart, hugmyndaríkt, duglegt, sannfærandi – fólk með nógu mikið sjálfstraust til að geta líka efast og endurskoðað.

Við viljum samfélag frelsis og ábyrgðar. Samfélag þar sem menntun og menning mynda brumið í atvinnulífinu og kjarnann í mannlífinu. Íslenskt samfélag með opinn faðm – og líðum ekki misrétti og ójöfnuð. Og við viljum Fagurt Ísland.

Ég vil vera í þessu liði.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**
41 árs, borgarfulltrúi og fyrrverandi borgarstjóri
býður sig fram í 4. sæti

Það er okkar að breyta áherslum í íslensku samfélagi. Sá jákvæði jöfnuður sem verið hefur einn helsti styrkleiki þess er á undan-haldi. Ég hef barist og mun berjast fyrir jöfnum tækifærum allra án tillits til stéttar eða stöðu.

Við höfum sýnt að það skiptir máli hver stjórnar. Þegar jafnaðar-fólk tók við stjórn Reykjavíkur varð gjörbreyting á almennum lífsskilyrðum fjölskyldna í borginni og þjónustu við borgarbúa. Atvinnuuppbygging var markviss og fjármálastjórn styrk.

Við skulum skipta um þessa gömlu ríkisstjórn og mynda nýja sem tryggir sanngjarnan jöfnuð, réttlæti og skynsama meðferð auðlinda og almannafjár. Það er okkar verkefni.



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**
56 ára, sviðstjóri á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi
býður sig fram í 3.-5. sæti

Stjórnmál skipta máli. Stjórnmálamenn ákveða leikreglurnar. Nú eru leik-reglurnar þannig að þær leiða til óviðunandi misskiptingar. Þau sem fara með völdin hér á landi hafa ekki verið vandanum sem fylgir langri valdasetu vaxin. Á stundum veigrar fólk sér við að láta skoðanir sínar í ljósi af ótta við að þær þóknist ekki valdhöfunum. Þetta er óþolandi ástand. Því þarf að breyta og ég vil stuðla að því. Ég er viðskipta- og hagfræðimenntuð með fjölbreytta reynslu í störfum á alþjóðavettvangi, í opinberum rekstri og einkarekstri sem ég tel að muni nýtast mér vel á Alþingi Íslendinga.



**ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR**
61 árs, leikstjóri,
býður sig fram í 6.-8. sæti

Menntun, menning, jafnrétti, mannréttindi, kvenfrelsi, um-hverfismál. Vegvísar 21. aldar-innar. Raunsæ framtíðarsýn til að geta orðið fullgildir þátttak-endur í sköpunarsamfélaginu sem er afrakstur upplýsinga-samfélagsins. Skapandi hugsun og hugvit er sú auðlind sem framtíðin mun byggja á til að geta mætt sífellt nýrri þekkingu og aðstæðum. Sú auðlind nýtist best í samfélagi sem byggir á öflugu velferðarkerfi, félagslegu öryggisneti, menntun og menningu þar sem fólk getur öruggt þroskast, nýtt líf sitt til hins ýtrasta og elst með reisn. Samfélagi þar sem þekking, samábyrgð, skilningur og umfram allt mennska eru í fyrirrúmi.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**
53 ára, alþingismaður
býður sig fram í 2.-3. sæti

Í stjórnmálum dagsins er ekkert brýnna en skipta um ríkisstjórn. Verkefni ríkisstjórnar jafnaðar-manna eru mörg – og brýn. Það þarf að ná sátt um náttúru-verndarmál, styðja við nýjar atvinnugreinar svo sem hátækni, þekkingariðnað og ferðaþjónustu, lækka matarverð, efla menntun og menningu og tryggja að allir njóti sömu tækifæra í raun. Það þarf að undirbúa aðild að ESB, standa vörð um málskotsrétt forsetans, taka upp þjóðaratkvæði og tryggja þjóðareign á sameiginlegum auðlindum. Ég vil nýta reynslu mína úr forystu-stjórnmálum til að hrinda þessum verkum í framkvæmd.

**Kjördeild: Félagsheimili Þróttar í Laugardal.**

**Kjörfundur stendur frá kl. 10-18 laugardaginn 11. nóvember**

**Netkosning**
Félagar í Samfylkingunni í Reykjavík sem voru á kjörskrá 21. október hafa val um hvort þeir mæta á kjörstað til að greiða atkvæði eða greiða atkvæði á netinu. Nánari upplýsingar verða veittar á vef flokksins **www.samfylkingin.is** og vef Samfylkingarfélagsins í Reykjavík **www.sffr.is**.

**Utankjörfundaratkvæðagreiðsla:**
Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram á skrifstofu Samfylkingarinnar Hallveigarstíg 1 í Reykjavík dagana 30. október til 10. nóvember sem hér segir:

30.október til 3. nóvember kl. 10-17
Laugardag 4. nóvember kl. 12-16
Sunnudag 5. nóvember kl. 12-16
Mánudag 6. nóvember kl. 10-18
Þriðjudag 7. nóvember kl. 10-18
Miðvikudag 8. nóvember kl. 10-18
Fimmtudag 9. nóvember kl. 10-18
Föstudag 10. nóvember kl. 10-20

## PRÓFKJÖRSFRÉTTIR Á VEFNUM

Frekari fréttir af prófkjörinu og frambjóðendum er að finna á vef Samfylkingarinnar **www.samfylkingin.is** og Samfylkingarfélagsins í Reykjavík **www.sffr.is**

Samfylkingin

Samfylkingin

# SUÐVESTUR



**Prófkjörið er haldið laugardaginn 4. nóvember.**

Rétt til þess að greiða atkvæði í prófkjörinu hafa allir þeir sem skráðir eru félagsmenn í Samfylkingunni og orðnir eru 16 ára á þeim degi sem það er haldið og eiga lögheimili í Suðvesturkjördæmi. Ennfremur allir sem hafa kosningarétt í kjördæminu og skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við flokkinn.

---



**ANNA SIGRÍÐUR GUÐNADÓTTIR**
47 ára, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Mosfellsbæ
býður sig fram í 4.–5. sæti

Ég hef alla tíð verið jafnaðarmaður, mér er það í blóð borið. Jafnaðarstefnan snýst um frelsi einstaklinga til athafna á jafnréttisgrundvelli þar sem við berum ábyrgð á velferð allra í samfélaginu.

Í mínum huga er jafnaðarstefnan ekki bara pólitík heldur lífssýn. Lífssýn um mannúðlegt, frjálst samfélag manna. Hugsjónir mínar eiga samleið með Samfylkingunni og stefnu hennar. Samfylkingin er eini raunverulegi jafnaðarmannaflokkurinn á Íslandi, flokkur sem hefur festu, ábyrgð og burði til að mynda sterkara samfélag – fyrir alla. Að því markmiði vil ég halda áfram að vinna með Samfylkingunni.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**
40 ára, lögfræðingur, Reykjavík
býður sig fram í 2. sæti

Mikilvægasta verkefni okkar jafnaðarmanna er að koma ríkisstjórninni frá völdum – til að breyta um stefnu. Ný ríkisstjórn á að tryggja jöfn tækifæri fyrir alla – ekki bara suma. Við þurfum atvinnustefnu sem tryggir lífvænleg hátæknistörf og stöðugleika til lengri tíma en ekki tilviljanakennda stóriðjuuppbyggingu, verðbólguskot, kjaraskerðingu og umhverfisspjöll. Við þurfum menntun fyrir alla en ekki fjöldatakmarkanir í háskóla eða brottfall úr framhaldsskólum. Við þurfum sjálfstæða utanríkisstefnu, en ekki þýlyndi fortíðarinnar. Við þurfum dugmikla ríkisstjórn en ekki áframhaldandi andleysi og hugleysi.



**BJARNI GAUKUR ÞÓRMUNDSSON**
37 ára, íþróttakennari, Kópavogi
býður sig fram í 7.-8. sæti

Ég tel að reynsla mín og bakgrunnur, einkum á sviði íþrótta og forvarna komi til með að nýtast vel á löggjafarsamkomu Íslendinga.

Ég vil að framhaldsskólinn verði fjögur ár, allir fái jöfn tækifæri til þess að ná árangri, ríkisvaldið styðji betur við afreksbörn og ungmenni, að þeir sem leiðbeini börnum okkar með áhugamál sín á kvöldin og um helgar fái sómasamleg laun svo viðkomandi haldist lengur í því starfi.

Samfylkingin er eini jafnaðarmannaflokkur landsins og á að vera leiðandi afl í íslenskum stjórnmálum. Ég vil leggja hugsjón jafnaðarstefnunnar lið því hún hefur sjaldan átt brýnna erindi en einmitt nú.

---



**BRAGI JENS SIGURVINSSON**
58 ára, umferðareftirlitsmaður, Álftanesi,
býður sig fram í 5. sæti

Ég býð mig fram í fimmta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Ég hef verið virkur í Samfylkingunni frá stofnun og tók þátt í undirbúningi við stofnun kjördæmisráðsins þar. Ég hef tekið virkan þátt í sveitarstjórnarmálum sl. 20 ár og verið í sveitarstjórn á Álftanesi og unnið í fjölda nefnda á þeim vettvangi.

Áherslumál mín eru málefni eldri borgara og öryrkja. Bæta þarf kjör þessara hópa en hlutfall aldraðra mun vaxa hratt á næstu árum. Þeir sem byggt hafa upp velferðarþjóðfélagið og teljast nú til aldraðra eiga skilið að betur sé gætt að hagsmunum og velferð þeirra en gert hefur verið í tíð núverandi stjórnarflokka.



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**
33 ára, blaðamaður og tónlistarmaður, Reykjavík
býður sig fram í 4. sæti

Spurningarnar sem blasa við þjóðinni eru gríðarstórar. Ætlum við að fallast á það að vaxandi misskipting sé bara einhvers konar sjálfsagður hlutur sem við getum ekki breytt? Þarf verðlag á Íslandi alltaf að vera með því hæsta í heimi og vextirnir líka? Af hverju eru stjórnmálin orðin svona ólýðræðisleg og leynimakkið svona mikið? Og síðast en ekki síst: Ætlum við að samþykkja það að okkur sé virkilega nauðugur sá kostur að ganga á náttúruperlur okkar til þess að viðhalda hagvexti? Ég vil sýna fram á, með Samfylkingunni – af fullum krafti – að það séu til aðrar og mun betri leiðir fyrir Íslendinga.



**GUÐRÚN BJARNADÓTTIR**
60 ára, sálfræðingur, Hafnarfirði
býður sig fram í 5. sæti

Samfylkingin sameinar félagshyggjufólk. Kjósendur sýna að Samfylkingin er öflugt mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn. Í hlutarins eðli liggur að í stórum hópi eru skiptar skoðanir. Starfshópar í flokknum eru opnir þeim sem áhuga og þekkingu hafa og skila áliti sem oft er besta yfirsýn hverju sinni. Nefna má Evrópusambandið. Ég man vel er það var rætt á röð funda í Norræna húsinu. Slík samræða er ómetanleg. Starf í flokknum krefst vinnu og yfirlegu, en vel undirbúnar ákvarðanir efla traust mitt á að Samfylkingin sé vörður jafnréttis og velferðar, með félagshyggju í forvígi. Þess vegna býð ég mig fram.

---



**GUNNAR AXEL AXELSSON**
31 árs, viðskiptafræðingur, Hafnarfirði
býður sig fram í 4.–5. sæti

Samfylkingin var stofnuð með það að markmiði að byggja upp breiðfylkingu fólks sem vill sjá landinu stjórnað með jöfnuð og réttlæti að leiðarljósi. Nú liðlega sex árum eftir stofnfund flokksins er möguleiki á að það takmark náist. Næsta vor gefst okkur raunverulegt tækifæri til að ná settu marki og ég trúi því að með samstilltum og góðum hópi frambjóðenda náist fram sigur í komandi kosningum. Samfélagið kallar á breytingar, samfélagið kallar á stjórnvöld sem standa vörð um almannahagsmuni. Kjósendur kalla á aukið lýðræði og jafnara samfélag. Ég ætla að leggja mitt af mörkum til þess að svo geti orðið. Þess vegna býð ég mig fram fyrir Samfylkinguna.



**GUNNAR SVAVARSSON**
44 ára, bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri, Hafnarfirði
býður sig fram í 1. sæti

Það er okkur jafnaðarmönnum mikilvægt að ná að virkja það afl sem býr í íbúum landsins. Ég vil sjá til muna lýðræðislegri vinnubrögð, rekjanleika og gegnsæi. Sú reynsla og yfirsýn sem ég hef vegna starfa minna í atvinnulífinu svo og innan stjórnmálanna, sem sveitarstjórnarmaður og formaður framkvæmdastjórnar flokksins, mun nýtast okkur öllum til að skapa ný tækifæri þar sem við vinnum saman að hagsmunum heildarinnar. Styrkleiki framboðs Samfylkingarinnar í kjördæminu mun felast í breiddinni. Ég vil taka að mér það ábyrgðarhlutverk að leiða forystusveit okkar til sigurs af reynslu, ábyrgð og festu.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**
53 ára, tónlistarmaður og útgefandi, Reykjavík
býður sig fram í 3. sæti

Jafnaðarmenn mega vera stoltir af þjóðþrifaverkum sínum á Íslandi. Tvennt stendur þar upp úr: Baráttan fyrir löggjöfinni um almannatryggingar og baráttan fyrir inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið, sem bylti efnahagslífi landsins. En síðan jafnaðarmenn viku úr landsstjórninni árið 1995 hafa ýmsar skekkjur gert vart við sig í samfélaginu svo sem hvernig hallað hefur á þá fullorðnu kynslóð sem bæri með réttu að færa til hásætis fyrir elju sína en hefur í stað þess mátt þola versnandi kjör í samanburði við aðra samfélagshópa. Þetta er okkur til skammar.

Hér og víðar þurfa jafnaðarmenn að stíga inn á svið þjóðmálanna á ný. Það er tímabært að við jöfnum leikinn.



**JENS SIGURÐSSON**
28 ára, formaður Ungra jafnaðarmanna í Kópavogi, Kópavogi
býður sig fram í 4. sæti

Ég vil byltingu! Við jafnaðarmenn þurfum að beita samtakamætti fólksins gegn þeirri óréttlátu misskiptingu auðs og tekna sem núverandi ríkisstjórn hefur kallað yfir okkur. Ég vil beita mér fyrir samfélagsgerð sem stjórnast af mannúð og sanngirni, stéttlaust samfélag þar sem allir geta notið eigin verðleika og blómstrað.

Hér á landi þarf að lyfta grettistaki í málefnum fjölskyldunnar og eldri borgara. Hér þarf að laga húsnæðis- og matvælamarkað. Hér þarf nýja hugsun í umhverfismálum, nýja byggðastefnu og nýja atvinnustefnu. Hér þarf nýja ríkisstjórn og ég bið um stuðning til að taka þátt í því.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**
31 árs, alþingismaður, Kópavogi
býður sig fram í 2. sæti

Við þurfum að gera íslenskt samfélag manneskjulegra. Of þungar byrðar hvíla á barnafjölskyldum. Hátt húsnæðisverð, heimsins hæstu vextir, verðtryggingin eða verðbólguskatturinn, hátt matarverð, dýr skólaganga og læknisþjónusta, þungar afborganir af námslánum og fleira leggst allt á sömu kynslóðina. Kynslóðina sem er að skapa framtíðina – kynslóðina sem er að ala upp börnin okkar. Álagið á yngstu kynslóðirnar er alltof mikið. Í störfum mínum á Alþingi hef ég barist fyrir bættum lífskjörum barnafólks. Ég óska eftir stuðningi ykkar í 2.sætið, stuðningi við framtíðina.



**KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR**
56 ára, sjúkraliði og formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Kópavogi
býður sig fram í 3. sæti

Alþingi Íslendinga þarf að spegla alla þætti þjóðfélagsins og viðhorf allra stétta. Rödd verkalýðshreyfingarinnar með öllum sínum margbreytileika er þar með talin.

Ég hef verið í forystu launþega fyrir bættum kjörum og auknum réttindum. Baráttan hefur varðað flesta þætti í afkomu almennings, svo sem skatta, matvælaverð, menntun, heilbrigðisþjónustu, málefni aldraðra, öryrkja og sjúkra. Ég vil vinna að því að ná árangri varðandi þessa málaflokka á komandi kjörtímabili.

Á Alþingi þarf að sitja fólk með reynslu af þjóðmálum, hana hef ég og bíð því fram krafta mína til öruggrar setu á lista Samfylkingarinnar.



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON**
48 ára, bæjarfulltrúi og löggiltur rafverktaki, Álftanesi
býður sig fram í 2.-5. sæti

Senn er komið að þáttaskilum í íslenskri pólitík. Kominn tími til að skipta út þreyttum og úr sér gengnum valdhöfum fyrir nýja og öfluga þingmenn og nýja ríkisstjórn almennings.

Ég mun beita mér af alefli fyrir sigri Samfylkingarinnar í komandi kosningum.

Nú þarf að stilla upp reynslumiklu sigurliði sem þorir, vill og getur.

Fólki sem hefur reynslu, þekkingu og hæfni til að koma Samfylkingunni í jafnaðar- og félagshyggju ríkisstjórn.

Þess vegna bíð ég mig fram í 2. til 5. sæti.

Ég kalla eftir stuðningi félaga minna í Samfylkingunni.



**MAGNÚS M. NORÐDAHL**
50 ára, lögfræðingur ASÍ, Kópavogi,
býður sig fram í 2.-3. sæti

Ég býð mig fram vegna þess að hugsjón Samfylkingarinnar samræmist skoðunum mínum, upplagi sem jafnaðarmanns og reynslu innan verkalýðshreyfingarinnar. Lyfta þarf grettistaki í málefnum aldraða, tryggja raunverulegt jafnrétti til náms og húsnæðisöflunar, efla forvarnir gegn afbrotum, styrkja meðferðarúrræði og auka félagslega samstöðu. Nýta ber náttúruauðlindir með tilliti til heildar- og langtímahagsmuna og framkvæma friðarmótaða utanríkisstefnu sem ber virðingu fyrir mannréttindum og margbreytileika. Aðferðafræði jafnaðarmanna byggir á virðingu og sköpun tækifæra og þannig mun ég vinna.



**SANDRA FRANKS**
40 ára, varaþingmaður, Álftanesi
býður sig fram í 3.-4. sæti

Það skiptir öllu máli að allir hafi jöfn tækifæri í lífinu, að samfélagið liðsinni þeim sem lenda í erfiðleikum og að það sé pláss fyrir alla. Ég vil aukinn stuðning við fötluð og langveik börn, og mannréttindi fyrir aldraða. Ég þoli ekki misrétti. Á Alþingi barðist ég gegn okri símafyrirtækjanna og vil að Samfylkingin geri málefni neytenda að stórmáli. Ég legg áherslu á umferðaröryggi og vil bæta vegasamgöngur og hækka ökuleyfisaldurinn upp í 18 ár. Ég vil ekki fleiri stórvirkjanir á hálendinu og ég vil að Samfylkingin geri hátækni, en ekki stóriðju, að atvinnulífi framtíðarinnar.



**SONJA B. JÓNSDÓTTIR**
53 ára, myndlistarkennari og kvikmyndagerðarmaður, Seltjarnarnesi
býður sig fram í 4.-5. sæti

Jöfnuður er forsenda þess að allir geti lifað með reisn. Ég vil vinna að réttlæti í skattamálum, auknum jöfnuði og jafnrétti kynjanna.

Ég vil auka lífsgæði öryrkja og aldraðra, tryggja þeim tekjur sem duga til framfærslu og auka möguleika þeirra til að afla viðbótartekna.

Ég vil vinna að forvörnum í æskulýðs-, heilbrigðis- og umferðarmálum. Styrkja þarf stöðu framhaldsskólanna og efla iðnnám. Góðir skólar með fjölbreyttar námsleiðir útskrifa fleiri sjálfstæða og skapandi einstaklinga með gagnrýna hugsun. Slíkir einstaklingar munu standa fyrir nýsköpun í atvinnulífinu og breytingum á þjóðfélaginu.



**TRYGGVI HARÐARSON**
52 ára, fyrrverandi bæjarstjóri, Hafnarfirði
býður sig fram í 3. sæti

Það hlýtur að vera jafnaðarmönnum þungbært að horfa upp á þann ójöfnuð sem hefur verið að aukast í okkar ágæta samfélagi síðasta áratuginn. Launabilið hefur aldrei verið meira og ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hefur aukið misréttið með aðgerðum sínum í skattamálum. Þannig hefur skattbyrði þeirra sem lökust hafa kjörin, s.s. hjá öryrkjum og öldruðum, vaxið á sama tíma og þeir sem mestar tekjurnar hafa greiða hlutfallslega minna til samfélagsins. Þessu þarf að breyta og það verður hlutverk jafnaðarmanna í næstu ríkisstjórn að vinda ofan af því óréttlæti og ójöfnuði sem ríkisstjórnin hefur alið á. Það er það stóra verkefni sem blasir við.



**VALDIMAR LEÓ FRIÐRIKSSON**
46 ára, alþingismaður, Mosfellsbæ,
býður sig fram í 3. sæti

Ég vil berjast fyrir auknum jöfnuði í þjóðfélaginu. Mín áhersluatriði litast af eigin lífsreynslu og störfum og eru því velferðarmál og íþrótta- og æskulýðsmál efst á baugi. Það þarf að gera átak í málefnum fatlaðra og allra lífeyrisþega og vinna að auknum forvörnum. Íþróttir- og æskulýðsstarf er eitt besta forvörnin fyrir börn og unglinga gegn vímuefnum og óreglu. Þess vegna þarf Alþingi að koma meira að stefnumótun, uppbyggingu og fjármögnun íþrótta- og æskulýðsmála á Íslandi. Reynsla mín af störfum á Alþingi segir að það þurfi að efla lýðræðislega stjórnarhætti og gefa fólkinu í landinu færi á að taka meiri þátt í ákvarðanatöku í mikilvægum málum, t.d. umhverfismálum.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**
40 ára, alþingismaður, Garðabæ
býður sig fram í 1. sæti

Viltu búa í samfélagi þar sem ólíkar manneskjur fá að njóta sín? Viltu búa í landi þar sem fólk þarf ekki að búa við fátækt? Viltu tilheyra samfélagi sem hugsar betur um börnin sín? Viltu hafa jöfnuð og frelsi að leiðarljósi við stjórn landsins? Langar þig líka til að skipta um ríkisstjórn í vor? Ef svo er, þá áttu samleið með Samfylkingunni inn í nýja og betri tíma. Ég bið um stuðning þinn í fyrirliðstöðuna hjá Samfylkingunni í Suðvesturkjördæmi. Okkar bíða stór og brýn verkefni í ríkisstjórn Íslands. Við vonum að kjósendur styðji okkur svo að verkið geti hafist næsta vor.

## Kjörstaðir:

**Hafnarfjörður** Strandgata 43 – kosið frá kl. 10 til kl. 20
**Álftanes** Skátaheimilið Skátakot v/Breiðamýri – kosið frá kl. 10-20
**Garðabær** Garðatorg 7 – kosið frá kl. 10-20
**Kópavogur** Hamraborg 11– kosið frá kl. 10-20
**Seltjarnarnes** Valhúsaskóli við Suðurströnd – kosið frá kl. 10-20
**Mosfellsbær** Þverholt 3 – kosið frá kl. 10-20
**Kjós** Kaffi Kjós við Meðalfellsvatn – kosið frá kl. 12-14

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla:

Kjósa má utan kjörfundar á skrifstofu Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg 1 í Reykjavík alla virka daga frá kl. 10-18. Ennfremur á skrifstofum Samfylkingarfélaganna að Strandgötu 43 í Hafnarfirði, Hamraborg 11 í Kópavogi og að Þverholti 3 í Mosfellsbæ dagana 30. október til og með 3. nóvember milli kl. 17 og 19.

## FRAMBJÓÐENDAKYNNING

Opinn kynningarfundur með öllum frambjóðendum í Suðvesturkjördæmi verður haldinn í Félagsheimili Kópavogs kl. 20.00, miðvikudaginn 25. október. Allir velkomnir.

Samfylkingin

Samfylkingin

# NORÐ-VESTUR



**Prófkjörið verður haldið helgina 28.-29. október**

Prófkjörið er opið öllum flokksmönnum og stuðningsmönnum í kjördæminu.



**ANNA KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR**
54 ára, alþingismaður,
Sauðárkróki
gefur kost á sér í 1.-2. sæti

Nýsköpun atvinnulífs er forsenda jafnvægis í byggð landsins. Bæta þarf starfsumhverfi bænda og afkomu samhliða lækkun matarverðs. Ég vil beita mér fyrir náttúruvernd með fjölbreyttari atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Mikilvægt er að bæta aðgengi að menntun, með sérstaka áherslu á framhaldsmenntun og háskólamenntun. Styðja þarf betur við nemendur, sem eru fjarri heimilum vegna skólagöngu. Menntun er jöfnunartæki samtímans og mikilvægt er að allir þegnar landsins eigi kost á henni. Ég vil sjá stórátak í samgöngum, með áherslu á þau svæði sem farið hafa halloka á undanförnum árum.



**BENEDIKT BJARNASON**
37 ára, nemi við Háskólann á Bifröst,
Ísafirði,
gefur kost á sér í 3.-4. sæti

Það eru spennandi tímar framundan sem kalla á nýjar áherslur og skýra sýn.

Ég tel að tækifæri landsbyggðarinnar hafi verið að aukast á seinni árum. Með markvissri og metnaðarfullri stefnu í samgöngu-, atvinnu- og menntamálum mun samkeppnisstaða okkar styrkjast og verða sambærileg við önnur kjördæmi. Góðar samgöngur eru forsenda þess. Ég er áhugasamur um færslu á verkefnum frá ríki til sveitarstjórna. Sveitarstjórnir eru best í stakk búnar til að taka ákvarðanir um þjónustu við íbúa. Styrking sveitarstjórnarstigsins er leiðin til að styrkja byggðir landsins.

Þessum málum langar mig að berjast fyrir.



**BJÖRN GUÐMUNDSSON**
50 ára, smiður,
Akranesi,
gefur kost á sér í 4. sæti

Ég býð mig fram fyrir Samfylkinguna vegna þess að:

Samfylkingin er réttlátur stjórnmálaflokkur með skýr markmið. Samfylkingin lætur alla þegna landsins sig varða. Samfylkingin er ekki bundin í fjötra sérhagsmuna. Samfylkingin er flokkur jöfnuðar, frelsis og bræðralags. Samfylkingin er umburðarlyndur flokkur sem rúmar mismunandi skoðanir. Samfylkingin vill nýta landið á skynsamlegan hátt með hagsmuni allra landsmanna að leiðarljósi. Samfylkingin vill réttlátt velferðakerfi fyrir alla landsmenn. Samfylkingin vill réttláta tekjuskiptingu í landinu. Samfylkingin vill sjálfstæða utanríkisstefnu. Samfylkingin vill halda byggð í öllu landinu og styrkja fólk til þess.



**BRYNDÍS FRIÐGEIRSDÓTTIR**
48 ára, svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands á Vestfjörðum,
Ísafirði
gefur kost á sér í 2.-3. sæti

Samfylkingin á brýnt erindi við Íslendinga um jöfnuð réttlæti og samábyrgð. Samkvæmt niðurstöðum sérfræðinga hefur íslenska velferðarkerfið færst í átt frá hinu skandinavíska til hins ameríska.

Samfélagið einkennist af græðgi og ótta við þá sem hafa völdin. Við svo búið má ekki standa og er því afar mikilvægt að velferðarstjórn komist til valda og leiðrétti þann aðstöðumun sem fólk býr við um allt land.

Samfylkingin þarf að vera kjölfestan í þeirri velferðarstjórn.



**EINAR GUNNARSSON**
30 ára, kennari,
Stykkishólmi
gefur kost á sér í 3.-4. sæti

Ég er tilbúinn að leggja mitt af mörkum til að Samfylkingin haldi áfram að vaxa og dafna í anda jöfnuðar, frelsis og samábyrgðar. Stjórnmál eiga að snúast um hag allrar þjóðarinnar til framtíðar og því verðum við að hvetja sem flesta til þátttöku og þankagangs er varða þjóðmálin.

Samfylkingin er breiður og nútímalegur flokkur sem er spennandi kostur fyrir ungan mann með framtíðarsýn.

Ég tel afar brýnt að Samfylkingin komist að stjórnartaumunum í komandi þingkosningum svo land og lýður fái notið þeirrar vinnu og krafts sem býr í flokksmönnum. Samfylkingin hefur sterka framtíðarsýn sem byggir á jákvæðum grunngildum þjóðarinnar, þess vegna er ég tilbúinn.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**
56 ára, skólastjóri,
Akranesi
gefur kost á sér í 1.-2. sæti

Ég valdi Samfylkinguna því hún hefur þá víðsýni og framtíðarsýn sem þarf til að leiða frjálslynda velferðarstjórn á Íslandi. Samfylkingin er tilbúin að leita nýrra leiða og skapa ný tækifæri á grunni jafnræðis, samábyrgðar og frelsis.

Með Samfylkingunni vil ég endurreisa velferðarkerfið, efla menntun, bæta hag fjölskyldunnar, jafna samkeppnisstöðu milli atvinnugreina og landshluta, milli þéttbýlis og dreifbýlis og stuðla þannig að réttlátara samfélagi. Ég tel að reynsla mín í skólastjórn og ýmsum trúnaðar- og forystustörfum í sveitarstjórn auk starfa í fjölda nefnda og ráða, m.a. bankaráði geti nýst til góðra verka á Alþingi og býð því fram krafta mína.

## VANTAR ÞIG UPPLÝSINGAR?

Allar upplýsingar um prófkjör Samfylkingarinnar eru veittar á skrifstofu flokksins Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík. Hringið í síma 414-2200 eða sendið tölvupóst á **samfylking@samfylking.is**.

Samfylkingin



**HELGA VALA HELGADÓTTIR**
34 ára, fjölmiðlakona og laganemi,
Bolungarvík
gefur kost á sér í 2.-3. sæti

Það er löngu kominn tími á þessa ríkisstjórn ójöfnuðar og peningahyggju. Nú er komið að líðan og tilveru fólksins í landinu og þá landinu öllu. Íbúar landsbyggðarinnar hafa allt of lengi sætt sig við annars flokks þjónustu hvort sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu, samgöngur eða fjarskiptaþjónustu. Þessu má auðveldlega breyta með réttri forgangsröðun. Huga verður að fjölbreyttri atvinnu um allt land til að gefa fleirum kost á að flytja úr erli höfuðborgarinnar. Öryggisráð og annars konar skrautfjaðrir eiga að sitja á hakanum á meðan til eru einstaklingar í landinu sem ekki eiga til hnífs og skeiðar.



**KARL MATTHÍASSON**
54 ára, sóknarprestur og fyrrverandi alþingismaður,
Reykjavík
gefur kost á sér í 1.-2. sæti

Ég vil taka þátt í því mikilvæga verkefni Samfylkingarinnar að auka hér jöfnuð og rétta kúrs þjóðarskútunnar sem hefur illa villst af leið. Ég vil stuðla að jafnrétti til náms og að byggðir landsins fái að blómstra og dafna. Ég vil taka þátt í því mikilvæga verkefni Samfylkingarinnar að rétta hag öryrkja og aldraðra. Einfalda verður almannatryggingakerfið.
Ég vil taka þátt í því mikilvæga verkefni Samfylkingarinnar að ráðast með miklum krafti gegn fíkniefnavandanum. Þá vil ég taka þátt í því að lánakostnaður, vextir, verðbætur og alls kyns gjöld sligi ekki heimilin í landinu.



**RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR**
34 ára, lektor í Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri,
Snæfellsbæ
gefur kost á sér í 3. sæti

Ef einhvers staðar er hægt að byggja upp réttlátt og gott samfélag þá er það á Íslandi. Ég vil vinna að framförum, friði, náttúruvernd og jafnrétti. Nú þarf að leggja áherslu á fjölskylduvænt samfélag, þar sem ungir og gamlir fá notið sín sem best. Mikilvægt er að taka vel á móti nýjum Íslendingum og hjálpa þeim að festa hér rætur.

Sterk og nærandi samfélög eru forsenda lifandi menningar á viðkomandi svæðum, fyrir frekari nýsköpun og framþróun. Á sama hátt og rödd Vestlendinga er mikilvæg á landsvísu getur rödd Íslendinga haft mikil áhrif á alþjóðavettvangi.

Það er margt að breytast og í breytingunum felast tækifæri fyrir duglega þjóð.



**SIGURÐUR PÉTURSSON**
48 ára, bæjarfulltrúi,
Ísafirði
gefur kost á sér í 1.-4. sæti

Málefni landsbyggðarinnar þurfa öflugan málsvara á Alþingi Íslendinga.

Brýnastar eru bættar samgöngur og úrbætur í atvinnumálum. Ný sókn í atvinnumálum byggir á fjölbreytni í framleiðslu og þjónustu; háskóla- og rannsóknarstarfsemi; umbótum í sjávarútvegi og skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda.

Jafnaðarmenn þurfa að leggja áherslu á jöfnuð í skatta- og lífeyrismálum og berjast gegn fátækragildrum. Samfylkingin er brjóstvörn launþega og neytenda í landinu. Fyrir þeim málstað vil ég berjast: Stöndum vörð um afkomuöryggi, velferðarþjónustu og jafnrétti til náms undir merkjum jafnaðarstefnunnar!



**SVEINN KRISTINSSON**
60 ára, bæjarfulltrúi,
Akranesi
gefur kost á sér í 1. sæti

Hindra verður að velferðarþjóðfélagið sé mölvað niður og því breytt í misréttissamfélag að amerískri fyrirmynd. Treysta verður innviði þess á nýjan leik og tryggja landsmönnum jafnan rétt án tillits til tekna og búsetu. Allir eiga að hafa sama aðgengi að velferðarþjónustu og því þarf að efla landsbyggðina í samkeppninni við stóru þéttbýlissvæðin. Færa þarf verkefni frá ríki til sveitarfélaga og tryggja þeim jafnframt tekjur til rekstrar og aukinnar þjónustu við íbúana. Stórbættar samgöngur, fjölbreytt framhaldsmenntun, aðgengileg upplýsingahraðbraut og traust atvinnulíf eru nokkur grundvallaratriði í jöfnun lífskjaranna. Á þetta legg ég megináherslu.

## Kjördeildir:

Kjörfundir verða opnir sem hér segir:
Laugardaginn 28. október kl. 12:00 til 18:00
Sunnudaginn 29. október kl. 10:00 til 12:00
Talið verður í Brekkubæjarskóla á Akranesi, sunnudaginn 29. október.

**Sauðárkrókur** Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

**Blönduós** Þverbraut 1 (Ósbær).

**Hvammstangi** Félagsheimilið Hvammstanga, niðri.

**Bolungarvík** Salur Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Hafnargötu 36.

**Ísafjörður og Flateyri** Edinborgarhúsið.

**Suðureyri** Bjarnaborg.

**Þingeyri** Félagsheimilið.

**Tálknafjörður** Miðtúni 3

**Patreksfjörður** Zero við Eyrargötu.

**Hólmavík** Félagsheimilið.

**Stykkishólmur** Verkalýðshúsið Stykkishólmi.

**Grundarfjörður** Verkalýðshúsið Stjarnan.

**Ólafsvík** Mettubúð.

**Borgarnes** Alþýðuhúsið við Sæunnargötu.

**Bifröst** Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

**Akranes** Jónsbúð.

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla:

Kjósa má utan kjörfundar á skrifstofu Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg 1 í Reykjavík alla virka daga frá kl. 10-18.

Þeir sem eru að heiman kjördagana eða eiga ekki heimangengt geta óskað eftir því að fá send kjörgögn á lögheimili sitt. Nánari upplýsingar vegna þessa eru veittar á skrifstofu Samfylkingarinnar, Hallveigarstíg 1, í síma 414-2200 og í tölvupósti: samfylking@samfylking.is


# KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á samfylking.is!

Vefur Samfylkingarinnar hefur að geyma nýjustu fréttir af Samfylkingunni, prófkjörsfréttir, kynningu á frambjóðendum auk upplýsinga um starf flokksins á þingi og í sveitarstjórnum, stefnu flokksins, kjörna fulltrúa og margt fleira. Kynntu þér málin á **www.samfylking.is**.

Samfylkingin

Samfylkingin

# NORÐ-AUSTUR



Kosningin fer fram með póstkosningu og voru kjörgögnin send út þann 20. okt. sl.

Frestur til að skila atkvæðum í póst rennur út þann 31. okt. n.k. Atkvæði sem póststimpluð eru eftir þann tíma eru ekki gild.

Kosningarétt hafa félagsmenn Samfylkingarinnar sem eiga lögheimili í Norðausturkjördæmi 17. október 2006.

Kosið er um þrjú sæti og eru þau bindandi. Atkvæði greidd fleiri eða færri frambjóðendum ógildir atkvæðaseðilinn.

Tryggt skal að bæði kynin eigi sæti í efstu sætum listans.

Atkvæði í prófkjörinu verða talin laugardaginn 4. nóvember í Lárusarhúsi, Eiðsvallagötu 18, Akureyri. Talningin verður fyrir luktum dyrum en á meðan á talningu stendur verður kosningavaka. Samfylkingarfólk er hvatt til að mæta og fylgjast með.



**BENEDIKT SIGURÐARSON**
54 ára, aðjúnkt,
Akureyri
gefur kost á sér í 1. sæti

Ég býð mig fram fyrir Samfylkinguna með það að markmiði að skerpa framtíðarsýn flokksins og efla jafnræði milli hópa í samfélaginu og milli búsvæða á landinu.

Það er mér hjartans mál að efla menntun og uppeldi og leggja grunn að hagkerfi þar sem þekking og sérhæfð þjónusta skapa efnahagslega velsæld. Því er brýnt að fella niður skatta á barnafötum og barnavörum og tryggja að kostnaður foreldra, t.d. vegna veikinda barna og vistunar og vegna starfsemi íþróttafélaga og listaskóla, verði að verulegu leyti frádráttarbær frá skatti. Börnin eru framtíðin.



**EINAR MÁR SIGURÐARSON**
54 ára, alþingismaður,
Fjarðabyggð
gefur kost á sér í 2. sæti

Samfylkingin í Norðausturkjördæmi þarf að bjóða fram sterkan og öflugan framboðslista í vor. Lista sem höfðar til sem flestra kjósenda í kjördæminu og hefur traust til að vera boðberi breytinga og kröfunnar um aukinn jöfnuð í samfélaginu. Okkar hlutverk í nýrri ríkisstjórn er að tryggja breytta stjórnarstefnu þar sem megináhersla verður lögð á grundvallargildi jafnaðarstefnunnar um aukið réttlæti og jöfnuð. Ekki skortir verkefni í málefnum landsbyggðarinnar en þörf er á að láta verkin tala á ýmsum sviðum.

Ég tel að reynsla mín og þekking nýtist í þessum tilgangi og býð mig því fram í 2. sætið.



**JÓNÍNA RÓS GUÐMUNDSDÓTTIR**
49 ára, framhaldsskólakennari,
Egilsstöðum
gefur kost á sér í 3. sæti

Þátttaka í pólitík er merki um félagslega virkni. Ég hef alltaf verið félagslega virk, sennilega vegna sterkrar réttlætiskenndar. Það er eðlilegt að langa á þing ef réttlætiskenndin er sterk. Alþingi er löggjafarsamkoma þjóðarinnar þar á maður að vera ef maður telur nauðsynlegt að breyta þjóðfélaginu. Ég hef aldrei verið eins sannfærð um neitt og að nú verði að breyta þjóðfélagsmynstrinu. Auðvaldshyggja og mismunun er ekki ásættanleg hugmyndafræði til stjórnunar í okkar gamla lýðræðissamfélagi. Manngildi og jöfnuður er Íslandi samboðið, mig langar til að vera með í að gera Ísland aftur að samfélagi þar sem allir geta lifað með reisn.



**KRISTJÁN ÆGIR VILHJÁLMSSON**
19 ára, nemi,
Akureyri
gefur kost á sér í 3. sæti

Menntakerfið þarf að endurskoða frá grunni. Það að Ísland sé að útskrifa fæstu nemendurna með stúdentspróf á Norðurlöndunum gengur ekki. Samkvæmt skýrslu OECD er skólaganga Íslendinga á aldrinum 25-64 ára ein sú minnsta af aðildarlöndum stofnunarinnar. Að hafa skólagjöld við opinbera háskóla á ekki að vera í umræðunni, menntun er eitt besta frelsis- og jöfnunartæki sem við búum yfir. Mikilvægt er að auka fjármagn til skólanna, það fjársvelti sem skólarnir þola, er ekki ásættanlegt. Ísland þarf að ganga í Evrópusambandið og taka upp evruna, það hefur í för með sér meira jafnvægi í efnahagslífinu.



**KRISTJÁN L. MÖLLER**
53 ára, alþingismaður,
Siglufirði
gefur kost á sér í 1. sæti

Ég lít þannig á að framundan sé mikil barátta. Barátta sem skiptir miklu máli fyrir okkur öll í Norðausturkjördæmi. Við þurfum að nýta þau sóknarfæri sem eru að skapast í kjördæminu.

Ég hef á Alþingi lagt mig fram um að berjast gegn landsbyggðarsköttum og fyrir menntasókn, atvinnuuppbyggingu og úrbótum í samgöngumálum. Mér finnst skipta máli að ganga glaður og bjartsýnn til leiks þótt oft blási á móti í baráttunni.

Ég vona að aðalframbjóðandinn sigri í öllum okkar prófkjörum - þessi aðalframbjóðandi er að sjálfsögðu Samfylkingin - flokkurinn okkar og jafnaðarstefnan.



**LÁRA STEFÁNSDÓTTIR**
49 ára, framkvæmdastjóri,
Akureyri
gefur kost á sér í 2. sæti

Það skiptir mig meginmáli að fólk geti lifað og starfað með reisn í hverju sem það tekur sér fyrir hendur. Fyrir það vil ég vinna á Alþingi Íslendinga.

- Atvinnumál. Fjölbreytt atvinna óháð búsetu og að konur þurfi ekki að búa við margfalt atvinnuleysi á við karla.
- Fjölskyldumál. Fjölskylda í dreifbýli sé ekki aðskilin vegna náms, atvinnu eða veikinda.
- Jafnrétti. Jafnrétti óháð búsetu, heilbrigði eða kyni.
- Menntamál. Fjölbreytt nám á framhalds- og háskólastigi í heimabyggð.
- Samgöngur. Stækka athafnasvæði íbúa og tryggja hraðvirkt Internetsamband um allt kjördæmið.

Samfylkingin er sameiningarafl þeirra sem standa fyrir jöfnuð í samfélaginu. Þar á ég heima.



**RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**
38 ára, lögfræðingur,
Húsavík
gefur kost á sér í 1.-3. sæti

Ég vil stuðla að auknu jafnrétti, jafnrétti karla og kvenna, launajafnrétti og jafnrétti í stöðuveitingum, jafnræði í heilbrigðisþjónustu og til menntunar. Uppræta verður misskiptingu, sem er orðin í landinu, m.a. í gegnum skattalöggjöf. Rétta verður hlut barnafjölskyldna, einstæðra foreldra og lífeyrisþega og jafna aðstöðumun landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborginni. Stöðva verður einkavæðingu. Þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um aðild að ESB. Ég vil eiga hlut að því að grundvallargildi jafnaðarstefnunnar endurspeglist í lagasetningu.



**SVEINN ARNARSSON**
22 ára, lögfræðinemi,
Akureyri
gefur kost á sér í 3. sæti

Kosningarnar í vor munu snúast um velferð og aftur velferð. Í tíð fráfarandi ríkisstjórnar hefur verið sótt að velferðarkerfinu úr öllum áttum. Ef áfram heldur sem horfir munum við ganga af velferðarkerfinu dauðu. Við jafnaðarmenn verðum að komast til valda og snúa við blaðinu. Við þurfum að hlúa að mennta- og heilbrigðiskerfinu sem eru grunnstoðir okkar velferðarkerfis. Ég er ungur að árum og eru mér málefni ungs fólks þar að leiðandi mjög hugleikin. Ég vil gera vel við ungar barnafjölskyldur og námsmenn. Frá því ríkisstjórnarflokkarnir hófu samstarf sitt fyrir allt of löngu síðan hefur þessi þjóðfélagshópur setið á hakanum.



**ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON**
53 ára, lögmaður,
Húsavík
gefur kost á sér í 1.-3. sæti

Helsta baráttumál mitt nú snýr að byggðamálum og jöfnum tækifærum landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins til að nýta þá miklu orku sem víða leynist á Íslandi. Þingeyjarsýslur eru einn mesti orkupottur á Íslandi og þessa orku þarf að nýta til að skapa störf í Norðurlandi. Þetta eflir innviði svæðisins, t.d. heilbrigðisstofnanir, framhaldsskóla og Háskólann á Akureyri.

Ég hef tekið sæti á Alþingi og komið þar fram ýmsum málum, t.d. varðandi rannsóknir á sjóðandi lághita og vinnu nefndar um litróf íslenska fasteignamarkaðarins. Einnig hef ég fengið samþykkt lög sem breyttu öllum refsiákvæðum fiskveiðistjórnarlöggjafarinnar.

# MUNDU AÐ KJÓSA!

Við hvetjum flokksfélaga í Norðausturkjördæmi til að nýta atkvæðisrétt sinn og taka þátt í prófkjörinu. Munið að póstleggja atkvæðaseðla eigi síðar en 31. október.

Samfylkingin

# ÁTTU ÆTTINGJA EÐA VINI ERLENDIS?

**Frestur til að sækja um kosningarétt rennur út 1. desember 2006**
Hafi íslenskur ríkisborgari dvalið erlendis lengur en 8 ár frá 1. desember 2006 talið, getur hann einungis kosið í alþingiskosningunum 2007 hafi hann fyllt út og sent Hagstofunni umsókn um slíkt fyrir 1. desember 2006. Slíka umsókn má nálgast á **www.thjodskra.is**.

**Hverjir mega kjósa?**
Allir íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri, með lögheimili á Íslandi. Sé lögheimili flutt til útlanda er viðkomandi á kjörskrá næstu 8 ár frá 1. desember 2006 talið.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla erlendis fer fram á skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar, hjá alþjóðastofnun, í sendiráðsskrifstofu eða á skrifstofu kjörræðismanns. Einnig geta sendiherrar haldið kjörfund á svæði þar sem margir Íslendingar búa, berist ósk um slíkt til sendiráðs.
Utanríkisráðuneytið auglýsir kjörstaði og tíma á vefsíðu sinni.
Framvísa skal skilríkjum á kjörstað.

Frekari upplýsingar fást á skrifstofu Samfylkingarinnar s. 414-2200 en einnig má senda tölvupóst á **samfylking@samfylking.is**.

Samfylkingin

Samfylkingin

# SUÐUR



## Opið prófkjör Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi 4. nóvember 2006

Atkvæðisrétt í prófkjörinu hafa allir kosningabærir einstaklingar í Suðurkjördæmi sem lögheimili eiga í kjördæminu á kjördag.



**ÁRNI RÚNAR ÞORVALDSSON**
30 ára, grunnskólakennari og forseti bæjarstjórnar, Hornafirði
býður sig fram í 3.-4.sæti

Ástæðan fyrir því að ég býð mig fram fyrir Samfylkinguna er sú að ég er jafnaðarmaður og hef mikinn áhuga á að taka þátt í því að fella núverandi ríkisstjórn. Síðastliðið vor tók ég þátt í sveitarstjórnarkosningum á Hornafirði þegar ég leiddi lista Samfylkingarinnar. Kosningarnar sýndu svo ekki verður um villst að jafnaðarstefnan á svo sannarlega hljómgrunn hjá almenningi. Verkefni Samfylkingarinnar er að fella ríkisstjórnina og leiða síðan ríkisstjórn sem styðst við lausnir jafnaðarstefnunnar. Ég vil leggja mitt af mörkum til að svo megi verða og býð mig þess vegna fram fyrir Samfylkinguna.



**BERGVIN ODDSSON**
20 ára, nemi og formaður UngBlind, Grindavík
býður sig fram í 4.-5.sæti

Ég býð mig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar því ég er gallharður Samfylkingarmaður. Ég vil einnig leggja mitt lóð á vogaskálarnar fyrir bættum hag í landinu. Bæta lífskjör öryrkja og ellilífeyrisþega, samræma 18 ára aldurinn til bílprófs og áfengiskaupa á bjór og léttvíni. Einnig vil ég fella niður stimpilgjöldin, vörugjöld, tolla og virðisaukaskatt af hjálpartækjum fyrir fatlaða ásamt getnaðarvörnum. Ég er talsmaður unga fólksins, ellilífeyrisþega og öryrkja því ég er sjálfur blindur. Það skiptir máli að ungt fólk fái tækifæri í íslenskum stjórnmálum, því það kemur að því að unga fólkið taki við af þeim eldri og reyndari.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**
36 ára, alþingismaður, Skarði, Gnúpverja- og Skeiðahreppi
býður sig fram í 1. sæti

Í kosningunum í vor verður kosið um grundvallaratriði. Jöfnuð og jafnrétti gegn auknum ójöfnuði og aukinni misskiptingu. okkar til öruggs samfélags grundvallast á traustu velferðarkerfi, menntun og sterku atvinnulífi. Ég vil sjá samfélag, þar sem ójöfnuður minnkar og þar sem sterk áhersla er lögð á trausta ókeypis menntun og öflugt heilbrigðiskerfi. Í samfélagi framtíðarinnar þarf að ríkja jafnrétti milli kvenna og karla, og virðing fyrir mannréttindum allra, ekki síst öryrkja og aldraðra.

Í vor fá Íslendingar tækifæri til að breyta um landstjórn, og velja einstaklinga sem fá það verkefni að skapa sanngjarnt samfélag. Í því verður enginn skilinn eftir.



**GUÐRÚN ERLINGSDÓTTIR**
44 ára, formaður Verslunarmannafélags Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum.
býður sig fram í 3.-4. sæti

Erindi mitt á Alþingi Íslendinga er að breyta þeim ójöfnuði sem ríkir í þjóðfélaginu. Ég legg áherslu á að sveitarfélögin fái nægjanlegt fjármagn til þess að veita íbúum sínum góða þjónustu. Bæta þarf kjör barnafólks m.a. með gjaldfrjálsum leikskóla. Málefni aldraðra og fatlaðra á að færa heim í hérað með nægjanlegu fjármagni. Bæta þarf samgöngur og fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Ferðaþjónustu þarf að styrkja sem heilsársatvinnugrein. Ég vil bæta hag öryrkja og bótaþega með raunhæfum endurhæfingarúrræðum og sveigjanlegra bótakerfi. Ég vil sjá stórátak í meðferðar- og forvarnarmálum.



**GYLFI ÞORKELSSON**
45 ára, framhaldsskólakennari, Selfossi
býður sig fram í 4.-5. sæti

Ég hef lengi gegnt forystuhlutverki í íþróttahreyfingunni og sit í bæjarstjórn Árborgar. Eitt helsta baráttumál mitt er efling sveitarstjórnarstigsins. Sú aðgerð mun stórbæta alla fjölskyldu- og velferðarþjónustu í landinu. Aukin menntun er lykill að framtíðinni og staðbundið háskólanám grundvöllur að vexti og auknum tækifærum á landsbyggðinni. Kjör og aðbúnaður öryrkja og aldraðra er til skammar. Skref til úrbóta er að koma þjónustunni á eina hendi. Umhverfismál eru mér afar hugleikin. Á Alþingi er rúm fyrir fleiri hugsjónamenn sem fylgja sannfæringu sinni fremur en flokkssaga.



**HLYNUR SIGMARSSON**
37 ára, deildarstjóri hjá Fiskistofu, Vestmannaeyjum
býður sig fram í 2. sæti

Ég ætla mér að setja í öndvegi að berjast fyrir hagsmunum kjördæmisins. Hagsmunir okkar snúast um að við getum búið þar sem okkur líður vel og að ríkisvaldið stuðli að því að samfélagið okkar sé búsetuhæft í formi atvinnulífs, samfélagsþjónustu og samgangna. Við getum velt því fyrir okkur hvernig okkur hefur vegnað á undanförnum árum. Sum okkar segja e.t.v. ekki nógu vel. Er þá ekki kominn tími til að velja fólk til starfa fyrir okkur sem er tilbúið til að berjast fyrir okkar hagsmunum með kjafti og klóm? Það er ég tilbúinn að gera og bið því um þinn stuðning í 2. sætið.



**HÖRÐUR GUÐBRANDSSON**
44 ára, verkstjóri, Grindavík
býður sig fram í 3.-4. sæti

Nauðsynlegt er að auka fjölbreytni atvinnulífs Suðurkjördæmis. Með tilfærslu verkefna frá ríkinu til sveitarfélaga ásamt tekjustofnum. Flytja á ríkisstofnanir út á land. Þá er nauðsynlegt að koma með aðgerðir til mótvægis við brotthvarf hersins með því að ríkið selji sveitarfélögum á Suðurnesjum sinn hlut í Hitaveitu Suðurnesja u.þ.b. 1200 milljónir og leggi þá upphæð fram í Eignarhaldsfélag Suðurnesja sem fárfestingu í fyrirtækjum. Auka þarf samgöngubætur svo sem Suðurstrandarveg, tvöföldun Hellisheiðar, brú á Hornarfjarðarfljót. Einnig slitlag á sveitavegi og nútíma samgöngur við Eyjar. Jafna þarf aðstöðu fólks með skattkerfinu þannig að hátekjumenn beri meiri ábyrgð.



**JENNÝ ÞÓRKATLA MAGNÚSDÓTTIR**
35 ára, þroskaþjálfi, Reykjanesbæ
býður sig fram í 3-5. sæti

Málefni fatlaðra og geðsjúkra, málefni fjölskyldunnar, launamismunur, fátækt, ör þróun eiturlyfja hér á landi, menntamál og atvinnumál eru bara nokkur þeirra mála sem ég tel mjög brýn og þurfi að taka á strax. Ég legg mikla áherslu á mannlegu þættina í samfélaginu, að okkur sem búum hér á landi líði vel. Það er ekki ásættanlegt að fólk búi við fátækt, eða að fólk með fötlun þurfi að vera á biðlista stóran hluta ævinnar. Ungt fólk sem er að koma úr grunnskóla á ekki að hafa áhyggjur af því hvort það fái inngöngu í framhaldsskóla eða ekki. Það er vegna þessara mála sem ég á erindi inn á Alþingi Íslendinga.



**JÓN GUNNARSSON**
47 ára, alþingismaður, Vogum
býður sig fram í 1. sæti

Helsta baráttumál mitt er baráttan fyrir auknum jöfnuði sem er mér afar hugleikin og kominn tími til að hagsmunir fjölskyldufólks og eldri borgara í landinu séu teknir fram yfir sérhagsmuni fárra. Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur skattbyrði aukist verulega á venjulegt vinnandi fólk, sem um leið er að borga hæstu vexti sem þekkjast í veröldinni. Tekjur ríkisins þenjast út og ríkið borgar niður skuldir sínar um leið og almenningur á erfiðara með að standa undir skuldbindingum sínum. Ríkið þarf ekki að heimta svona mikinn skatt og önnur gjöld af fólki og tími kominn til að breyta því. Fyrir því mun ég berjast áfram.



**JÚLÍUS H. EINARSSON**
49 ára, kerfisfræðingur,
Sandgerði
býður sig fram í 2.-4. sæti

Helstu áherslumál mín eru fjölskyldu- og skattamál. Á undanförnum árum hafa þessir málaflokkar orðið undir, á meðan fyrirtækjum og fjármagnseigendum hefur verið hampað. Hvernig hefur tekjutengingum verið fyrirkomið undanfarin ár gagnvart fjölskyldunni, öryrkjum og ellilífeyrisþegum? Hart er tekið á öllum tilraunum til sjálfsbjargarviðleitni og bætur skertar í bak og fyrir. Stuðla þarf að því að aldraðir geti verið sem lengst í sinni heimabyggð og tryggja að sjálfræði þeirra haldist sem lengst.

Næg eru málin sem vinna þarf að og leiðrétta það sem úrskeiðis hefur farið undanfarin ár. En til þess treysti ég Samfylkingunni best.



**LILJA SAMÚELSDÓTTIR**
31 árs, fyrirtækjasérfræðingur hjá Landsbankanum,
Reykjanesbæ
býður sig fram í 4.-5. sæti

Helstu áherslumál mín eru:
Að efla forvarnarstarf í formi aukinnar löggæslu til þess að sporna við innflutningi og neyslu vímuefna.

Aukin réttindi ellilífeyrisþega þegar það kemur að starfslokum. Þeir hafa unnið sér inn ellilífeyri og ef þau kjósa að bæta afkomu sína með áframhaldandi vinnu þá séu það sjálfsögð réttindi að ekki komi til skerðingar.

Að veita fólki tækifæri á að afla sér menntunar óháð stétt og stöðu m.a. í formi sí- og endurmenntunar. Til þess að persónulegur vöxtur eigi sér stað þurfum við að stuðla að aukinni færni og öflun nýrrar þekkingar.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**
38 ára, alþingismaður,
Vestmannaeyjum
býður sig fram í 1. sæti

Ég hef verið jafnaðarmaður allt mitt líf. Mér hefur runnið til rifja hvernig sérhagsmunir fárra hafa verið settir í öndvegi af gömlu flokkunum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki. Verkefni Samfylkingarinnar er að berjast fyrir jöfnum tækifærum allra og gegn vaxandi ójöfnuði í samfélaginu. Til þess þarf flokkurinn að fá skýrt umboð kjósenda í vor. Til að svo verði þurfum við samstöðu og sterka samhenta forystu. Við þurfum að tala skýrt og berjast fyrir umboði okkar. Flokkurinn verður að hafa trúverðugleika og þann styrk að honum verði treyst fyrir landsstjórninni eftir kosningarnar. Fyrir því vil ég berjast.



**RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR**
44 ára, frkv.stj. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi og bæjarfulltrúi í Árborg,
Selfossi
býður sig fram í 2.-3. sæti

Ég er sannfærð um að hægt sé að skapa réttlátara samfélag, auka jöfnuð og velferð fyrir alla. Það þarf að hefja til virðingar gildi mannúðar og samkenndar. Menntun, atvinna og samgöngur hafa mikil áhrif á búsetuskilyrði á hverjum stað. Við þurfum að koma okkur saman um heilsteypta framtíðarsýn í umhverfismálum þar sem við leitum leiða til að samræma nýtingu og verndun náttúruauðlinda. Ég er reiðubúin til að leggja mitt af mörkum og er þess fullviss að víðtæk reynsla mín af störfum á sviði velferðarmála, stjórnunar og reksturs, auk reynslu af sveitarstjórnarstörfum mun nýtast vel á Alþingi.



**RÓBERT MARSHALL**
35 ára, blaðamaður,
Reykjavík
býður sig fram í 1.-2. sæti

Ég hef brennandi löngun til þess að fella þá ríkisstjórn sem nú situr og fella hana vel. sýnt það og sannað að hún er ekki í neinum tengslum við fólkið í landinu. Þetta eru ekki góðir stjórnendur. Það sýna Íraksstríðið, fjölmiðlalögin, Kárahnjúkavirkjun, misskiptingin, skipan hæstaréttardómara, launamisrétti kynjanna og klúðrið við brottför hersins. Ég býð mig fram fyrir Samfylkinguna vegna þess að hún stendur fyrir allt annað. Ég vil land jafnra tækifæra þar sem samfélagið er rekið eins og fjölskylda, ekki eins og fyrirtæki. Við erum það rík þjóð að allir eiga að geta notið sín, ekki fáir útvaldir.



**SIGRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR**
63 ára, grunnskólakennari,
Reykjanesbæ
býður sig fram í 2.-3. sæti

Ég tel mig eiga brýnt erindi inn á Alþingi Íslendinga og ber fyrir brjósti fjölmörg þjóðþrifamál sem og sérmál okkar svæðis. En undanfarin 3 ár hef ég setið í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins og á mér nú þann draum að vinna með Samfylkingunni í að endurskoða tryggingakerfið og uppræta það misrétti sem í því viðgengst vegna aldurs, hjúskaparstöðu og meira að segja sjúkdóma. Það þarf að gera kerfið einfaldara og öllum skiljanlegt og styrkja þetta mikilvæga öryggisnet okkar allra. Einnig tel ég brýnt jafnréttismál að vinna að því að koma á afkomutryggingu fyrir öryrkja og aldraða eins og stjórnarandstaðan á Alþingi hefur lagt fram tillögur um.



**UNNAR ÞÓR BÖÐVARSSON**
60 ára, skólastjóri, Hvolsvelli
býður sig fram í 3.-5. sæti

Ég býð mig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi vegna þess að: Ég trúi því að í stjórnmálaflokki sem hefur á stefnuskrá sinni jöfnuð og félagslegt réttlæti geti ég verið góður talsmaður Suðurkjördæmis.

Vegna þess að í Samfylkingunni er hægt að tala fyrir málum og þar er hlustað. Ég stóð að stofnun hennar ásamt fjölmörgum öðrum og trúi því að sterk Samfylking sé stjórnmálaaflið sem við þurfum á að halda.

Ég vil vera öflugur málsvari sunnlenskra kjósenda á Alþingi. Það standa fyrir dyrum mörg spennandi verkefni á Suðurlandi. Ég tel Samfylkinguna vera rétta stjórnmálaaflið til þess að veita þessum málum brautargengi.



**ÖNUNDUR S. BJÖRNSSON**
56 ára, sóknarprestur,
Breiðabólsstað, Fljótshlíð
býður sig fram í 2.-3. sæti

Við Samfylkingarmenn viljum taka við stjórn landsins og skapa hér samfélag jöfnuðar og réttlætis. Svo stór eru markmiðin – en samt svo einföld. Ég vil sjá samfélag þar sem allir borgarar njóta sömu virðingar og eiga jafna möguleika til lífsins gæða.

Ég á líka erindi inn á Alþingi til að beita mér fyrir því að auka sess og vægi þingsins í stjórnsýslunni – tryggja völd þess og áhrif og draga úr miðstýrðu ráðherraræði. Ég vil keppa að gagnsærri stjórnsýslu þar sem fólk getur sótt rétt sinn ef á það er hallað af valdinu og að ákvarðanir valdhafa séu byggðar á sanngirni og rökhyggju en ekki geðþótta og uppákomum.

## Kjörstaðir:

Á kjördag 4. nóvember verður kjörfundur opinn frá kl. 09:00-18:00 í Sandgerði, í Garði, í Vogum, í Reykjanesbæ, í Grindavík, í Þorlákshöfn, í Hveragerði, á Selfossi, á Stokkseyri, á Eyrarbakka, í Brautarholti Skeiðum, í Aratungu Bláskógabyggð, á Hellu, á Hvolsvelli, í Vík í Mýrdal, á Kirkjubæjarklaustri, á Höfn og í Vestmannaeyjum.

Nánari upplýsingar eru á www.samfylking.is.

Einnig verður opinn kjörfundur í Öræfasveit frá kl. 10:00 – 12:00 og í Suðursveit frá kl. 13:00 – 15:00.

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla:

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram í Reykjanesbæ, Selfossi, Vestmannaeyjum og Höfn dagana:
28. október, laugardag, kl. 10-12
2. nóvember, fimmtudag, kl. 18-20
3. nóvember, föstudag, kl. 18-20.

Á ofangreindum tímum er einnig hægt að kjósa utan kjörfundar á eftirtöldum stöðum:
**Reykjanesbær:** Skrifstofu Samfylkingarinnar, Iðavöllum 3
**Selfoss:** Selið, Engjavegi 44
**Hornafjörður:** Víkurbraut 4
**Vestmannaeyjar:** Í Alþýðuhúsinu 28. október og á skrifstofu Starfsmannafélags Vestmannaeyja Hilmisgötu 13, 2. og 3. nóvember.

Kjósa má utan kjörfundar á skrifstofu Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg 1 í Reykjavík alla virka daga frá kl. 10-18.

## KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á samfylking.is!

Vefur Samfylkingarinnar hefur að geyma nýjustu fréttir af Samfylkingunni, prófkjörsfréttir, kynningu á frambjóðendum auk upplýsinga um starf flokksins á þingi og í sveitarstjórnum, stefnu flokksins, kjörna fulltrúa og margt fleira. Kynntu þér málin á www.samfylking.is

Samfylkingin

# RAUÐI ÞRÁÐURINN

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar í viðtali við Oddnýju Sturludóttur varaborgarfulltrúa og rithöfund.*

*24. október er góður dagur til að birta viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, eina af upphafskonum íslenskrar kvennapólitíkur. Lýðræði og daglegt brauð gerðu að verkum að hún hellti sér út í pólitík fyrir Kvennaframboðið árið 1982. Í viðtali við Oddnýju Sturludóttur segist formaður Samfylkingarinnar ennþá vera að elta rauða þráðinn sem spannst út frá femínisma og daglegum viðfangsefnum og vandamálum fólks.*

„Í frægri Borgarnesræðu sagði ég að það ætti að vera verkefni Samfylkingarinnar að umbreyta vandamálum hins daglega lífs í opinber málefni og gera almenna velsæld að daglegu viðfangsefni stjórnmálanna. Til þess fór ég í stjórnmál fyrir margt löngu. Á upphafsárum Kvennaframboðsins var enginn að tala máli vinnandi kvenna sem þeyttu börnum sínum úr einni vist í aðra af því að þáverandi borgaryfirvöld höfðu ákveðið að ekki væri hollt fyrir börnin að vera lengur en fjóra tíma á dag í leikskóla. Enginn talaði um að skóladagurinn væri í raun skipulagður út frá því að móðirin væri heima í hádeginu að gefa börnunum að borða og sendi þau svo aftur kát og glöð í skólann. Þannig var ekki veruleikinn en margir stjórnmálamenn létu sem þeir sæju það ekki. Vandamál hins daglega lífs, sem mörgum þóttu ómerkileg, rötuðu ekki inn á hinn pólitíska vettvang. En mér hefur alltaf þótt þau mál vera hápólitísk og að það sé hlutverk okkar pólitíkusanna að ferja þau inn á Alþingi og sveitarstjórnir. Ef pólitíkusar gera það ekki eru þeir komnir úr tengslum við umbjóðendur sína. Þegar öllu er á botninn hvolft snýst þetta um lýðræði þar sem er stöðug samræða milli stjórnvalda og samfélags óbreyttra borgara. Þar sem réttur fólks til skoðana er virtur og réttur einstaklinganna til að vera til á eigin forsendum. Lýðræðið er mér afar hugleikið og það slær falskan tón ef það vantar í það femíníska streng því við getum ekki talað um lýðræðislegt þjóðfélag nema konur móti það til jafns við karla og eigi jafna hlutdeild í völdum og áhrifum."

*En hvernig gengur að fylgja rauða þræðinum eftir inni á þingi? Rata vandamál hins daglega lífs inn í þingsali?*

„Það gengur misvel. Alþingi er málstofa og stundum finnst mér sem stjórnmálamenn séu mestmegnis að tala hver við annan og jafnvel bara spreyta sig í ræðulistinni. Tengslin við samfélagið rofna auðveldlega ef þingmenn gæta ekki að því að fara út á akurinn með reglubundnum hætti. Það er mér mjög mikils virði að fara um landið og tala við fólk. Það er mín næring og innblástur. Kosturinn við þingmennskuna er að hún veitir manni ríkuleg tækifæri til að tala við fólk með mismunandi hugðarefni, hagsmuni og reynslu. Ég hef ómælda ánægju af þeim þætti starfsins."

*Í borgarstjóratíð þinni umbyltir þú stjórnsýslu borgarinnar og færðir hana til nútímalegs horfs. Ætlarðu að taka til hendinni í stjórnsýslu ríkisins fáirðu til þess tækifæri?*

„Stjórnsýsla skiptir gríðarlega miklu máli og eins og stjórnmálin þarf hún sífellt að laga sig að breyttum tímum. Ég hef alltaf lagt ríka áherslu á almennar, gegnsæjar leikreglur sem fólk þekkir hvort sem það varðar stöðuveitingar, upplýsingar, útboð, innkaup, einkavæðingu eða auðlindamál. Það er eina tryggingin fyrir jafnræði, jafnrétti og lýðræði. Óskrifaðar reglur og undirliggjandi viðmið hafa tíðkast of lengi, þar sem sumir þekkja leikreglurnar – aðrir ekki. Það er réttur einstaklingsins að vita nákvæmlega eftir hvaða reglum hann er að leika, í stað þess að þreifa sig áfram og þurfa að lúta geðþótta stjórnmála- og embættismanna."

*Fyrir leikmenn virðist Alþingi Íslendinga vera mjög sérkennilegur vinnustaður. Þingmenn tala dögum saman fyrir tómum sal, upphefja málþóf, frumvörp þvælast um þingið svo mánuðum skiptir og það er óljóst hvar hin stefnumótandi umræða fer fram. Hvað er í gangi á Alþingi?*

„Það er von þú spyrjir. Það er erfitt að venjast þessu vinnulagi og því miður hefur þetta ekki mikið breyst frá því ég sat á Alþingi fyrir Kvennalistann fyrir 12-13 árum. Hið svokallaða málþóf er hins vegar oft eina vörn þingmanna gagnvart ofurvaldi framkvæmdavaldsins. Þingið fer með löggjafarvaldið og þar á hin stefnumótandi umræða að fara fram. Ráðherrarnir fara með framkvæmdavald og eiga að framkvæma það sem þingheimur hefur ákveðið. Í raun er búið að hafa algjör endaskipti á þessu. Framkvæmdavaldið ræður öllu, ráðherrarnir ætlast til þess að þingið samþykki frumvörp eins og þau koma af skepnunni og ef þingmenn eru ekki tilbúnir til þess er eini kosturinn í stöðunni að upphefja málþóf – sem er yfirleitt hvorki til gagns né gleði. Alþingi Íslendinga er að verða að eins konar stimpilstofnun, það er búið að skrumskæla skiptingu valdsins. Þetta er hvorki lýðræðislegt né til fyrirmyndar fyrir Alþingi Íslendinga."

*Hvernig kemur þetta fyrirkomulag út fyrir þingmennina sjálfa? Er þetta ekki ómögulegur vinnustaður?*

„Ekki segi ég það nú kannski en vegna þessarar þróunar finnst mörgum ófullnægjandi að vera bara þingmaður. Allir vilja komast í ráðherrastól til að geta ráðið einhverju. Þetta er vond þróun því þingmennska ætti auðvitað að vera gefandi og eftirsótt starf. Alla þingmenn, held ég, dreymir um að fást við stefnumótun og finna leiðir og lausnir til að bæta samfélagið. Í þessu efni getum við mikið lært af kollegum okkar á Norðurlöndunum og Evrópusambandinu. Þar deilir þingheimur auðvitað líka hart en fólk er vant því að semja, pólitík er jú stöðugt samningaferli. Samráðsferli er norræna leiðin, íslenska leiðin segir; það er flott að stjórna – ég hef valdið og ég ræð! Þetta er hluti af pólitískri menningu okkar, þetta er ímyndin um hinn íslenska athafnastjórnmálamann. En við þurfum bara að breyta þessu og það sem kallað hefur verið samræðustjórnmál Samfylkingarinnar vísar einmitt í þetta samráð sem er lykillinn að því að búa til lýðræðislegri stjórnmál á Íslandi."

*En þér tókst að breyta þessu hjá borginni, hvernig í ósköpunum fórstu að því?*

„Það var enginn galdur fólginn í því sem gerðist hjá borginni þegar Reykjavíkurlistinn tók við. Við bjuggum einfaldlega til ákveðið ferli fyrir stefnumótun og reyndum að fá sem flesta til að taka þátt í henni – kjörna fulltrúa, starfsmenn og þá sem áttu hagsmuna að gæta. Markmiðið var að skapa sameiginlegt eignarhald á stefnunni. Í raun eru þetta einföld vísindi; því fleiri sem eiga hlutdeild í stefnunni – því líklegra er að hún nái fram að ganga. Við lögðum okkur fram um að hafa samráð við fólk, svo einfalt var það. Við opnuðum stjórnsýsluna og lögðum ríka áherslu á að starfsmenn borgarinnar væru í þjónustu íbúanna en ekki borgarkerfisins. Mig klæjar auðvitað í lófana að gera slíkt hið sama hjá ríkinu því þar er sannarlega verk að vinna."



*Upp á síðkastið hefur verið mikil umræða um hraðann í þjóðfélaginu og vinnuálag sem bitnar á lífsgæðum foreldra og barna. Eru Íslendingar að vinna yfir sig?*

„Já. Það er meira strit en vit í hagvaxtarsköpun okkar. Við verðum að auka framleiðni í stað þess að auka vinnutímann. Hagvöxtur skapar vissulega efnisleg gæði en við megum ekki gleyma lífsgæðunum sem felast í því að vera samvistum við annað fólk, börnin okkar, foreldra og vini. Hraðinn og vinnuálagið hefur áhrif á samfélagið og þetta eru ekki góðar uppeldisaðstæður fyrir börn. Við verðum að vinda ofan af þessari þróun og gera fólki kleift að sinna börnum sínum. Það þarf að vinna markvisst að því að stytta vinnudaginn og gera fólki kleift að sveigja vinnutímann að þörfum barnanna. Það hefur sigið á ógæfuhliðina og samfélagið leggur allt of mikið upp úr frama og efnislegum gæðum. Einu sinni var fólk spurt að því hvað það kunni, síðan var spurt hvað fólk gerði og nú er spurt hvað fólk eigi."

*Í vor verður þú eina kvenkyns forsætisráðherraefnið, finnst þér kyn skipta máli?*

„Já, það skiptir máli. Sjálfsmynd einstaklingsins er órjúfanlega tengd reynslu hans, erfðum, upplifun og samfélagslegri stöðu. Þar er kynferði ekki undanskilið. Allt mótar þetta sýn okkar á samferðafólk okkar og samfélag. Við búum í samfélagi sem hefur verið mótað mjög af körlum og það á ekki síst við um pólitíkina. Það þarf breiðan og fjölbreyttan hóp, helst skipaðan konum og körlum til jafns, til að ástandið raunverulega breytist. Fyrirmyndir eru gríðarlega mikilvægar og stelpur og ungar konur verða að geta mátað sig í mismunandi hlutverk. Mér verður oft hugsað til Vigdísar þegar hún bauð sig fram til forseta. Hún hafði engar fyrirmyndir, hún varð bara að taka fyrir nefið og stökkva út í djúpu laugina og vona að henni skyti upp aftur. Karlar hafa ótal fyrirmyndir og geta mátað sig við marga mismunandi karla í öllum helstu ábyrgðar- og valdastöðum landsins. Við konur búum ekki svo vel."

*Hvað verður tekist á um í vor?*

„Brýnustu málin eru mál sem lúta að jöfnuði. Þar er verk að vinna því uppsafnað óréttlæti teygir sig yfir tíu ára tímabil og því miður verður þeirri þróun ekki snúið við eins og hendi sé veifað. En fyrsta verkefnið verður að bæta kjör og aðbúnað lífeyrisþega og öryrkja og reyna að létta undir með barnafólki með því að leiðrétta vaxtabætur og barnabætur. Við munum leggja mikla áherslu á menntamál sem tæki til að jafna kjör og aðstæður fólks. Við höfum þá skýru sýn að allir geti lært og eigi að fá tækifæri til þess. Ekkert er eins arðbært og menntun og hún mun standa undir hagvexti og lífsgæðum framtíðarinnar. Við þurfum nýja atvinnustefnu sem hampar ekki stóriðju á kostnað annarra atvinnugreina. Við verðum að efla náttúruvernd í anda hugmynda Samfylkingarinnar um Fagra Ísland og við verðum að koma á stöðugleika í efnahagslífinu. Við þurfum að stíga út úr þessum rússíbana sem er keyrður áfram á viðvarandi viðskiptahalla, verðbólgu og gengissveiflum sem skaðar bæði heimilin og fyrirtækin. Það er gömul klisja og röng að vinstrimenn kunni ekki að fara með fjármál en nú blasir það við að hægri stjórnin hefur enga stjórn á efnahagsmálunum."

*Það er óskaplega mikið af frambjóðendum að fara fram fyrir okkar ágæta flokk, þú hlýtur að vera stolt af því?*

„Já, ég er það, mér finnst mjög ánægjulegt að sjá hvað mikið af öflugu fólki er að koma til liðs við okkur. Það er heilbrigðisvottorð, það þýðir að fólki finnst flokkurinn áhugaverður, það skynjar okkar þétta málefnagrundvöll og að Samfylkingin er breiðfylking, opin öllum sem vilja vinna að jöfnuði. Það er gaman að fylgjast með því hvað fólk stendur vel að baráttunni og hvað hún er málefnaleg. Í Norðvesturkjördæmi hafa allir frambjóðendurnir 11 ferðast saman á rútu um kjördæmið og haldið fundi saman. Þau vita auðvitað öll að einhverjir verða fremstir meðal jafningja en þau eru öll í sömu pólitíkinni. Fólk er tilbúið til að leggja mikið á sig fyrir Samfylkinguna og það er ekki lítils virði. Í Samfylkingunni er samankominn mikill mannauður."

Samfylkingin

Prófkjörsrit vegna alþingiskosninga 2007 • Útgefandi: Samfylkingin • Ábm.: Skúli Helgason frkvstj. Samfylkingarinnar

## Snyrtistofa • Tekjumöguleikar

Hringdu núna í síma **866 9512**

Svana
Sölufulltrúi
**866 9512**
www.svana.is




Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali





Þekkt, smart og vel staðsett snyrtistofa til sölu. Vel búin tækjum og tólum s.s allt til alls. Frábært atvinnutækifæri fyrir hugmyndaríkt hæfileikafólk. Mjög góð aðstaða og þægilegt umhverfi fyrir viðskiptavininn. Heimasíða, símanúmer og velvildin fylgja með. Húsnæðið er í öruggri leigu.

RE/MAX
**BÚI**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign
**www.remax.is**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofnunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

## Fræðslufundur 24.október hjá Spoex samtökum psoriasis- og exemsjúklinga

SPOEX

***Þriðjudaginn 24 . Október kl.20.00 verður haldinn fræðslufundur í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur.***

**Fyrirlesarar eru eftirfarandi.**

1. Helgi Valdimarsson Prófessor kynnir rannsókn sem er að fara af stað í byrjun janúar 2007.fyrirlesturinn ber yfirskriftina ,er brottnám kverkeitla raunhæft meðferð-arúrræði fyrir fólk með sóra - tilraunarmeðferð.
2. Björn Guðbjörnsson dósent í gigtarlækningum verður með erindi um samnorrænar rannsóknir um psoriasis gigt.
3. Edda Guðmundsdóttir verður með erindi um meðferð í nýju lækningalindinni ásamt þróunina á meðferðarkremum Blá Lónsins.

Við hvetjum húðsjúklinga og velunnara þeirra til að mæta stundvíslega og verða veitingar í boði Orkuveitu Reykjavíkur.




## TILBOÐ ÓSKAST

Óskum eftir tilboði í tvo flutningabíla 2,5 tonn með lyftu. Eknir 400.000 og 143.000 km. Upplýsingar í síma 844 4434.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

**allt** atvinna
Alla sunnudaga

## HAFDÍS/ÁSDÍS

RE/MAX

**Kraftur • Árangur • Traust**



# Láttu okkur um að selja eignina þína!

## Októbermánuði helgum við baráttunni gegn brjóstakrabbameini

Komdu með eign þína í sölu hjá okkur og legðu þar með Bleiku slaufnni lið með okkur!

Hluti af söluþóknuninni rennur til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini sem er verðugt málefni og skiptir okkur öll máli.

*Við vinnum eftir gildunum: Kraftur, traust og árangur.*

*Við styrkjum með stolti Bleiku slaufuna, árverknisátak Krabbameinsfélagsins.*

**Hafdís Rafnsdóttir**
Sölufulltrúi RE/MAX Mjódd
GSM: 895 6107
Netfang: hafdis@remax.is

**Ásdís Ósk Valsdóttir**
Löggiltur fasteignasali RE/MAX Mjódd
GSM: 863 0402
Netfang: asdis@remax.is

**Hringdu núna í síma 895 6107 eða 863 0402**

**RE/MAX Mjódd • Þönglabakki 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9550 • Fax: 520 9551**

# SJÓNARHORN



Sveitabærinn Hólmur við Kirkjubæjarklaustur. Hér var fyrsti verkmenntaskólinn á Íslandi til húsa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# TOPP5: JAMIE LEE CURTIS

Leikkonan Jamie Lee Curtis (1958) er dóttir leikaranna Tony Curtis og Janet Leigh, sem er sjálfsagt þekktust fyrir hlutverk sitt í hrollvekjunni Psycho (1960). Það er því vel við hæfi að Curtis skyldi fyrst vekja athygli á sér í annarri heimsþekktri hryllingsmynd, það er Halloween (1978). Curtis lék í kjölfarið í nokkrum blóðugum hrollvekjum og um tíma benti flest til að hún ætti ekki eftir að fá hlutverk í annars konar myndum. Með gamanmyndinni Trading Places (1983) sýndi Curtis hins vegar að henni var meira til lista lagt en að öskra úr sér lungun og í kjölfarið tóku tilboðin að streyma til hennar. Hápunkti ferilsins var síðan náð á seinni hluta 9. áratugarins með myndum á borð við A Fish Called Wanda (1988).

**1.** True Lies (1994). Njósnari (Arnold Schwarzenegger) grípur til róttækra ráða þegar hann fer að gruna eiginkonu sína um framhjáhald. Curtis fer á kostum í hlutverki eiginkonunnar. Lengi vel stóð til að gera framhald, en það fór út um þúfur vegna stjórnmálaþátttöku aðalleikarans.

**2.** A Fish Called Wanda (1988). Fjórir afar ólíkir glæpamenn sameina krafta sína í bankaráni en ákveða síðan að svíkja hvern annan. Bráðfyndin gamanmynd með einvalaliði leikara, sem tilnefnd var til fjölda verðlauna og uppskar meðal annars Óskarsverðlaun fyrir bestan leik í aukahlutverki karla (Kevin Kline).

**3.** Halloween (1978). Með þessari mynd var



ákveðnum þáttaskilum náð í gerð hrollvekja, þar sem atburðarásin var í fyrsta sinn staðsett í hinum venjubundna veruleika, sakleysislegu úthverfi í smábæ. Curtis feiknagóð í aðalhlutverkinu sem hún endurtók þrisvar sinnum, fyrst 1980, svo 1998 og loks 2003.

**4.** Trading Places (1983). Tveir ósvífnir milljarðamæringar víxla hlutverkum ríks uppskafnings og fátæks þrjótar til að sjá hvernig þeir muni reiða sig af. Frammistaða Curtis í hlutverki kjaftforu vændiskonunnar Opheliu færði henni meðal annars Bafta-verðlaun. Myndin vakti ekki síður athygli á öðrum leikara að nafni Eddie Murphy.

**5.** Prom Night (1980). Grímuklæddur morðingi hrellir hóp ungmenna, sem grunuð voru um að hafa borið ábyrgð á dauða lítillar stúlku nokkrum árum áður. Þótt myndin sjálf þyki kannski ekkert stórvirki, er hún í hávegum höfð hjá hrollvekjuunnendum og Curtis fín í hlutverki systur látnu stúlkunnar.









## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.507 **+0,50%** **Fjöldi viðskipta:** 461 **Velta:** 8.781 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Nýherji** | 6,71% | **Flaga** | 1,23% |
| **Tryggingamið.** | 5,00% | **Actavis** | 1,03% |
| **Glitnir** | 3,07% | **Icelandic Gro.** | 0,63% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,00 -1,03% ... Alfesca 4,93 +1,23% ... Atlantic Petroleum 602,00 +0,17% ... Atorka 6,48 -0,31% ... Avion 33,90 -0,59% ... Bakkavör 58,60 +0,52% ... Dagsbrún 5,03 +0,60% ... FL Group 24,00 +2,13% ... Glitnir 23,50 +3,07% ... Kaupþing 866,00 -0,23% ... Landsbankinn 27,20 +0,00% ... Marel 80,50 -0,62% ... Mosaic Fashions 17,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,40 +1,16% ... Össur 126,50 +0,40%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Apple græðir á iPod-sölu

Gengi bandaríska tækniframleiðandans Apple Computers hækkaði nokkuð á markaði vestanhafs í lok síðustu viku í kjölfar góðrar afkomu á síðasta fjórðungi ársins. Apple á mikilli sölu á Macintoshtölvum og iPod-spilurum afkomuna að þakka.

Hagnaður fyrirtækisins nam 546 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 37,3 milljarða íslenskra króna, en á sama tíma fyrir ári nam hann 430 milljónum dala; rétt rúmlega 29,3 milljörðum króna. Tekjur námu 4,84 milljörðum dala eða 330,5 milljörðum íslenskra króna en það er 32 prósenta aukning á milli ára.



**IPOD-SPILARI** Sala á iPod-spilurum jókst um 35 prósent á síðasta fjórðungi og á stóran þátt í góðum hagnaði Apple.

Apple seldi rúmar 8,7 milljónir iPod-spilara á síðasta fjórðungi ársins en það er 35 prósenta aukning frá síðasta ári. Þá jókst sala á Macintosh-tölvum sömuleiðis um 30 prósent á sama tímabili.

Greinendur hjá Banc of America hækkuðu vegna þessa verðmat á Apple. Segja þeir virði félagsins verða 84 dalir á hlut en gengið stendur í um 79 dölum.

Þá er búist við áframhaldandi vexti hjá Apple en á meðal áætlana þess á næsta ári er að setja á markað tækið iPhone, farsíma sem tengja má við iPod-spilarann, og iTV, sem gerir notendum kleift að streyma tónlist, kvikmyndum og öðru margmiðlunarefni af netinu í afþreyingargræju heimilisins. **- jab**

# Tapið hjá Ford þrjátíufaldast

Bandaríski bílaframleiðandinn Ford skilaði 5,8 milljarða dala tapi á þriðja fjórðungi ársins. Þetta jafngildir 400 milljörðum íslenskra króna og er 30 sinnum meira tap en á sama tíma fyrir ári.

Ef kostnaður vegna uppsagna og lokanir á verksmiðjum næstu tvö árin eru undanskilin frá afkomunni nemur tapið 1,2 milljörðum dala eða tæpum 83 milljörðum króna. Stærstu bílaframleiðendur Bandaríkjanna hafa átt við viðvarandi hallarekstur að stríða síðustu misserin vegna minni sölu á sportjeppum en bandarískir neytendur hafa í auknum mæli keypt minni og sparneytnari bíla eftir að eldsneytisverð tók að hækka. **- jab**

# Glitnir hækkar vegna orðróms

Bankarnir hafa verið á góðu flugi að undanförnu, einkum Glitnir sem hafði við lokun markaða á í gær hækkað um tæp átta prósent á einni viku. Það er hald manna að FL Group muni auka við 27,6 prósenta kjölfestuhlut sinn í Glitni og vilji koma sér upp í 30 prósent.

FL jók við hlut sinn í bankanum bæði í vor og í sumar, en í upphafi árs átti félagið rétt undir tíu prósent hlutafjár.

Á mánudaginn stóð markaðsverðmæti Glitnis í 335 milljörðum króna sem er sögulegt hámark.

Verðmæti Kaupþings, stærsta fyrirtækisins i Kauphöllinni, var á sama tíma um 576 milljarðar króna og Landsbankans rétt undir 300 milljarðar króna.

Samanlagt virði viðskiptabankanna þriggja er því komið yfir 1.200 milljarða króna sem er nánast árleg landsframleiðsla. **- eþa**

**MARKAÐSVERÐMÆTI VIÐSKIPTABANKANNA (Í MILLJÖRÐUM)**

| | Markaðsvirði | Hækkun á árinu |
|---|---|---|
| Kaupþing | 576 | 16,1% |
| Glitnir | 335 | 35,8% |
| Landsbankinn | 300 | 7,5% |
| **Alls** | **1.211** | |

# Vísbendingar eru um minni þenslu

## Vöxtur í dagvöruverslun hefur dregist jafnt og þétt saman síðustu mánuði.

Dregið hefur úr veltuaukningu í dagvöruverslun, sem bendir til þess að þensla fari minnkandi í hagkerfinu. Í síðasta mánuði var veltan heldur minni en að meðaltali síðustu mánuðina þar á undan, samkvæmt mælingu Rannsóknasetrs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst.

„Veltan var 3,5 prósentum meiri í september síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og 16,2 prósentum hærri ef miðað er við hlaupandi verðlag. Sala á áfengi jókst á milli septembermánaða 2005 og 2006 um 6,7 prósent á föstu verðlagi og 10,4 prósent á hlaupandi verðlagi,“ segir í tilkynningu Rannsóknasetursins. Hins vegar kemur fram töluverður samdráttur í sölu dagvöru og áfengis í september miðað við ágúst þar á undan. „Skýringin á því er vafalaust veisluhöld landsmanna um verslunarmannahelgina í ágústmánuði og aukin sala á mat og drykk í tilefni af því.“



**Í ÁTVR** Landsmenn keyptu næstum fimmtán prósentum minna áfengi í september síðastliðnum en þeir gerðu í ágúst, sem þó er tæpum sjö prósentum meira en þeir keyptu á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þótt velta aukist enn milli ára benda tölurnar til að smám saman dragi úr kaupgleði landsmanna en það er vísbending um að dragi úr þenslu. „Sé horft til þriggja mánaða meðaltals er vöxtur í dagvöruverslun á milli ára 3,8 prósent á föstu verðlagi og hefur minnkað jafnt og þétt frá því um mitt síðasta ár þegar hann var sem mestur eða 12,4 prósent.“ **- óká**

Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

Framboðsfundur

í Félagsheimili Kópavogs, Fannborg 2, Kópavogi
miðvikudaginn 25. október kl. 20:00




Prófkjörið verður laugardaginn 4. nóvember n.k.
Kosningarétt hafa flokksfélagar og stuðningsfólk Samfylkingarinnar.

Samfylkingin

Stjórn kjördæmisráðs Suðvesturkjördæmis

F. MURRAY ABRAHAM ER 67 ÁRA.

*„Ég horfði á sjálfan mig í spegli og fannst ég vera fullkomlega sannfærandi. Ég var Salieri.“*

*Leikarinn fór á kostum í kvikmyndinni Amadeus og er greinilega meðvitaður um eigið ágæti.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. OKTÓBER 1975

## *Konur geta, þora og vilja*



Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið 1975 konum og á alþjóðlegum frídegi kvenna hinn 24. október voru konur hvattar til að taka sér frí frá vinnu og sýna þannig fram á hversu mikilvægt og umfangsmikið framlag þeirra væri til samfélagsins.
Íslenskar konur svöruðu kallinu í stórum stíl og fjölmenntu á útifund á Lækjartogi þar sem saman komu um 25 þúsund manns.
Samstaða og baráttuvilji íslenskra kvenna náði athygli heimspressunnar sem fjallaði um fundinn.
Á meðan konurnar mótmæltu launamisrétti hægðist á hjólum athafnalífsins og karlmenn reyndu eftir fremsta megni að fylla skörð kvenna en margir hverjir mættu með börn sín í vinnuna þar sem dagvistarstofnanir voru meira eða minna óstarfhæfar. Þá voru veitingahús í Reykjavík flest troðfull að kvöldi kvennafrídagsins þar sem öll eldamennska lá almennt niðri á heimilum.
Þótt rúm þrjátíu ár séu liðin frá fundinum stóra og margt hafi áunnist er jafnréttisbaráttan enn í fullum gangi enda á enn eftir að leiðrétta ýmsar skekkjur og kynbundinn launamunur er enn staðreynd.
Árið 2005 endurtóku íslenskar konur leikinn frá því fyrir þrjátíu árum og lögðu niður störf og minntu þannig á að margt af því sem var mótmælt árið 1975 stendur enn óhaggað.

### MERKISATBURÐIR

**1939** Nælonsokkar eru seldir almenningi í fyrsta skipti í Washington.

**1945** Frakkinn Pierre Laval og Norðmaðurinn Vidkun Abraham Quisling eru teknir af lífi fyrir landráð.

**1948** Hugtakið „kalt stríð“ er notað í fyrsta skipti en það kom fyrir í ræðu sem Bernard Baruch hélt fyrir þingnefnd í Bandaríkjunum.

**2001** Bandaríkjaþing samþykkir löggjöf sem heimilar lögreglu að gera heimildarlausar húsleitir, hlera símtöl almennings og fylgjast með netnotkun.

**2001** Marskönnunarfar frá NASA kemst á sporbaug Rauðu plánetunnar.

---



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Anna Guðrún Steingrímsdóttir**
Hávallagötu 30,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 13. október. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í dag kl. 13.00.

Fyrir hönd vandamanna,

**Kristján Árnason** | **Inga Huld Hákonardóttir**
**Kristín Árnadóttir** | **Fernando Ferrer-Viana**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir og mágkona,*

**Bára Rut Sigurðardóttir**
Fífubarði 7, Eskifirði

lést föstudaginn 13. október síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 25. október kl. 13.00.

**Emil Thorarensen**
**Aron Thorarensen**
**Regína Thorarensen** | **Arnór Friðrik Sigurðsson**
**Emil Thorarensen**
**Rósa Geirþrúður Halldórsdóttir**
**Rósa Sigríður Sigurðardóttir**
**Þorleifur Már Sigurðsson**
**Dóra Guðný Sigurðardóttir** | **Jón Harry Óskarsson**
**Elmar Örn Sigurðsson** | **Tinna Sigurðsson**
**Kristján Guðni Sigurðsson**

---



†

*Okkar innilegustu þakkir fyrir vináttu, hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, dóttur, systur, mágkonu og ömmu,*

**Sigrúnar Magnúsdóttur**
Meistaravöllum 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við veita Margréti J. Pálmadóttur og Gospelsystrum fyrir fallegan söng.

**Harpa Jónsdóttir**
**Andrea Jónsdóttir** | **Marinó Njálsson**
**Magnús Gunnlaugsson** | **Ólöf Steinunn Einarsdóttir**
**Gunnlaugur Magnússon** | **Valdís Sveinbjörnsdóttir**
**Helgi Grétar Magnússon** | **Nadezda Klimenko**
**Svanhvít Magnúsdóttir**
**Ægir Magnússon** | **Anna Bragadóttir**
**Katrín, Freyja og Nói Jón**

---


SÓLSTEINAR
Gæði
Þjónusta
Gott verð
Úrval
Fagmennska

Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is


---




**VIÐURKENNINGARHAFAR** Róbert (lengst til vinstri) við brautskráningarhátíðina ásamt Kristínu Ingólfsdóttur rektor og þeim Guðrúnu Helgu Agnarsdóttur og Helga Valdimarssyni sem einnig fengu viðurkenningar. MYND/KRISTINN INGVARSSON

RÓBERT R. SPANÓ: FÉKK VIÐURKENNINGU FYRIR KENNSLU

# Opnar háskólanemum undurfagran heim lögfræðinnar

Ungur dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Róbert R. Spanó, fékk viðurkenningu fyrir lofsvert framlag sitt til kennslu á brautskráningarhátíð HÍ um síðustu helgi.

Þessi viðurkenning byggir meðal annars á ummælum nemenda lagadeildar í kennslukönnunum og þá aðallega á fyrsta ári. Þar hefur Róbert borið með sér ferska strauma í kennsluháttum og framsetningu námsefnis.

Róbert segist að sjálfsögðu ekki hafa átt von á því að fá þessa viðurkenningu. „Ég er afskaplega glaður. Ég held að það hljóti að vera eitt af því sem vó þungt að ég hef kannski náð að gera þetta efni sem oft hefur verið talið þurrt, skemmtilegt,“ segir Róbert. „Það skemmtilegasta sem ég geri er að opna þennan undurfagra heim lögfræðinnar fyrir ungu fólki.“

Róbert er aðeins 34 ára en hefur þrátt fyrir ungan aldur öðlast umtalsverða kennslureynslu. Hann útskrifaðist með meistarapróf á sviði ríkisréttar frá lagadeild Oxford-háskóla árið 2000. Hlaut hann ágætiseinkunn og vann til Clifford Chance-verðlauna fyrir heildarnámsárangur. Róbert var ráðinn lektor við lagadeild Háskóla Íslands árið 2002 og ráðinn dósent 2004. Áður hafði hann verið stundakennari við HÍ í hlutastarfi frá 1997 til 2000.

„Nú til dags finnst mér mikilvægt að háskólastigin fái ungt fólk til að kenna og miðla upplifun sinni úr atvinnulífinu. Það skiptir miklu máli fyrir háskólakennslu að ungt fólk sjái það sem raunhæfan möguleika að sinna störfum af þessu tagi, sérstaklega þeir sem hafa áhuga á að sinna fræðistörfum,“ segir Róbert. „Þessi viðurkenning er mikil hvatning fyrir mig og lagadeildina.“

Róbert stundar um þessar mundir rannsóknir á sviði lögskýringarfræði og hyggst gera bók um það efni, sem mun bera heitið Túlkun lagaákvæða. Þegar hann er ekki að vinna í lögfræðinni leggur Róbert alla áherslu á fjölskylduna. Er hann kvæntur Örnu Gunnarsdóttur myndlistarkonu og eiga þau börnin Egil, Karitas Dilju og Rán. Á meðal annara áhugamála eru hlaup og golf.

Aðrir sem fengu viðurkenningar á brautskráningarhátíðinni eru Guðrún Helga Agnarsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofum verkfræði- og raunvísindadeilda og Helgi Valdimarsson, prófessor við læknadeild.

**freyr@frettabladid.is**

---



†

**Jón Björnsson**
Svínadal, Skaftártungu,

lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum föstudaginn 20. október. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Björn Eiríksson.**

---

### AFMÆLI



**Vésteinn Lúðvíksson** skáld er 62 ára.



**Magnús Jónsson** leikari er 41 árs.

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



STÆRSTA OPNUN Á ÍSLENSKRI
MYND FRÁ UPPHAFI!
TVÖFALT STÆRRI EN GAMLA METIÐ
★★★★
"LOKSINS LOKSINS SVONA Á AÐ GERA ÞETTA.FRÁBÆR MYND SEM FÆR MANN TIL AÐ HLÆGJA,GRÁTA OG GNÍSTA TÖNNUM. SVONA EIGA ÍSLENSKAR MYNDIR AÐ VERA. INGVAR E. SIGURÐSSON VAR ALVEG MAGNAÐUR Í ÞESSARI MYND."
SIGVALDI "SVALI" KALDALÓNS - FM957
★★★★
EINN MEGINSTYRKUR MÝRARINNAR ER LEIKURINN. MÝRIN ER EINMITT UM VENJULEGT FÓLK Í ÓVENJULEGUM AÐSTÆÐUM. ÞANNIG Á KVIKMYND AÐ VERA. SPENNANDI OG SKEMMTILEG MYND"
HÁVAR SIGURJÓNSSON -MORGUNBLAÐIÐ
★★★★★
HALLGRÍMUR HELGASON – KASTLJÓSIÐ
"MÝRIN ER ÁKAFLEGA VEL UNNIN OG LEIKARAR STANDA SIG MEÐ MIKLUM SÓMA MEÐ INGVAR E. SIGURÐSSON FIRNASTERKAN Í FARARBRODDI. ÞESSI MYND SVÍKUR HVORKI AÐDÁENDUR ARNALDS NÉ ÞÁ SEM KUNNA AÐ META GÓÐAR GLÆPAMYNDIR."
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSSON - FRÉTTABLAÐIÐ
„Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins"
★★★★
"MÝRIN ER EIN BESTA MYND, EF EKKI SÚ ALBESTA SEM GERÐ HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI"
DAVÍÐ ÖRN JÓNSSON – KVIKMYNDIR.COM
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIÐASONAR
MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
LANGSTÆRSTA OPNUN ÁRSINS
STÆRSTI EINSTAKI DAGUR FRÁ UPPHAFI – 22. OKT 2006
NÆST STÆRSTA OPNUN FRÁ UPPHAFI
VIÐ ÞÖKKUM ÓTRÚLEGAR VIÐTÖKUR!
"MÝRIN ER FRÁBÆR, VEL LEIKIN OG T.D. FER BJÖRN HLYNUR Á KOSTUM SEM SIGURÐUR ÓLI. STJARNA MYNDARINNAR ER ÞÓ THEÓDÓR JÚLÍUSSON SEM LEIKUR ILLMENNIÐ ELLIÐA, LÍKLEGA ÓFRÝNILEGASTA SKÚRK SEM SÉST HEFUR Í INNLENDRI KVIKMYND"
GUNNAR HJÁLMARSSON – FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★
"MAGNÞRUNGIÐ ANDRÚMSLOFT Í ÞESSARI RAMMÍSLENZKU SPENNUMYND. HLAKKA TIL AÐ SJÁ HANA SIGRA HEIMINN MEÐ SVIÐAKJAMMANA AÐ VOPNI."
STEFÁN SIGURJÓNSSON – X-FM
"MYNDIN STENDUR ALGJÖRLEGA UNDIR VÆNTINGUM OG ER GRÍÐALEGA VEL LEIKIN. ENDA EINTÓMIR SNILLINGAR Á AÐLHLUTVERKUM. SIRKUS MÆLIR MEÐ AÐ FÓLK SMELLI SÉR Á MÝRINA"
SIRKUS BLAÐ 20.10.06
ICELANDIC Film Centre
olís
FRÉTTABLAÐIÐ
GLITNIR
20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI





## STUÐ MILLI STRÍÐA: Stríð á friðartímum

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ER HRÆDDUR VIÐ INNRÁS.



Nýverið kom hingað japönsk ekkja, helgaði land og fékk leyfi til að setja upp kastara sem lýsir upp í loftið. Ljósið átti að tákna frið enda ekki vanþörf á, um heim allan eru saklausar manneskjur skotnar eins og hver önnur leirdúfa.

Varla var hin japanska farin fyrr en fyrrum sovéskur leiðtogi mætti og hélt ræðu um hvers slags árangur hefði náðst af fundi hans og bandarísks leikara í hlutverki forseta. Þar hefðu menn tekið lítið skref í átt að heimsfriði. Allir rifjuðu upp þessa haustdaga fyrir tuttugu árum sem sagðir eru hafa komið landi og þjóð á kortið.

Ráðamenn höfðu varla komið sér út úr Höfða þar sem tilkynnt var um stofnun friðarstofnunar fyrr en að ráðherra stóð í pontu og tilkynnti með pompi og prakt að nú skyldu hvalirnir skotnir eftir tæplega tuttugu ára vopnahlé. Hvorki kastari frá Japan né friðarverðlaunahafi frá Sovét gátu komið í veg fyrir þessa stríðsyfirlýsingu.

Ekki stóð á stóru orðunum utan úr heimi. Stórveldin með kjarnorkusprengjurnar kepptust um að fordæma þessa villimannslegu hegðun sem barbararnir í norðri viðhefðu; að drepa svona saklausar og fallegar skepnur sem synda bara um höfin blá og gefa frá sér hátíðnihljóð að hætti Sigur Rósar væri náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Íslendingar voru enn á ný búnir að koma sér á forsíður blaðanna og nú með blóð á höndunum; höfðum sagt Moby Dick og Keikó stríð á hendur. Þegar fyrsta fórnarlambið var dregið að landi með vír mætti fyrrum ráðherra með hnífinn á lofti og sýndi gömul tilþrif. Hann hafði fengið blóðbragðið í munninn þegar fregnir af fyrsta skotinu bárust. Hvalafangararnir höfðu augljóslega engu gleymt, skutu dýrið þannig að það drapst samstundis. Heimsbyggðin saup hveljur, hafið var rautt af blóðinu en ekkert hefur hins vegar heyrst frá japönsku ekkjunni eða sovétleiðtoganum sem boðuðu heimsfrið hér á landi með ljósi og orðum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Yngsti plötusnúður landsins

Eins og hefur verið venjan á fyrri Airwaves-hátíðum var partí haldið í Bláa lóninu á laugardaginn var. Partíið er ætlað gestum hátíðarinnar, erlendum sem innlendum, ásamt því að allri útlenskri pressu var boðið.

Gestum lónsins brá þó heldur í brún þegar lítill fjögurra ára gutti mætti til leiks á bak við plötusnúðaborðið, með heyrnartól á eyrunum. Þetta reyndist vera Tristan Ari Margeirsson en hann er sonur plötusnúðarins Margeirs Ingólfssonar sem var að spila í partíinu.

Tristan fékk mikla athygli hjá erlendum blaðamönnum og ljósmyndurum, sem mynduðu drenginn í bak og fyrir. Vel gæti farið svo að drengurinn birtist í frægum tónlistartímaritum innan skamms. Að sögn föður Tristans var þetta hans fyrsta obinberlega gigg en ekki hið síðasta. Greininlega hæfileikaríkur ungur drengur á ferð. - áp



**TRISTAN ARI MARGEIRSSON** Yngsti plötusnúður Íslands sem vakti mikla athygli þegar hann var á bak við plötusnúðarborðið í Bláa lóninu og sá um að rúmum 1.000 gestum lónins leiddist ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/LEÓ STEFÁNSSON



**FLOTTIR FEÐGAR** Margeir segir að sonur sinn hafi þarna komið í fyrsta sinn fram opinberlega en þetta verði ekki síðasta skiptið.

# Bara fyrir alhörðustu aðdáendurna

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Hljómsveitin The Stranglers hefur átt sérstakan stað í huga margra Íslendinga allt frá því að hún hélt stórtónleika í Laugardalshöllinni í maí 1978, en það voru fyrstu kynni flestra tónleikagesta af pönki. Hún kom svo aftur til Íslands til tónleikahalds fyrir tæpum tveimur árum.

Þessi nýja plata Stranglers heitir Suite XVI og er eins og nafnið gefur til kynna sextánda hljóðversplata sveitarinnar. Nú er Paul Roberts, söngvarinn sem kom í stað Hugh Cornwell, hættur og Stranglers eru komnir aftur til EMI sem gaf út öll þeirra bestu verk. Í stað Pauls syngja þeir Jean-Jacques Burnel bassaleikari, Dave Greenfield hljómborðsleikari og Baz Warne gítarleikari.

Suite XVI hefur að geyma ellefu ný lög. Margt hljómar kunnuglega hér, m.a. rifna bassasándið hans Jean-Jacques og orgelslaufurnar hans Dave, en vandamálið er að þessi lög hljóma mörg eins og léleg tilraun til að endurtaka snilld fortíðarinnar. Það er eins og sveitin sé að endurvinna No More Heroes og Something Better Change. Þau lög sem eru ekki með þessum endurvinnslublæ eru ekkert betri, Stranglers eru greinilega fullir af heift eins og í gamla daga („I hate you now, I always will and when you're dead I'll hate you still" úr laginu I Hate You – kannski verið að syngja um Hugh Cornwell?), en hatrið hljómar jafn ósannfærandi og annað á þessari plötu. Heildarniðurstaðan er óspennandi plata sem á ekkert erindi nema við alhörðustu Stranglers-aðdáendur.

Trausti Júlíusson




**THE STRANGLERS**

SUITE XVI

**Niðurstaða:** Íslandsvinirnir í Stranglers eru ekki líklegir til að afla sér margra nýrra aðdáenda með Suite XVI. Óspennandi plata sem á ekki erindi nema við tryggustu aðdáendurna.



**OASIS** Hljómsveitin Oasis verður heiðruð á næstu Brit-verðlaunum.

# Oasis-bræður heiðraðir

Breska rokksveitin Oasis verður heiðruð á Brit-verðlaununum á næsta ári fyrir framlag sitt í þágu tónlistarinnar.

Hljómsveitin hefur selt um fjörutíu milljónir platna síðan hún var stofnuð árið 1993. Henni skaut upp á stjörnuhimininn ári síðar þegar hún gaf út plötuna Definitely Maybe. Hafði hún að geyma slagara á borð við Live Forever og Supersonic. Átti sveitin í harðri baráttu við Blur um hvor var svalari og betri sveit. Voru forsprakkar þeirra ófeimnir við að skjóta hver á annan við sem flest tækifæri.

Brit-verðlaunin verða afhent hinn 14. febrúar í London á næsta ári. Munu bræðurnir Liam og Noel Gallagher væntanlega mæta á svæðið til að taka við verðlaununum.



**STÓRAR HUGMYNDIR** Leikkonan Lohan vill gera mikið áður en hún fyllir þrítugt, meðal annars vinna Óskarsverðlaun og eignast börn.

# Stór plön

Leikkonan unga Lindsay Lohan er með stór plön fyrir framtíðina. Ekki er nóg með að Lohan ætli að vera gift kona og búin að eignast börn áður en hún verður þrítug heldur ætlar hún að vera búin að gefa út plötu og vinna Óskarinn fyrir þann tíma. „Ég vil gera plön fram í tímann og þetta er mitt plan," segir leikkonan unga en hún hefur ennþá tíu ár til að uppfylla þennan óskalista. Einnig þarf Lohan að finna sér mann til að giftast því nýverið sagði hún skilið við kærasta sinn, Hard Rock Café-erfingjann Harry Morton.


Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.




Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér

**!** **kl. 12.05**
*Fyrirlestur í röð Sagnfræðingafélags Íslands 24. október í sal Þjóðminjasafnins við Suðurgötu. Að þessu sinni er það Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur sem flytur erindið, sem hann kallar: Getur sagnfræði hjálpað fólki að grenna sig? Aðgangur er öllum frjáls.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Ágúst Borgþór í Iðu í kvöld

Ágúst Borgþór Sverrisson verður í aðalhlutverki á skáldaspírukvöldi sem hefst á bókloftí Iðu í Lækjargötu kl. 20.30 í kvöld.
Ágúst er einn fárra íslenskra rithöfunda sem hafa tileinkað sér eingöngu ritun smásagna.
Ágúst kom í gær frá Manchester þar sem hann kom fram á bókmenntahátíð og las eina sögu sína, Fyrsti dagur fjórðu viku, sem birtist í nýútkomnu safnriti evrópskra smásagnahöfunda, Decapolis. Sagan birtist þar ásamt tíu öðrum smásögum eftir jafnmarga evrópska höfunda og bar titilinn First Day of the Fourth Week í þýðingunni.
Upphaflega birtist Fyrsti dagur fjórðu viku í smásagnasafninu Tvisvar á ævinni sem forlagið Skrudda gaf út árið 2004. Ágúst Borgþór er að auki mikilvirkur bloggari og ekki síður kunnur af þeim vettvangi en fyrir smásagnaritun. Hann vinnur ennfremur við textagerð hjá Íslensku auglýsingastofunni.
Skáldaspírukvöldið í kvöld er það 68. í röðinni og sem fyrr er það Benedikt S. Lafleur, listamaður og sjósundkappi, sem hefur veg og vanda af skipulagningu þeirra. Sem fyrr er aðgangur ókeypis og öllum opinn.



**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON RITHÖFUNDUR**

### > Ekki missa af

Lady Sings the Blues með Diönu Ross í Bæjarbíói í Hafnarfirði í kvöld kl. 20 um ævi Billie Holiday.

Fyrirlestri kl. 12:00 á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri. Ingvell Pleisner talar um hlutleysi trúarbragðafræðslu sem deilt er um víða um lönd. Hann verður í stofu L201 í Sólborg.

Brottnámi úr kvennabúrinu - aðeins tvær sýningar eftir, föstudags- og laugardagskvöld. Skemmtileg sýning með glæsilegum umbúnaði og fínum söng.

# 100 áhrifamenn

Hið virta listatímarit Art Review birtir árlega lista yfir hundrað áhrifamestu aðila í vestrænni myndlist. Þykir val álitsgjafa tímaritsins gefa nokkuð skýra mynd af því hvað er á seyði í myndlistarheiminum, safnarar, söfn, safnstjórar og eigendur gallería eru fyrirferðarmiklir á listanum. Helsta nýjung listans er nýr aðili sem skipar neðsta sætið það hundraðasta: Google en þar á bæ hafa menn í hyggju að stofna undirvef um myndlist og líta margir til þess með nokkurri tilhlökkun. Myndlist er stöðugt að sækja á á vefnum, sem hentar vel til kynningar og dreifingar á myndlist.

Í efsta sætinu var safnarinn Francois Pinault, eigandi Gucci, Christie´s-uppboðshússins, fótboltaliðsins Stade Rennais og vínframleiðandans Chateau Latour.

Pinault opnaði safn yfir verk sín í Feneyjum í sumar en safnið telur yfir tvöþúsund verk. Hafði hann reyndar óskað eftir að reisa safn við Signu við dræmar undirtektir og keypti því Grassi-höllina í Feneyjum fyrir safnið.

Næstur honum á listanum er Larry Gagosian höndlari, sem rekur sölugallerí í fimm heimsborgum. Þriðji er safnstjórinn á Tate Modern.

Athygli vekur að enginn gagnrýnandi er á listanum en aðstandendur Fireze-tímaritsins og sölumessunnar eru komnir í 8. sæti listans.

Ofarlega eru myndlistarmenn: Jeff Koons hinn ameríski, Damien Hirst hinn breski og Gerhard Richter hinn þýski.

Athygli vekur að gestir okkar, Francesca von Habsburg og Hans Ulrich Obrist, eru í 39. og 46. sæti en bæði hafa sýnt íslenskri myndlist áhuga.

Matthew Barney Bjarkarbóndi er í 90. sæti en næstur honum er Rem Koolhaas, ráðgjafi Reykjavíkurborgar í Vatnsmýrarmálum.

Listinn endurspeglar hugmyndir Vesturlandabúa um myndlist. Þar eru fjarri Asíumenn, Suður-Ameríka, Afríka og Eyjaálfa.
**- pbb**



**HANS ULRICH OBRIST SÝNINGARSTJÓRI VIÐ EITT ELSTA GALLERÍ LUNDÚNA SERPENTINE GALLERY** Hans hefur átt samstarf við Eiðastól Sigurjóns Sighvatssonar og vinnur að röð heimildamynda með Ara Alexander.



**FRANCESCA VON HABSBURG SAFNARI OG STYRKTARGJAFI** Þessi vinkona Dorritar hefur komið hingað nokkrum sinnum og sýnt einstaka íslenskum myndlistarmönnum áhuga.


## LISTAVERK Í EINKAEIGU

Listasafn Íslands fyrirhugar sýningar á næsta ári á verkum listamannanna **Jóhanns Briem** (1907-1991) og **Jóns Engilberts** (1908-1972).

Vegna undirbúnings óskar safnið eftir upplýsingum um listaverk eftir listamennina, sem til eru í einkaeigu.

Eigendur listaverka eru beðnir um að hafa samband við Nínu Njálsdóttur, í síma 515 9600 eða með tölvupósti til nina@listasafn.is

LISTASAFN ÍSLANDS
Fríkirkjuvegi 7, 101 Reykjavík




**KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR FAGNAR NÍUTÍU ÁRA AFMÆLI Á LAUGARDAG** Þar verða flutt verk frá löngum og farsælum ferli þessa virta karlakórs.

# Fóstbræður eru níræðir

**Einn kunnasti karlakór landsins, Fóstbræður, fagnar um þessar mundir níutíu ára afmæli. Kórinn var stofnaður innan vébanda Kristilegs félags ungra manna - KFUM - árið 1911 undir nafninu Karlakór KFUM.**

Hann tók ekki að starfa reglulega fyrr en haustið1916 þegar Jón Halldórsson tók við stjórn hans. Í tilefni af þessum tímamótum efna Fóstbræður og Sinfóníuhljómsveit Íslands til afmælistónleika í Háskólabíó á laugardag, hinn 28. október. Árni Harðarson, stjórnandi Fóstbræðra, mun þar leiða kór og hljómsveit í efnisskrá sem er í senn sígild og nýstárleg. Tónleikarnir hefjast kl. 17.00.

Á fyrri hluta tónleikanna heiðra Fóstbræður og Sinfóníuhljómsveitin þann menningarararf og hefðir sem tónlist af þessu tagi byggir á og þá hljómar Brennið þið vitar eftir Pál Ísólfsson ásamt verkum eftir Edvard Grieg, Jón Ásgeirsson, Verdi og George Gershwin. Einsöngvari með kór og hljómsveit í þessum hluta verður Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari, sem gerir það gott í Brottnáminu úr kvennabúrinu í Íslensku óperunni um þessar mundir.

Þegar líður á efnisskrá laugardags færumst við nær nútímanum og kórinn flytur lagaflokk eftir Gustav Holst fyrir karlakór og strengjasveit og frumflytur glænýtt verk eftir Áskel Másson sem hann samdi sérstaklega fyrir Fóstbræður við kvæði úr ljóðaflokki Hannesar Péturssonar, Raddir á daghvörfum.

Í lok tónleika flytja Fóstbræður lag Bjarkar Guðmundsdóttur, Army of Me, útsett fyrir karlakór og sinfóníuhljómsveit og tvö lög úr smiðju Stuðmanna og mun gleðisveitin sjálf stíga á svið með kór og hljómsveit við þetta tækifæri. Haraldur V. Sveinbjörnsson hefur útsett lög Bjarkar og Stuðmanna fyrir kór og hljómsveit.

Karlakórinn Fóstbræður hefur í 90 ár staðið í fremstu röð karlakóra á Íslandi og á Norðurlöndum og tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi allan tímann. Saga kórsins er því samofin sögu tónlistar á Íslandi á tuttugustu öld og sögu íslenskrar þjóðar á leið til sjálfstæðis og nútíma. Á hátíðastundum í sögu Íslands hefur Karlakórinn Fóstbræður oftast verið virkur þátttakandi og frumflutt sum þeirra verka sem löngu eru orðin sígild í tónbókmenntum Íslendinga.

Árni Harðarson hefur stjórnað Fóstbræðrum í sextán ár og er hann áttundi stjórnandi kórsins frá upphafi. Hinir voru taldir í tímaröð: Jón Halldórsson, Jón Þórarinsson, Ragnar Björnsson, Garðar Cortes, Jón Ásgeirsson og Jónas Ingimundarson. **- pbb**

# Rokkað og rólað í Austurbæ

Krakkarnir sem féllu fyrir rokkinu fyrir fimm áratugum hafa verið að minnast þeirra daga með tónleikahaldi og verið vel tekið. Uppselt var á fyrstu endurminningatónleika þeirra svo nú verður um miðja vikuna blásið aftur í lúðra og slegnar trumbur. Sýningin „Rokk og ról í 50 ár“ verður endurtekin vegna mikillar eftirspurnar. Að þessu sinni verður hún haldin í Austurbæ eða gamla Austurbæjarbíói, en svo skemmtilega vill til að flestir af söngvurunum sem koma fram í sýningunni stigu þar sín fyrstu spor. Sýningin verður miðvikudag og fimmtudag, 25. og 26. október og hefst klukkan 20.00. Þar stíga á svið með hljómsveit úrvalsmanna þau Anna Vilhjálms, Bertha Biering, Mjöll Hólm, Þorsteinn Eggertsson, Fjóla Ólafsdóttir, Helena Eyjólfsdóttir, Garðar Guðmundsson, Stefán í Lúdó, Rúnar Guðjónsson, Ragnar Bjarnasson, Einar Júlíusson og Siggi Johnnie. **- pbb**



**RAGNAR BJARNASON SÖNGVARI** Hefur um langan aldur verið fremstur í flokki þeirra sem hófust upp með rokkbylgjunni.

# STÆRSTA ÁHORFSKÖNNUN SIRKUS FRÁ UPPHAFI

Um 60 þús. manns á **aldrinum 12 - 39 ára** horfa á Sirkus í hverri viku
Skv. nýrri dagbókarkönnun Capacent Gallup




Ástæðan er einföld - dagskráin okkar hefur aldrei verið sterkari



**Tekinn**



**So You Think You Can Dance**



**My Name is Earl**



**Rescue Me**



**Vanished**

SIRKUS TV

brottnámið úr kvennabúrinu w. a. mozart
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR
**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart** 25 ára og yngri: 50% afsl.
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15
**SKUGGALEIKUR - NÝ ÍSLENSK ÓPERA - FRUMSÝNING 18. NÓVEMBER** - miðasala hafin
Tónskáld: Karólína Eiríksdóttir, textahöfundur; Sjón
Samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Strengjaleikhússins
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“
AMADEUS

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14
Sun 5/11 kl. 14
Sun 12/11 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fös 27/10 kl. 20 UPPS. Lau 28/10 kl. 20
Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MEIN KAMPF**
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

**TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS**
Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi
Mið 25/10 kl. 20:30 UPPS.
Miðaverð 1.500

**AMADEUS**
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**12 ÁRA OG YNGRI FRÍTT**
Börn 12 ára og yngri, fá frítt í leikhúsið í fylgd með fullorðnum*
Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**
**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
Frumsýning 27/10 uppselt, 2. sýn. lau. 28/10 uppselt, 3. sýn. sun. 29/10 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 4/11 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 5/11 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus.
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 29/10 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 14:00 uppselt, lau. 11/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt.
**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 örfá sæti laus, fim. 9/11 örfá sæti laus, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim 16/11, fös. 17.11.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**
**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. Allra síðasta sýning!
**FOSSE HÁTÍÐ:**
**NAFNIÐ OG SONURINN** – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.
**MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE**
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

**KÚLAN KL. 20:00**
**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik
Lau. 4/11 örfá sæti laus, sun. 5/11, lau. 11/11, fös. 17/11, lau. 25/11.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15**
**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
lau. 28/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 29/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, lau. 4/11 kl. 11:00 örfá sæti laus og kl. 12:15 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 11:00 örfá sæti laus og kl. 12:15 örfá sæti laus, lau. 11/11 kl. 11:00 og kl. 12:15, sun. 12/11 kl. 11:00 örfá sæti laus og kl. 12:15 örfá sæti laus.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
**Menntaskólanum á Ísafirði** mið. 25/10 kl. 16:00 og 20:00,
**Fjölbrautaskóla Snæfellinga Grundarfirði** fim. 26/10 kl. 20:00.
Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Heimstónlistarhátíð á Kanarí


PETER GABRIEL TÓNLISTARMAÐUR

WOMAD - hátíð heimstónlistar sem Peter Gabriel stofnaði til fyrir fjölda ára - hefur víða verið haldin. Hún er árlega haldin í Bretlandi en hefur þess utan stungið sér niður í Ástralíu og á Spáni. Í vetur verður hún haldin á Kanaríeyjum, rétt fyrir utan Las Palmas, og hefur verið tilkynnt að hátíðarhöldin verði helgina 10.-12. nóvember. Listi þeirra listamanna sem þar troða upp hefur enn ekki verið birtur.

Þetta er í sjöunda sinn sem Womad er haldin í spænsku landi. Aðalsviðið er á torginu Parque de Santa Catalina sem er skammt frá ströndinni Playa de las Canteras.

Eins og áður verður eitt meginsvið utandyra en annar salur fyrir uppákomur. Lögð er rík áhersla á að hátíðin sé fjölskylduvæn skemmtun. Þar eru í boði vinnustofur og dagskrá sunnudagsins er lögð undir börn. Frítt er inn á hátíðina.

Af öllum WOMAD-hátíðum er sú enska kunnust hér á landi. Heimstónlist hefur á þeim áratugum sem liðnir eru frá því að fyrsta hátíðin var haldin náð miklum vinsældum. Má það að nokkru þakka starfi Gabriels sem setti hátíðina á stofn 1980 og hélt hana fyrst 1982 á sveitasetri sínu. Nú er ráðið að hátíð næsta sumar á Englandi verði haldin 27.-29. júlí í Wiltshire. Slóð hátíðarinnar er www.womad.org. - pbb

# Brautryðjandi er allur

**Ítalski leikstjórinn Gillo Pontecorvo lést hinn 12. október og hefur víða verið minnst síðan. Pontecorvo gat ekki valið betri tíma til að yfirgefa þennan heim. Stærsta og frægasta verk hans, Orustan um Alsír sem hann gerði 1965, hlaut þegar í stað mikla viðurkenningu, þar á meðal fyrstu verðlaun í Feneyjum árið eftir.**


**GILBERTO PONTECORVO** Kvikmyndaleikstjóri og tónskáld 1919-2006.

Kvikmyndin er enn þann dag í dag merkilegur minnisvarði um pólitíska kvikmyndagerð sjöunda áratugsins og ruddi burt kerfislægum fordómum, alla vega í Evrópu og víða í þriðja heiminum að stjórnmálaleg átök ættu erindi á hvíta tjaldið.

Fra Orrustunni í Alsír liggja þræðir til leikstjóra eins og Costa Gavras og þaðan beint í amerísku kvikmyndina sem gat eftir hrinu slíkra kvikmynda í Evrópu tekið fast á stríðsaflegum og stjórnmálalegum efnum. Pontecorvo var því brautryðjandi.

Pontecorvo var Ítali, ættaður frá Pisa og af auðugu foreldri. Hann gekk í Kommúnistaflokk Ítalíu á stríðsárunum og var fulltrúi hans í æskulýðsstarfi á alþjóðlegum vettvangi. Þannig komst hann í kynni við ýmsa mektarmenn eftirstríðsáranna, eins og Sartre og Picasso. Hann sneri sér að kvikmyndagerð eftir að hann sá Paisa Rossellinis og tók að gera heimildarmyndir. Eftir nokkrar styttri myndir gerði hann heimildarmynd um fangabúðir nasista, Kapo, sem vann til Óskarsverðlauna 1959. Þar fór hann að gera tilraunir með filmu í þeim tilgangi að ná áferð fréttamynda, aðferð sem hann nýtti sér við gerð Orrustunnar um Alsír.

Frumkvæðið að leikinni mynd um borgarastyrjöldina í Alsír kom þaðan. Pontecorvo fór þangað í þeim tilgangi að gera heimildarmynd um þetta miskunnarlausa stríð en það gekk ekki.

Eftir sigur uppreisnaraflanna og ósigur Frakka var honum boðið að gera myndina.

Efni hennar var sótt til átakanna 1957 og var stærsti hluti leikaranna alþýðufólk. Myndin lýsir samfélagi sem býr við skefjalausa kúgun nýlenduherra og hefur á sér heimildarmyndastíl. Pontecorvo samdi tónlistina sjálfur með Ennio Morricone.

Myndin vakti þegar gríðarleg viðbrögð: hún var bönnuð í Frakklandi til ársins 1971 og þá var kvikmyndahúsum sem tóku hana til sýningar hótað sprengjuárásum.

Pontecorvo gerði í framhaldi þessa áfanga myndina Queimada með Marlon Brando sem lýsir frelsishetjunni William Walker sem studdi þrælauppreisn í Karíbahafi. Þrátt fyrir deilur þeirra á milli reyndi Brando að fá hann sem leikstjóra að mynd um deilurnar við Undað hné sem indíánar tóku hernámi. Síðasta mynd hans fjallaði um ránið á Aldo Moro og var að áliti hans sjálfs misheppnað verk. Hann var gerður að framkvæmdastjóra kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum 1992 og átti sinn þátt í þeirri virðingu sem hún naut næsta áratuginn.

Orrustan í Alsír var sýnd hér í tvígang. Eftir innrásina í Írak fór hún að fara um á ný og er almennt talin sígilt verk. - pbb

AUSTURBÆR
danny and the deep blue sea
“pönkuð ástarsaga”
**Frumsýning:**
fim 2. nóv kl: 20:00
**Sýningar**
fös 3. nóv kl: 20:00 uppselt
fös 3. nóv kl: 22:00 uppselt
lau 4. nóv kl: 20:00
lau 4. nóv kl: 22:00
**Aðeins þessar sýningar**
**Miðaverð kr. 2000**
**Sýningin fer fram á ensku**
**ROCK´N ROLL í 50 ár á Íslandi**
Vegna mikillar aðsóknar og fjölda áskorana verða aukatónleikar í Austurbæ
**25. og 26. október kl 20.00**
Kynnir: Þorgeir Astvaldsson
**Miðaverð kr. 2000**



**TÓMAS EINARSSON, BASSALEIKARI, TÓNSKÁLD OG HLJÓMSVEITARSTJÓRI** Nú eru íslenskir djassarar enn teknir að sækja í austurveg líkt og Haukur Morthens gerði með sitt djasskombó á Heimsmót æskunnar 1958.

# Tómas og hljómsveit í Múlanum

Jazzklúbburinn Múlinn er að hefja sitt tíunda starfsár. Klúbburinn hefur farið víða um Reykjavíkursvæðið á þessum áratug sem hann hefur verið starfandi og hafa djassgeggjarar mátt hafa sig allan við að finna nýja viðkomustaði klúbbsins. Fyrstu tónleikar vetrarins verða á fimmtudagskvöldið í glænýjum stað, DOMO Bar, Þingholtsstræti 5, en þar verður starfræktur notalegur tónlistarklúbbur í kjallaranum. Þar var áður pappírsgeymsla Ísafoldarprentsmiðu. Hefjast tónleikarnir kl. 21.

Átta tónleikar eru á dagskrá vetrarins, sem er að vanda bæði metnaðarfull og fjölbreytt og er gott dæmi um þá miklu grósku sem einkennir íslenskt djasslíf og eiga allir straumar og stefnur heima í Múlanum.

Á fyrstu tónleikunum leikur hljómsveit Tómasar R. Einarssonar en hana skipa auk kontrabassaleikarans Tómasar þeir Óskar Guðjónsson saxófónleikari, Samúel J. Samúelsson básúnuleikari, Kjartan Hákonarson trompetleikar, Ómar Guðjónsson gítarleikari og Matthías M.D. Hemstock trommu- og slagverksleikari. Auk þeirra má eiga von á fleira slagverksfólki.

Efnisskráin er að stærstum hluta efni af nýjum geisladiski Tómasar, Romm Tomm Tomm, sem hann tók upp í Reykjavík og Havana í vor.

Hljómsveit Tómasar lék í síðustu viku á þrennum tónleikum í Moskvu og var hinum íslenska latíndjassi þeirra félaga afbragðs vel tekið, en þess má geta að tónleikar þeirra á Le Club, helsta djassklúbbi Moskvuborgar, voru hljóðritaðir og aldrei að vita nema Íslendingar fái að heyra þá síðar.

Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Jazzvakningar og Heita pottsins. Klúbburinn er kenndur við Jón Múla Árnason, sem var heiðursfélagi og verndari Múlans.

- pbb

# Lilja, Sóley og Burkni

Í vikulok verður frumsýning í Þjóðleikhúsinu á verki sem tileinkað er skrautlegri söngkonu. Á miðvikudagskvöld verða liðin 62 ár frá tónleikum Florence Foster Jenkins í Carnegie Hall í New York, en henni er leiksýningin helguð.

Florence var kölluð versta söngkona allra tíma. Hún var samt afar vinsæll skemmtikraftur í New York á sínum tíma þar sem hún skemmti á Carlton-Ritz hótelinu þar í borg.

Á ferli sínum hélt Jenkins aðeins þessa einu tónleika í Carnegie Hall 25. október 1944 fyrir troðfullu húsi en hún lést mánuði síðar.

Tónleikar Florence voru mikið augnayndi því hún hannaði sjálf ofhlaðna og skrautlega búninga sína og skipti oft um á hverju kvöldi.

Blóm voru í uppáhaldi hjá henni og því hefur Þjóðleikhúsið ákveðið að hafa forsýningu á verkinu sem henni er helgað og bjóða til hennar konum sem heita blómanöfnum. Frumsýningin er á föstudag en verkið heitir Stórfengleg og er Ólafía Hrönn Jónsdóttir þar í aðalhlutverki. Þeir sem gefa sig fram við miðasölu og uppfylla skilyrðin geta fengið að sitja á æfingu á annað kvöld sem hefst kl. kl. 20. Til að uppfylla jafnréttiskröfur eru Burknar velkomnir.

-pbb



**ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR** Fer með hlutverk söngkonunnar stórfenglegu og mun verkið ekki síst valið vegna hæfileika hennar sem söngkonu og gamanleikkonu.







SJÓVÁ STYRKIR FORVARNAR- OG MENNINGARVERKEFNI ÁRIÐ 2007

Sjóvá hefur um árabil veitt margvíslega styrki til ýmissa forvarnar- og menningarverkefna. Félagið vill hlúa að margvíslegum verkefnum sem stuðlað geta að slysavernd, íþróttastarfi og menningu. Árið 2007 mun félagið leggja sérstaka áherslu á forvarnir við úthlutun styrkja.

Þeir sem óska eftir styrkjum frá félaginu árið 2007 skulu senda inn umsókn á stöðluðu formi sem birt verður á sjova.is fyrir 1. desember 2006. Úthlutun styrkjanna verður tilkynnt í byrjun febrúar 2007.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Þorsteinsdóttir á netfanginu ingibjorg.thorsteinsdottir@sjova.is.

SJÓVÁ

KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS

# McCartney fer í hart við Heather Mills

Fjölmiðlafarsinn í kringum skilnað aldarinnar heldur áfram en nú hefur breska helgarblaðið News of the World birt frétt þess efnis að Paul McCartney ætli sér ekki að taka á Heather Mills með neinum silkihönskum. Blaðið hefur eftir Geoff Baker, fyrrum fjölmiðlafulltrúa McCartneys, að Heather Mills hafi beitt bítilinn fyrrverandi bæði líkamlegu og andlegt ofbeldi en Baker var einmitt rekinn úr starfsliði McCartneys fyrir að vara hann við Mills og tala illa um fyrirsætuna fyrrverandi.

Samkvæmt Baker á Mills að hafa stundað það að henda öllu lauslegu í eiginmann sinn, kallað McCartney „gamla karlinn“ í votta viðurvist, uppnefnt hann á opinberum stöðum, krafist þess að McCartney beitti sínum áhrifum svo að hún gæti fengið sinn eigin spjallþátt því allir væru með einn slíkan, viljað lifa eins og Beckham-fjölskyldan og farið fram á að McCartney eyddi öllum sínum peningum í húseignir handa henni. Heimildarmaður News of the World, sem vill ekki láta nafns síns getið, sagði við blaðið að McCartney ætlaði sér að ganga frá Mills í réttarsalnum og að hann hefði sannanir fyrir brjálæðislegri hegðun hennar. „Paul eyddi milljónum í Mills en hún kunni aldrei að meta það. Hún var eins og Andy í Little Britain sem vill alltaf meira og meira. Ef hann sagði nei þá brjálaðist hún.“

Starfsfólk McCartneys ber Mills ekki vel söguna og segir meðal annars frá tómatsósu-bardaga sem fyrirsætan hóf og lauk með glæsibrag. „Hún var kölluð Ísdrottningin þegar enginn heyrði til. Mills leit á okkur sem þræla,“ segir heimildarmaður blaðsins.



**MCCARTNEY OG MILLS** Fjölmiðlar í Bretlandi hafa tekið málstað McCartneys í rimmu hans við Mills og keppast nú um að birta vondar fréttir af fyrirsætunni.



**KYLIE MINOGUE** Vill syngja dúett með Boy George.

## Í samstarf með Boy George

Ástralski söngfuglinn Kylie Minogue hreifst svo af söngvaranum Boy George á nýlegum endurkomutónleikum kappans að hún hefur ákveðið að syngja með honum dúett. Nýjasta lag Boy George nefnist Time Machine og hefur það vakið mikla athygli.

Ástæðan fyrir þessari ákvörðun Minogue er einnig sú að Boy George var fyrsti söngvarinn sem hún sá syngja á tónleikum og því má segja að hann sé eins konar áhrifavaldur söngfuglsins.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

# Tveggja ára afmæli Kron Kron fagnað

Tískuvöruverslunin Kronkron er orðin tveggja ára gömul og í tilefni af því var á laugardag haldið allsherjar partí í húsakynnum búðarinnar, sem er á horni Laugavegs og Vitastígs. Margmenni var mætt til að fagna þessum viðburði enda búðin búin að njóta mikilla vinsælda síðan hún byrjaði og var meðal annars valin en af sjö flottustu búðum í heimi af tískuritinu Eurowoman á dögunum.

Listakonan Hulda Rós var með sýningu á innsetningu sinni og gjörningarhópurinn Deja-Deja-Deja Vu framdi gjörninga fyrir gesti og gangandi. - áp



**STOLTIR EIGENDUR** Skötuhjúin Hugrún og Magni voru ánægð með búðina sína og eru hér með verslunarstjóranum Stefáni Svan.



**LISTAKONAN** Hulda Spiderspoon og Zachary Fabri stilltu sér upp fyrir ljósmyndarann en Hulda var einmitt með listasýningu í Kronkron.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR



**MEÐ BROS Á VÖR** Egill Snæbjörnsson og Ólöf Arnalds heiðruðu Kronkron með nærveru sinni.



**ÞÆGILEGT** Eik og Hildigunnur komu sér vel fyrir meðal fallegs fatnaðar í búðinni.



**HRESS** Tónlistarmaðurinn Valgeir Sigurðsson og Elsa María Blöndal voru glöð í bragði í afmælinu.



**GJÖRNINGUR** Hópurinn Deja-Deja-Deja Vu lék listir sínar fyrir gesti. Hann samanstendur af krökkunum Angelica Biddle, Ásgrími Má Friðrikssyni, Bac Stupac, Malcom Stupak og Ýr Þrastardóttur.

## Knight út úr skápnum

T.R. Knight, sem leikur í læknaþættinum Gray´s Anatomy, er kominn út úr skápnum. Orðómur um að hinn 33 ára Knight væri hommi hafði lengi verið á sveimi. Ákvað Knight að leysa frá skjóðunni í tímaritinu People. „Ég vil helst halda mínu einkalífi fjarri sviðsljósinu. Ég vona að sú staðreynd að ég er samkynhneigður sé ekki það áhugaverðasta við mig,“ sagði hann.

Knight fer með hlutverk dr. George O´Malley í þættinum. Hann hefur einnig leikið í sjónvarpsþáttunum CSI og Law & Order.



**T.R. KNIGHT** Knight fer með hlutverk dr. George O´Malley í Grey´s Anatomy.
MYND/AP

## Snipes í Namibíu

Leikarinn Wesley Snipes, sem er eftirlýstur í Bandaríkjunum fyrir skattsvik, er staddur í Namibíu við tökur á nýrri kvikmynd, Gallowwalker. Hefur hann dvalið þar síðan í ágúst.

Ekki er hægt að framselja Snipes frá Namibíu til Bandaríkjanna og því gæti kappinn haft sig hægan enn um sinn. Er hann sakaður um að hafa svikist undan því að borga um 800 milljónir króna í skatt.

Verði hann fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi.



**WESLEY SNIPES** Hasarmyndaleikarinn er eftirlýstur af bandarískum stjórnvöldum.

ÍSLAND Á TEIKNIBORÐINU
HAUSTÞING FRAMTÍÐARLANDSINS
NORDICA SUNNUDAGINN 29. OKTÓBER KL. 10–16
Hvar erum við núna?
Hvert viljum við fara?
Hvernig getur framtíðarlandið litið út?
Framtíðarlandið býður þér að teikniborðinu til að skoða hugmyndir frumkvöðla og fagmanna af ólíkum sviðum íslensks atvinnulífs um fjölbreytta möguleika okkar og samspil þeirra. Hvar erum við? Hvert viljum við fara? Og hvaða áttavita eigum við að nota á leiðinni inn í framtíðina?
SKRÁNING Á FRAMTIDARLANDID.IS

# Hvalveiðar skemma fyrir Nylon

Nylon-flokkurinn gaf út sína aðra smáskífu í Bretlandi í gær þegar lögin Closer og Sweet Dreams komu út á svokallaðri tvöfaldri a-smáskífu. Nýhafnar hvalveiðar Íslendinga gætu hins vegar sett smá strik í reikninginn enda segir Einar Bárðarson, umboðsmaður hljómsveitarinnar, að Bretar séu brjálaðir yfir þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. „Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því hversu mikið er fjallað um þetta hérna, öll blöð eru með þetta á forsíðunni sinni og nú þykir ekki lengur „cool“ að vera frá Íslandi heldur „cruel“.“

Einar segir jafnframt að starfsfólkið hjá plötufyrirtækinu sem gefur Nylon út hafi velt því fyrir sér hvort ekki ætti að taka út allt sem tengdi sveitina við Ísland. „Þessar hvalveiðar hjálpa ekki til og plötufyrirtækið vill reyna að minnka áhrif landsins, jafnvel að taka út orð eins og Icelandic af plötuumslaginu,“ útskýrir Einar og bætir því við að Nylon-stelpurnar séu þekktir dýravinir en segir þau ekki hafa tekið neinar ákvarðanir um hvort sveitin eigi að lýsa opinberlega yfir andúð sinni á hvalveiðum landa sinna. „Ef stelpurnar eru spurðar hvort þær séu á móti hvalveiðum svara þær því en ég veit að þær eru allar á móti þeim þannig að þetta er ekkert vandamál.“ - fgg



**HVALVEIÐAR** Hafa vakið mikla athygli í Bretlandi og eru þarlendir fjölmiðlar harðorðir í garð Íslendinga.



**NYLON** Hvalveiðar Íslendinga gætu sett strik í reikninginn hjá þeim en í gær kom smáskífan Closer út í Bretlandi.


**HALEY JOEL** Fullur og dópaður og sendur í meðferð.

## Barnastjarnan hrapar

Fyrrverandi barnastjarnan Haley Joel Osment, sem skaust upp á stjörnuhimininn sem drengurinn sem sá drauga í The Sixth Sense, hefur nú verið sektaður og skikkaður til meðferðar hjá AA. Hann var ákærður fyrir ölvunarakstur og að hafa marijúana í vörslu sinni eftir að hafa lent í bílslysi í júlí síðastliðnum. Fyrir dómi í Los Angeles hlaut barnastjarnan og kvikmyndaleikarinn þriggja ára skilorð, var sektaður um 1.500 dollara og skikkaður til að sækja að minnsta kosti 26 fundi hjá AA-samtökunum. Hann kom fyrst fram sem sonur Tom Hanks í hinni geysivinsælu mynd Forrest Gump og var tilnefndur til Óskarsverðlaunanna fyrir frammistöðu sína sem taugaveiklaði drengurinn í The Sixth Sense.


**HUGH JACKMAN** Jackman fer með eitt aðalhlutverkanna í The Prestige.

## The Prestige á toppinn

Spennumyndin The Prestige, sem var frumsýnd í Bandaríkjunum um síðustu helgi, fór beint á toppinn yfir vinsælustu myndirnar.

Myndin skartar Christian Bale, Hugh Jackman og Michael Caine í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Christopher Nolan, sem síðast gerði Batman Begins með Bale í aðalhlutverki. Til gamans má geta þess að Heba Þórisdóttir var sérlegur förðunarráðgjafi Scarlett Johansson við gerð myndarinnar.

Í öðru sæti á listanum var mynd Martin Scorsese, The Departed, og í því þriðja var Flags of Our Fathers, sem Clint Eastwood tók m.a. upp hér á landi.


# Regína Ósk
## - er komin í Skífuna






**Frábær plata með frábærri söngkonu**

**Inniheldur 11 æðisleg lög**
Ástfangin, Allt í himnalagi
Trúin flytur fjöll , Hjartans lag
Ljósin komu, Draumur um dag
Prins, Í djúpum dal
Andartak, Hvað tekur við?
Þér við hlið

CD
2.199kr.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR




**RESCUE ME**

Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62........
Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.

VATIKANID




| SMÁRABÍÓ | SÍMI 564 0000 |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| MONSTER HOUSE ENSKT TAL | kl. 3.50 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 og 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL TAL | kl. 3.50 |

| REGNBOGINN | SÍMI 551 9000 |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 6 og 8 ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| CRANK | kl. 10 |
| ACT NORMAL | kl. 10.10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| Borgarbíó | SÍMI 462 3500 |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 6 og 8 |
| TEXAS CHAINSAW MASSACRE | kl. 10 B.I. 18 ÁRA |

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Í tónleikaferð með Gnarls Barkley

Hljómsveitirnar Red Hot Chili Peppers og Gnarls Barkley ætla saman í tveggja mánaða tónleikaferð um Norður-Ameríku í janúar.

Chili Peppers er um þessar mundir á tónleikaferð um Bandaríkin til að fylgja eftir tvöföldu plötunni sinni Stadium Arcadium sem kom út fyrr á árinu. Gnarls Barkley fer í tónleikaferð um Evrópu á næstunni, sem lýkur í Dublin 8. nóvember.

Hinn 9. nóvember kemur út viðhafnarútgáfa af plötu Gnarls Barkley, St. Elsewhere, en tæp milljón eintaka hefur selst af henni í Bandaríkjunum. Með plötunni fylgir DVD-mynddiskur með fjórum tónlistarmyndböndum og nokkrum lög af tónleikum, auk 92 blaðsíðna bæklings.



**RED HOT CHILI PEPPERS** Kaliforníusveitin vinsæla er á leiðinni í tónleikaferð með Gnarls Barkley.








**REGÍNA ÓSK** Söngkonan vinsæla er að gefa út sína aðra sólóplötu.

# Örlögin gripu inn í

Önnur sólóplata söngkonunnar Regínu Óskar, Í Djúpum dal, er komin út. Upptökustjóri er Barði Jóhannsson, sem ekki alls fyrir löngu stjórnaði upptökum á plötum Bubba Morthens; Ást og Í sex skrefa fjarlægð frá paradís.

Síðasta plata Regínu Óskar kom út fyrir ári síðan. „Það var allt önnur leið farin núna en í fyrra,“ segir Regína. „Í fyrra hittumst við með hljómsveit og spiluðum beint inn. Núna fékk Barði að vinna meira sjálfur og fékk ýmsa til að aðstoða á plötunni,“ segir hún.

Á meðal þeirra var franskur trommari, sem einnig trommaði á plötum Bubba, franskur gítarleikari, Guðmundur Pétursson, Karl Olgeirsson og Daði Birgisson.

Margir laga- og textahöfundar koma jafnframt við sögu, þar á meðal Védís Hervör, Hrafnkell Pálsson, gítarleikari úr Í svörtum fötum, Stefán Hilmarsson, Jóhann Helgason og Magnús Þór. Sjálf samdi Regína einn texta á plötunni.

Regína Ósk segir að samstarfið við Barða hafi gengið rosalega vel. „Ég held að örlögin hafi leitt okkur saman. Mig langaði til að fá einhvern sem væri svolítið ólíkur mér, þannig að við gætum leitt saman hesta okkar og mæst á miðri leið. Þegar ég var á fundi með Eiði útgáfustjóra Senu hringir Barði og segir að það hafi losnað tími hjá sér. Eiður nefndi það við mig strax,“ segir hún. „Við náðum vel saman og erum lík þó svo að við séum svolítið ólík.“

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir hinn 1. nóvember í Borgarleikhúsinu.

# Íslendingur í Simpsons

Íslenska þjóðernið kemur víða við en mörgum brá þó eflaust í brún fyrir skömmu þegar Carl, stórvinur Hómer Simpson í teiknimyndaþáttaröðinni The Simpsons, upplýsti að hann hefði alist upp á Íslandi. Carl greindi frá þessu í þætti þar sem flóðljós lýstu upp Springfield allan daginn og sagði hann þetta minna sig á barnæsku sína hér uppi á Fróni.

Alfræðivefurinn wikipedia.org staðfestir þetta og segir skýrt og greinilega að Carl hafi í það minnsta fæðst á Íslandi. Lengi vel hefur verið talið að Carl væri frá Cincinnati en það er alls kostar ekki rétt. - fgg



**CARL CARLSSON** Er talinn hafa fæðst á Íslandi og á góðar minningar frá björtum sumarnóttum.

# Fiskur á þurru landi

**[KVIKMYNDIR]**

**UMFJÖLLUN**

Kevin Costner má muna fífil sinn fegri. Einhver góðhjartaður sjónvarpsframleiðandi ætti að láta skrifa handa honum handrit að sjónvarpsþætti og forða kvikmyndahúsagestum þannig frá því að þurfa að horfa upp á enn einn hryllinginn frá honum. Costner gæti eflaust leikið rannsóknarlögreglumann, kannski í CSI: Alaska.

Nýjasta mynd Costners, The Guardian, er slík klisja að allt sem einhvern tímann hefur verið gert í hetjukvikmyndum kemur fyrir í henni. Costner leikur Ben Randall, björgunarsveitarmann sem stingur sér til sunds eftir skipsbrotsmönnum. Randall er auðvitað sá besti í faginu, goðsögn en þegar áhöfn hans deyr í þyrluslysi er honum falið að þjálfa upp nýja kynslóð af „sundmönnum“. Randall beitir að sjálfsögðu nýjum aðferðum sem mælast misvel fyrir hjá stjórnendum skólans en að endingu stendur hann uppi sem sigurvegari auk þess sem hann vingast við efnilegasta nemann, hrokagikkinn Jake Fischer. Saman takast þeir síðan á við erfið verkefni með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Verða hetjur hafsins.

The Guardian byrjar ágætlega, hefst á atriði þar sem Costner, nema hver, sýnir ótrúlegt hugrekki. Svo líða tveir og hálfur tími og ekkert gerist. Costner veður bara áfram í skít. Hann gengst upp í því að búa til persónur sem eru svo miklar hetjur að ef kvikmyndahúsagestir vissu ekki betur væri þarna maður sem æti blý í morgunmat og gæti lyft heilu fjalli og flogið. The Guardian er slíkur hryllingur að ástæða er til að vara fólk við að sólunda fé sínu eða svo vitnað sé til frægs kvikmyndarýnis: „Ef ég hefði séð þessa mynd í farþegaflugvél í þrjátíu þúsund feta hæð hefði ég alvarlega íhugað að ganga út.“

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**THE GUARDIAN**

LEIKSTJÓRI: ANDREW DAVIS

**Aðalhlutverk:** Kevin Costner og Ashton Kutcher

**Niðurstaða:** Ástæða er til að vara fólk við því að sólunda fé sínu í þennan hrylling. Kevin Costner ætti að taka sér langt og gott frí.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 6 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 6 - 8 | B.i. 12 |
| THE GUARDIAN | kl. 6 - 9 | B.i. 12 | AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 6- 10:10 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 8 -10:30 | B.i. 12 | BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE GUARDIAN VIP | kl. 5 - 8 | | STEP UP | kl. 6 | B.i. 7 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | THE THIEF LORD | kl. 4 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl.5:30-8:30-10:10 | B.i. 12 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| BEERFEST | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 8 | B.i. 12 |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.i. 12 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 10 | B.i. 12 |

www.sambioin.is (575 8900

www.sambioin.is


# Barn á leiðinni

Enska pressan heldur ekki vatni þessa dagana yfir nýjustu fréttum af skötuhjúunum Kate Moss og Pete Doherty en frændi kappans hefur nú lekið því að Kate sé barnshafandi. Þetta segir frændinn í viðtali við breska blaðið Sunday Mirror og segir hann parið vera yfir sig ánægt með fréttirnar. Moss og Doherty eru á leið upp að altarinu í janúar og er rokkarinn mikli búinn að fara í meðferð vegna eiturlyfjafíknar sinnar.

Þetta yrði annað barn þeirra beggja en Moss á fyrir dótturina Lily Rose sem er fjögurra ára og Doherty á þriggja ára dóttur sem heitir Estile. Þetta yrði fyrsta barn þeirra saman.



**KATE MOSS**
Á að sögn bresku slúðurpressunnar von á barni með unnusta sínum Pete Doherty en hér er hún með dóttur sinni Lily Rose sem hún á með fyrrum kærasta sínum, ritstjóranum Jefferson Hack.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sarah Michelle Gellar ætlar aldrei að vinna með eiginmanni sínum aftur. Leikkonan unga kom fram með eiginmanninum Freddie Prinze Jr. í Scooby Doo en segir ólíklegt að það gerist aftur. „Fólk er ekki mjög hrifið af því að sjá hjón saman í bíómynd," segir hin 29 ára Gellar. Hún er annars ákveðin í því að leika í nektarsenu í kvikmynd sem fyrst. „Ég er að verða þrítug og þarf á breytingu að halda," segir hún.



Hjartaknúsarinn George Clooney er ósáttur við að vera gagnrýndur fyrir að koma fram í auglýsingum. Clooney hefur leikið í auglýsingum fyrir fyrirtæki á borð við Fiat, Martini og Budweiser og fengið sinn skerf af gagnrýni fyrir, meðal annars frá Russell Crowe. „Af hverju ekki? Þegar upp er staðið hjálpa auglýsingarnar mér til að gera þær myndir sem ég vil gera. Ég mun halda áfram að leika í auglýsingum eins lengi og ég er beðinn um það."





VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

MIELE ÞVOTTAVÉL
- fjárfesting sem borgar sig

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 160.000 | kr. 114.800 |
| Þurrkari T223 útblástur/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C rakaþéttir/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |

Íslenskt stjórnborð

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

## > Pauzuolis á „heimleið“

Handknattleikskappinn Robertas Pauzuolis verður laus allra mála hjá þýska félaginu Hildesheim um mánaðamótin og stefnir á að flytja til Íslands, þar sem hann lék með Selfossi og Haukum með góðum árangri á sínum tíma. Pauzuolis á íbúð hér á landi og vill setjast hér að. Hann hefur átt í nokkrum meiðslavandræðum ytra en er þrátt fyrir það að spila og mun eflaust nýtast hvaða liði sem er hér á landi. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er hann ekki búinn að semja við neitt félag hér á landi en mun líkast til standa ýmislegt til boða á næstu dögum.



**sport**
sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN HAFÞÓR ÆGIR VILHJÁLMSSON: VALIÐ STENDUR Á MILLI VALS OG NORRKÖPING

# Það er erfitt að taka ákvörðun

Skagamaðurinn Hafþór Ægir Vilhjálmsson fékk í gær samningstilboð frá sænska félaginu Norrköping en ÍA og Norrköping höfðu áður komist að samkomulagi um greiðslu og því er það undir Hafþóri komið hvort hann taki tilboðinu og fari utan eða spili áfram á Íslandi.

„Þetta samningstilboð er svipað því sem ég átti von á að fá. Nú er boltinn hjá mér og ég er óákveðinn í augnablikinu,“ sagði Hafþór Ægir seinni partinn í gær en hann er staðráðinn í því að spila ekki áfram með ÍA. Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá hefur Hafþór Ægir ákveðið að taka hagstæðu samningstilboði frá Val fari hann ekki utan en tilboð Vals er ekki síðra en tilboð sænska liðsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Ég hef ekkert mikinn tíma til að taka ákvörðun en ég mun svara Norrköping fljótlega. Það verður ekkert farið í að gera gagntilboð. Annað hvort tek ég þessu tilboði þeirra eða hafna því. Ég held að það sé ekki hægt að fá betri samning frá slíku félagi en þetta. Staðan er mjög tvísýn og ég fer ítarlega yfir málið áður en ég tek ákvörðun,“ sagði Hafþór Ægir, sem vill ekki gera sömu mistök og margir íslenskir knattspyrnumenn hafa gert.

„Mér finnst allt of margir leikmenn fara of snemma út og þá til félaga þar sem þeir fá ekkert að spila og taka því ekki framförum sem knattspyrnumenn, sem á víst að vera tilgangurinn. Ég vil því vanda mig við þessa ákvörðun og vonandi tek ég rétta ákvörðun,“ sagði Hafþór Ægir Vilhjálmsson.





**HANNES ÞÓR** Sagði upp samningi sínum hjá Stjörnunni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ

Markvarðamál Framara:

## Hannes Þór til Framara

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson gekk í gær frá tveggja ára samningi við Fram. Hannes Þór er markvörður sem lék með Stjörnunni í sumar en hann rifti á dögunum samningi sínum við Garðabæjarfélagið og var því frjálst að ræða við þau félög sem honum sýndist.

Hannes Þór er uppalinn í Leikni og var mjög sáttur við að hafa gengið frá sínum málum þegar Fréttablaðið náði í hann í gær. „Við vorum bara að ganga frá þessum málum rétt í þessu. Ég gerði tveggja ára samning við Fram,“ sagði markvörðurinn knái.

Fram hefur leitað logandi ljósi að markverði frá því að Gunnar Sigurðsson lagði hanskana á hilluna á dögunum. Nú virðist Safamýrarfélagið hins vegar vera búið að finna lausn á því máli. Hannes Þór er 22 ára gamall og hefur leikið með meistaraflokkum Stjörnunnar, Aftureldingar og Leiknis í Breiðholtinu á sínum ferli.

- dsd



**KEPPIR GRIMMT** Það er nóg að gera hjá Arnari þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Arnar Sigurðsson:

## Komst í átta manna úrslit

**TENNIS** Arnar Sigurðsson, fremsti tennisspilari okkar Íslendinga, tók í síðustu viku þátt í atvinnumannamóti sem fram fór í Mexíkó og komst í átta manna úrslit. Arnar hóf keppni í 32 manna úrslitum og sló þá Bandaríkjamanninn Lester Cook út í þremur settum; 4-6, 7-5 og 7-5.

Í 16 manna úrslitum mætti Arnar Cristian Paiz frá Gvatemala og sigraði nokkuð örugglega í tveimur settum, 6-2 og 6-2. Arnar datt svo út fyrir Max Raditschnigg frá Austurríki í þremur settum; 6-4 4-6 og 2-6.

- dsd

# Jörundur kominn til Blika og Ásthildur á leiðinni?

**Jörundur Áki Sveinsson er búinn að skrifa undir þriggja ára samning við Breiðablik um að þjálfa kvennalið félagsins. Skýrist eftir næstu helgi hvort Ásthildur Helgadóttir komi heim og spili fyrir Breiðablik.**

**FÓTBOLTI** Jörundur Áki Sveinsson, landsliðsþjálfari kvenna, hefur gert þriggja ára samning við Breiðablik en hann mun taka við kvennaliði félagsins af Guðmundi Magnússyni, sem sagði nýlega upp störfum eftir að hafa staðið uppi með tvær hendur tómar í lok sumars.

„Ég ætla að reyna að stoppa lengur hjá félaginu en forverar mínir,“ sagði Jörundur Áki í gær en síðustu tveir þjálfarar Breiðabliks voru aðeins við störf í eitt ár. Jörundur Áki þjálfaði Breiðablik síðast fjögur ár í röð.

„Þetta kom mjög snöggt upp og í raunninni tók allt ferlið skamman tíma. Nú er bara að leggjast yfir hópinn og fara yfir stöðuna. Það má búast við einhverjum breytingum á hópnum en hverjar þær breytingar verða get ég ekki sagt á þessari stundu. Við munum þó eflaust reyna að styrkja hópinn eitthvað,“ sagði Jörundur Áki.

Ásthildur Helgadóttir ætlaði að spila með Blikum í sumar en hætti að lokum við og hélt áfram að spila með Malmö í Svíþjóð þar sem hún hefur farið á kostum. Lokaleikur tímabilsins í Svíþjóð er um næstu helgi og Ásthildur mun ákveða framhaldið í kjölfarið.

„Það er erfitt að taka ákvörðun og er að vega og meta hlutina þessa dagana. Hvort ég eigi að vera áfram í Svíþjóð eða koma heim en ég er komin í ákveðin verkefni heima sem toga í mig. Svo hefur fótboltinn ráðið lífi manns hingað til og nú er spurning hvort það sé kominn tími að láta eitthvað annað taka við,“ sagði Ásthildur en hún sagði að ákveddi hún að vera áfram ytra kæmi ekkert annað til greina en að spila áfram með Malmö.

„Þegar ég fór til Svíþjóðar aftur sagðist ég koma til baka í Breiðablik. Svo er staðan orðin þannig að ég hef átt í vandræðum með bakið á mér sem og hnéð og mun fara í myndatökur vegna þeirra meiðsla fljótlega. Staðan er frekar óljós í augnablikinu. Svo er ég líka að hugsa um framtíðina en ég vil ekki eyðileggja skrokkinn í boltanum. Ég vil geta farið á skíði og annað þegar fótboltaferlinum lýkur,“ sagði Ásthildur Helgadóttir.

henry@frettabladid.is



**JÖRUNDUR ÁKI SVEINSSON** Kominn á fornar slóðir í Kópavoginum eftir að hafa þjálfað karlalið Stjörnunnar. Hann segir Blika ætla að styrkja hópinn og svo gæti farið að Ásthildur Helgadóttir sneri heim á leið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Langri leit Stjörnunnar að nýjum þjálfara fyrir handboltaliðið lokið:

## Kristján ráðinn þjálfari út tímabilið

**HANDBOLTI** Stjarnan réð í gær Kristján Halldórsson sem þjálfara karlaliðsins út þetta tímabil en Kristján tekur við starfinu af þeim Sigurði Bjarnasyni og Magnúsi Teitssyni sem sögðu upp störfum á dögunum. Það hafði gengið frekar brösuglega hjá Stjörnumönnum að finna nýjan mann en nú er loks orðið ljóst að Kristján stýrir skútunni til loka tímabilsins en hann hitti leikmennina í gærkvöldi.

„Það er ekkert launungarmál að umhverfið í Garðabæ er gott og þetta er spennandi verkefni,“ sagði Kristján í gær en hann þjálfaði síðast kvennalið FH. Kristján er þrautreyndur þjálfari og hefur meðal annars þjálfað í Noregi og Danmörku.

„Stjarnan stóð sig vel í fyrra en sofnaði svolítið eftir að hafa orðið bikarmeistari. Liðið hefur ekki byrjað vel í vetur en þetta er langt mót og enn hægt að gera gott úr vetrinum. Ég hef trú á að ég geti snúið skútunni við, annars hefði ég ekki tekið verkefnið að mér,“ sagði Kristján.

- hbg

Spænsku blöðin fara ekki fögrum orðum um leik Barcelona gegn Real Madrid:

## Eiður Smári fær slæma dóma

**FÓTBOLTI** Spænsku blöðin eru ekki hrifin af leik Barcelona gegn Real Madrid á sunnudaginn og Eiður Smári Guðjohnsen fær ekki góða dóma fyrir sína frammistöðu í leiknum. Talað er um að Barcelona sakni mjög Samuel Eto'o og að Eiður sé ekki að standa undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar.

Spænska blaðið Mundo Deportivo segir að ekkert hafi komið út úr Eiði Smára í framlínunni og að hann hafi fengið sannkallað dauðafæri til að jafna leikinn fyrir Barcelona í fyrri hálfleiknum, eftir frábæran undirbúning hjá Lionel Messi. Blaðið segir jafnframt að Eiði hafi verið réttilega skipt af velli fyrir Javier Saviola en sú skipting hafi þó ekki borið árangur, því Real Madrid hafi haft undirtökin allan leikinn og unnið sanngjarnan sigur.

Marca tekur í sama streng og segir að Eiður hafi átt að gera betur í færinu sem hann fékk í stöðunni 1-0. Marca segir þó að Saviola hafi sýnt það og sannað eftir að hann kom inn á að hann hafi mun meira að bjóða liðinu en Eiður Smári, hann sé fljótari en Eiður og passi mun betur við stíl Lionel Messi í framlínunni.

- dsd



**EIÐUR SMÁRI** Þótti slakur gegn Real Madrid. NORDIC PHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### Iceland Express deild karla

KEFLAVÍK-KR 80-91

**Stig Keflavíkur:** Magnús Gunnarsson 23, Jermain Williams 22 (13 fráköst, 6 varin skot), Sigurður Þorsteinsson 12, Sverrir Sverrisson 7 (9 fráköst, 6 stoðsendingar), Gunnar Einarsson 6, Halldór Halldórsson 4, Arnar Jónsson 2, Magni Ómarsson 2, Axel Þór Margeirsson 2.

**Stig KR:** Tyson Patterson 21 (10 stoðsendingar, 7 fráköst), Pálmi Sigurgeirsson 19, Peter Heizer 15, Jeremiah Sola 11 (4 varin skot, 5 fráköst), Fannar Ólafsson 10 (11 fráköst), Brynjar Björnsson 3, Skarphéðinn Ingason 5, Darri Hilmarsson 4, Gunnar Stefánsson 3.

STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| GRINDAVÍK | 2 | 2 | 0 | 178:160 | 4 |
| KR | 2 | 2 | 0 | 174:159 | 4 |
| NJARÐVÍK | 2 | 2 | 0 | 173:165 | 4 |
| ÍR | 2 | 1 | 1 | 171:148 | 2 |
| ÞÓR ÞORL. | 1 | 1 | 0 | 82:79 | 2 |
| SNÆFELL | 2 | 1 | 1 | 146:143 | 2 |
| HAUKAR | 2 | 1 | 1 | 174:183 | 2 |
| KEFLAVÍK | 2 | 1 | 1 | 167:175 | 2 |
| TINDASTÓLL | 1 | 0 | 1 | 88:89 | 0 |
| SKALLAGR. | 2 | 0 | 2 | 168:174 | 0 |
| FJÖLNIR | 2 | 0 | 2 | 135:150 | 0 |
| HAMAR/SELF. | 2 | 0 | 2 | 141:172 | 0 |

### Sænska úrvalsdeildin

HAMMARBY-ELFSBORG 1-0

**Pétur Marteinsson** kom inn á á 41. mínútu og **Gunnar Þór Gunnarsson** kom inn á á 70. mínútu í liði Hammarby.

GAUTABORG-KALMAR 0-3

**Hjálmar Jónsson** sat á varamannabekk Gautaborgar allan leikinn.



**HÖRÐ BARÁTTA** Sverrir Þór er hér í harðri baráttu undir körfu KR-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Iceland Express deild karla:

## Öruggur sigur hjá KR-ingum

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar gerðu góða ferð í Reykjanesbæ í gær og báru sigurorð af Keflvíkingum, 81-90. Keflvíkingar byrjuðu leikinn af miklum krafti en KR-ingar sigu fram úr og stóðu að lokum uppi sem öruggir sigurvegarar.

Keflavík skoraði fyrstu tíu stigin í leiknum í gær og voru með frumkvæðið framan af leiknum en KR-ingar höfðu þó yfir eftir fyrsta leikhluta, 24-26.

KR gerði sér síðan lítið fyrir og skoraði 13 fyrstu stigin í öðrum leikhluta og komust í 39-24. Keflvíkingar náðu þó að minnka muninn í fimm stig en aftur tóku KR-ingar kipp og leiddu í hálfleik með 10 stigum, 34-44.

Þessa forystu létu KR-ingar aldrei af hendi og Keflvíkingar komust aldrei nær KR en níu stig. Keflvíkingar skoruðu 10 síðustu stigin í leiknum en allt kom fyrir ekki, sá kafli kom einfaldlega allt of seint hjá heimamönnum og sigur KR-inga því staðreynd.

- dsd/óój

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

THE SHIELD – NÚ Á ÞRIÐJUDÖGUM

Þriðjudagskvöldin eru ávallt hlaðin spennu. Liðin í Amazing Race eru komin til Brasilíu og spurning hverjir detta út næst. Flóttinn heldur áfram og æsingurinn magnast í Prison Break á meðan harkan eykst hjá sérsveitinni, í hinum frábæra verðlaunaþætti The Shield.

# SPENNA OG HASAR

Góða skemmtun í kvöld á Stöð 2



Prison Break, kl. 21:35



The Shield, kl. 22:20



Amazing Race, kl. 20:05

GOTT FÓLK McCANN

## > Ashton Kutcher



Ashton er heldur betur að slá í gegn þessa dagana. Er með tvær myndir á topp 10 listanum í USA. Önnur er teiknimyndin Open Season og hin er The Guardian þar sem hann leikur með gamla brýninu Kevin Costner. Ashton er giftur leikkonunni Demi Moore sem er 16 árum eldri en hann. Ashton leikur einnig í „That 70´s Show" sem er á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER ÁNÆGÐ MEÐ NÝJUSTU VIÐBÓTINA Á SKJÁNUM

## *Froskurinn sem breyttist í svan*

Það eru margir þættir í sjónvarpi þessa stundina sem ýta undir útlitsdýrkun nútímans. Alls konar raunveruleikaþættir um fyrirsætur, frægt fólk í megrunarátaki og ljótt fólk sem fer í lýtaaðgerðir til að verða fallegra. Svona „froskurinn sem breytast í svan"-þættir sem áhorfendur virðast elska.

Nú er hins vegar kominn nýr þáttur á skjáinn sem er ætlað að vega upp á móti öllum þessum fegrunarþáttum en hann nefnist „How to look good naked". Tilgangurinn er eins og nafnið gefur til kynna að fá konur af öllum stærðum og gerðum til líða vel með líkama sinn án þess að fara í neinar aðgerðir. Þar er tekin fyrir ein kona í hverjum þætti sem líður illa með sig, andlega og líkamlega, þegar hún mætir í þáttinn. Þáttastjórnandinn er hinn viðkunnanlegasti maður sem tekur þær með sér í búðir og klæðir



þær upp með það í huga að klæða aukakílóin af sér og fá þær til að brosa framan í spegilmynd sína. Það er ótrúlegt hvað er hægt að klæða af sér nokkur kíló bara með því að að vera í réttum fatnaði.

Réttar stærðir af nærfötum geta virkað eins og magaminnkun á meðan jakki í réttum hlutföllum við vöxtinn er eins og brjóstastækkun. Ódýrari og hættuminni aðgerðir.

Í lok þáttanna er svo myndataka með konunum þar sem þær afklæðast fyrir framan myndavélina. Þar skilar árangurinn sér og þær ganga út með bros á vör, sáttar og stoltar af sjálfum sér. Án þess að hafa stundað líkamsrækt eða borðað ekkert annað en gulrætur í fimm daga.

Þessi þáttur er mjög góður og uppbyggilegur. Þáttur sem sýnir svo sannarlega að fegurðin kemur innan frá, öfugt við flesta aðra þætti imbakassans.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00** Svona var það SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** Queer Eye for the Straight Guy SKJÁREINN



▶ **23.10** Numbers STÖÐ 2



▶ **22.00** Veitt með vinum SÝN



▶ **21.00** Rescue Me SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið (7:26)**
**18.25 Andlit jarðar (14:16)**
**18.30 Kappflugið í himingeimnum (7:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Veronica Mars (8:22)**
▶**21.00 Svona var það (15:22)**
**21.25 Nærmynd**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Lögmál Murphys (3:6)**
**23.15 Síðasti spæjarinn**
**0.25 Kastljós**
**1.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Down With Love 8.00 World Traveler 10.00 Double Bill 12.00 Hope Floats 14.00 World Traveler**
**16.00 Double Bill** (Tvöfaldur í roðinu) Gamansöm sjónvarpsmynd þar sem hjónalífið er í brennidepli.
**18.00 Hope Floats** (Vonarneisti)
**20.00 Down With Love** (Ástsýki) Rómantísk gamanmynd sem gerist í New York snemma á sjöunda áratugnum. Barbara Novak er metsöluhöfundur sem býður karlmönnum birginn.
**22.00 Green Dragon** (Græni drekinn) Dramatísk kvikmynd. Þegar Víetnamstríðinu lauk árið 1975 var komið upp flóttamannabúðum í Kaliforníu. Bönnuð börnum.
**0.00** Home Room
**2.10 Carried Away** (Óðagot) Rómantískt og ögrandi drama. Dennis Hopper leikur miðaldra menntaskólakennara sem býr á býli ásamt dauðvona móður sinni. Bönnuð börnum.
**4.00 Green Dragon** (Bönnuð börnum)

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í fínu formi 2005 9.35 Martha 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Sisters** (Systur)
**12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours** (Nágrannar) **13.05 Í fínu formi 2005 13.20 Silfur Egils 14.55 Meistarinn (16:22) (e) 15.40 George Lopez (16:24) 16.00 Shin Chan 16.25 Mr. Bean 16.45 He Man 17.10 Nornafélagið 17.35 Músti 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons 15 (1:22)** (Simpsons fjölskyldan) Nýjasta syrpan um hina óborganlegu Simpson-fjölskyldu sem er enn við sama heygarðshornið.
**20.05 Amazing Race - NÝTT** (Kapphlaupið mikla) Kapphlaupið mikla er nú hafið í níunda skiptið. (2:12) Keppnin er komin á fullt og og slóðin liggur nú um Brasilíu þar sem keppendur þurfa m.a. að taka þátt í viðkvæmri trúarathöfn. 2006.
**20.50 NCIS (16:24)** (Glæpadeild sjóhersins) Sjúkrabíll sem flytur látinn sjóliða springur í loft upp. Glæpadeild sjóhersins rannsakar málið. 2005. Bönnuð börnum.
**21.35 Prison Break - NÝTT (2:22)** (Flóttinn) Mahone beinir athygli sinni að þeim sem eftir urðu í fangelsinu og þjarmar að LJ. Lincoln og Michael leggja á ráðin um að hjálpa LJ að sleppa út á meðan Sucre, Abruzzi og C-Note hafa uppi önnur áform. 2006. Bönnuð börnum.
**22.20 Shield (8:11)** (Sérsveitin) Einn sterkasti og umtalaðasti spennuþáttur síðari ára. The Shield gerist í Los Angeles og fjallar um sveit lögreglumanna sem virðist hafa nokkuð frjálsar hendur. Stranglega bönnuð börnum.
▶**23.10 Numbers - NÝTT (1:24)**
**23.55 Deadwood (8:12)**
**0.45 Real Women Have Curves**
**2.10 The Accidental Spy** (Spæjó) Sprenghlægileg hasarmynd. Bönnuð börnum.
**3.35 In the Time of the Butterflies** (Stund fiðrildanna) Vönduð sjónvarpsmynd sem gerist á tímum alþýðubyltingar í Dóminíska Lýðveldinu.
**5.05 The Simpsons 15 (1:22) (e)**
**5.30 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Dr. Phil (e)**
**8.45 Innlit / útlit (e)**
**15.35 Surface (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn Dr. Phil hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.
**19.45 Out of Practice (e)**
▶**20.10 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Allt er tekið í gegn og lífi viðkomandi snúið á hvolf. Fataskápurinn er endurnýjaður, flikkað upp á hárgreiðsluna, íbúðin endurskipulögð og gaurnum kennt að búa til rómantíska stemmningu. Eftir stendur flottur gæi sem er fær í flestan sjó.
**21.00 Innlit / útlit** Þórunn, Nadia og Arnar Gauti mæta aftur til leiks með hönnunar- og lífsstílsþáttinn Innlit / útlit og í vetur verða þau með nýjar og ferskar áherslur í þáttunum. Áhorfendur fá tækifæri til að taka þátt í fjörinu því Þórunn mun m.a. heimsækja fólk sem vill breyta og bæta á heimilinu. Nadia sýnir áhorfendum hvernig þeir geta gert hlutina sjálfir og benda á einfaldar lausnir á meðan Arnar Gauti sér um allt sem viðkemur hönnun, jafnt nýrri sem eldri. Þetta er áttunda árið sem þátturinn er á dagskrá og hann batnar með hverju ári.
**22.00 Conviction** Bandarísk sakamálasería um unga og reynslulausa saksóknara í New York. Potter fær mál sem virðist auðvelt þar til prestur fer að skipta sér af því.
**22.50 Jay Leno**
**23.35 Survivor: Cook Islands (e)**
**0.30 The Dead Zone (e)**
**1.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.00 Melrose Place (e)**
**2.45 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum.
**20.30 The Hills** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla. Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue.
▶**21.00 Rescue Me** Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62.
**22.00 24 (15:24)** Bönnuð börnum.
**22.45 24 (16:24)** Bönnuð börnum.
**23.30 My Name is Earl (e)** Þessir þættir hafa svo sannarlega slegið í gegn í Bandaríkjunum og nú er komið að Íslandi að fá að njóta þeirra.
**23.55 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider.
**0.20 The War at Home (e)** (13 Going On 30,000)
**0.45 Seinfeld (e)**
**1.10 Entertainment Tonight (e)**
**1.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.
**14.00 Everton - Sheff. Utd. Frá 21.10**
**16.00 Chelsea - Portsmouth (e) Frá 21.10**
**18.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd.
**19.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni. Leikskipulag, leikkerfi, umdeild atvik og fallegustu mörkin eru skoðuð frá ýmsum hliðum og með nýjustu tækni.
**20.00 Reading - Arsenal (e) Frá 22.10**
**22.00 Aston Villa - Fulham (e) Frá 21.10**
**0.00** Dagskrárlok




ENNEMM / SÍA / NM24150

# Innlit/útlit

Fylgstu með breytingunum á eldhúsinu heima hjá Magna
í kvöld kl. 21.00 á SKJÁ*EINUM*

SKJÁR*EINN* næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 23.10

### Prison Break



Stöð 2 sýnir í kvöld annan þáttinn í annarri seríu af Prison Break, spennuþáttunum sem fjalla um örvæntingarfullan flótta nokkurra skrautlegra fanga úr rammgerðasta fangelsi í Bandaríkjunum. Fyrstu þáttaröðinni lauk með því að flóttinn mikli var hafinn og þeir Michael, Lincoln og félagar þeirra sloppnir út. En allt fór úrskeiðis sem farið gat úrskeiðis og nú átta klukkustundum síðar hefur lögreglan skipulagt víðtæka leit að strokuföngunum undir stjórn hins harðskeytta og útsjónarsama Mahone. Hann ákveður að beina athygli sinni að þeim sem eftir urðu í fangelsinu og þjarmar að L.J. Lincoln og Michael leggja á ráðin um að hjálpa L.J. að sleppa út á meðan Sucre, Abruzzi og C-Note hafa uppi önnur áform.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### NUMBERS STÖÐ 2 KL. 23:10



Þá hefur Stöð 2 hafið sýningar á annarri seríu af sakamálaþættinum „Numbers“. Þættirnir, sem byggðir eru á sönnum atburðum, greinir frá tveimur bræðum sem leysa morðmál í Los Angeles. Annar notar glæpainnsæi sitt á meðan hinn notar Stærðfræðikunnáttu sína til að leysa glæpina. Þátturinn hefur slegið í gegn í USA og hérna heima líka og hafa verið hrósaðir fyrir frumleika. Í aðalhluverkum eru Rob Murrow (Northern Exposure), Judd Hirsch (Taxi) og David Krumholtz (Serenity). Þættirnir eru ekki fyrir hæfi börnum yngri en tólf ára.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stelpulitir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands **14.30** Seiður og hélog **15.00** Fréttir **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Samfélagsrýnir og sagnameistari **21.00** Afsprengi **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Fimm fjórðu **0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.30 Enski deildarbikarinn** (Chesterfield - West Ham) Útsending frá leik Chesterfield og West Ham í deildarbikarkeppninni á Englandi. Bikarleikir geta tekið óvænta stefnu og spurning hvort heimamenn í Chesterfield nái að koma á óvart gegn Carlos Tevez og félögum í úrvalsdeildarliði West Ham.

**20.40 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**21.10 Bardaginn mikli** (Sugar Ray Robinson - Jake LaMotta) Að margra mati er Sugar Ray Robinson besti boxari allra tíma. Hann gerðist atvinnumaður 1940 og átti langan feril. Einn helsti andstæðingur hans var Jake LaMotta en þeir börðust sex sinnum.

▶**22.05 Veitt með vinum** (Breiðdalsá) Veitt með vinum eru vandaðir veiðiþættir umsjón Karl Lúðvíkssonar þar sem hann fer í veiði með félögum sínum m.a. í Minnivallalæk, Laxá í Aðaldal, Staðartorfa, Múlatorfa, Hraun, Breiðdalsá, Þingvöllum, Laxá í Aðaldal Árnes, og Norðlingafljót.

**22.35 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

**23.05 Enski deildarbikarinn** (Chesterfield - West Ham) Útsending frá leik Chesterfield og West Ham í enska deildarbikarnum.

## DR 1

**12.20** Rabatten **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Smæk for Skillingen **14.30** En lille reminder **14.40** SPAM **15.00** Insektoskop **15.05** Lucky Luke **15.30** Store Nørd **16.00** Lille Nørd **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hammerslag **18.30** Teenagetesten **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** De døde skylder man sandheden - et Murdoch-mysterium **21.25** Ørnen **22.20** Clement Kontra Naser Khader

## NRK 1

**12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Ian tar regien **13.30** Robotboy **13.45** Robotboy **14.00** Siste nytt **14.03** Sport uten grenser **14.15** Siger i blikket **14.30** Liga **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Hurtigruten 365 **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Konrad katt **16.25** Robotgjengen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Sopp på liv og død **17.55** Kaoskontroll **18.25** Brennpunkt **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.10** Kulturnytt **21.15** Utsyn **22.15** Jazz: Fra Shtetl til Swing **23.10** Larry Sanders-show

## SVT 1

**12.25** Det svänger på slottet **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Bajo el cielo de Madrid **15.15** Le Maroc qui bouge **15.30** Krokodill **16.00** Myror i brallan **16.30** Allt och lite till **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Trackslistan **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Poliser **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Kobra **21.50** Yizo, Yizo **22.15** Sändning från SVT24


4

Sigurð Kára Kristjánsson alþingismann í 4. sæti



**Ásgeir Bolli Kristinsson**
kaupsýslumaður

Sigurður Kári er kröftugur, vinnusamur og málefnalegur alþingismaður sem ég styð til áframhaldandi góðra verka.



**Arna Hauksdóttir**
doktorsnemi

Sigurður Kári er einlægur í viðmóti og gott að umgangast hann. Hann var Sjálfstæðisflokknum mjög mikilvægur á Alþingi á síðasta kjörtímabili og því er mikilvægt að tryggja honum góða kosningu í fjórða sætið í þessu prófkjöri.



**Óskar Magnússon**
forstjóri

Sigurður Kári hefur sýnt það í stórfum sínum á Alþingi að hann er öflugur málsvari Sjálfstæðisflokksins. Hann er málefnalegur og duglegur og á fullt erindi í fjórða sætið.



**Elínbjörg Magnúsdóttir**
fiskverkakona

Sigurður Kári hefur þrátt fyrir ungan aldur sýnt það og sannað að hann er hæfileikaríkur og duglegur þingmaður. Ég vil sjá hann í einu af forystusætunum í næstu alþingiskosningum.



**Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir**
framkvæmdastjóri

Ég hef þekkt Sigurð Kára í langan tíma og hef sjaldan hitt jafn heiðarlegan og kraftmiklan mann. Dugnaður hans á Alþingi hefur vakið athygli og hann á fullt erindi í eitt af efstu sætum Sjálfstæðisflokksins í þessu prófkjöri.

**4. SÆTIÐ SKIPTIR MÁLI!**

**Sigurður Kári Kristjánsson, alþingismaður og formaður menntamálanefndar Alþingis, hefur verið einn afkastamesti þingmaður Sjálfstæðisflokksins á kjörtímabilinu. Við styðjum Sigurð Kára áfram til góðra verka.**

**Stuðningsfólk**



**www.sigurdurkari.is**

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október.
**Kosningaskrifstofa Sigurðar Kára - Aðalstræti 6**
Sími: 561-2620 og 561-2624

## HRÓSIÐ ...



*... fær Margrét Lára Viðarsdóttir, sem lét strax til sín taka í þýsku knattspyrnunni og skoraði í fyrsta leik sínum.*

# Heather er skemmd og lýgur upp á Paul

Davíð Steingrímsson, sem er vafalítið einn dyggasti aðdáandi Bítilsins Sir Paul McCartney hér á landi, hefur fylgst náið með stormasömum skilnaði hans og Heather Mills.

Fregnir um að McCartney hafi lamið bæði Heather og fyrri eiginkonu sína Lindu hafa farið um eins og eldur í sinu, en Davíð segist ekki trúa neinu illu upp á sinn mann. „Svona kona eins og hún er, skapmikil og með bein í nefinu, hefði hún ekki labbað út úr sambandinu ef hann hefði verið að lemja hana?" spyr Davíð, sem hefur farið á tíu tónleika með goðinu. „Í hans tónlist eru allir textarnir um ást, hlýju og vinskap og fjölskyldu. Ég les mikið á netinu og þar eru að birtast viðtöl við vini þeirra og vandamenn og flestir eru á bandi Paul," segir hann og bætir við: „Hann er margbúinn að bjóða henni háar fúlgur. Hann er þannig maður að hann vill ekkert vera í sviðsljósinu með einkalífið en hún er að reyna að ná athyglinni og leka ýmsu í fjölmiðla. Þetta er voðalega skrítið og ég held að þessi manneskja hljóti að vera stórskemmd," segir hann og vandar Heather ekki kveðjurnar. „Hann er búinn að reyna að leysa þetta jafnóðum en ég held að hann sé búinn að fá nóg núna og nú sé stríðið rétt að byrja."

Davíð er sannfærður um að McCartney muni ná sér aftur á strik eftir skilnaðinn. „Hann verður mun sterkari en áður. Gera ekki flestir betri tónlist eftir að hafa lent í sorg? Ég er að bíða eftir því og held að það komi sterk plata frá honum næst. Síðasta plata var brilljant en þessi verður ennþá betri," segir Davíð. - fb



**DAVÍÐ STEINGRÍMSSON** Davíð trúir engu upp á uppáhaldstónlistarmann sinn, Sir Paul McCartney. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MCCARTNEY OG MILLS** Heather Mills hefur sakað fyrrum eiginmann sinn um að hafa lamið bæði sig og Lindu McCartney.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
2 drykkur 6 bogi 8 verkfæri 9 þrot 11 ónefndur 12 eftirsjá 14 minnkun 16 grískur bókstafur 17 skel 18 keyra 20 tveir eins 21 glufa.

**LÓÐRÉTT**
1 rúm 3 þys 4 sýndu fram á 5 beita 7 frekja 10 viður 13 líða vel 15 boli 16 samstæða 19 frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 mysa, 6 ýr, 8 sög, 9 mát, 11 nn, 12 iðrun, 14 rénun, 16 pí, 17 aða, 18 aka, 20 uu, 21 rifa. **LÓÐRÉTT:** 1 rými, 3 ys, 4 sönnuðu, 5 agn, 7 ráðríki, 10 tré, 13 una, 15 naut, 16 par, 19 af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Japans.
2. Ian Jeffs.
3. Líkfundarmálinu.

**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



**LJÚFMENNIÐ THEÓDÓR** Segist ekki eiga neitt sameiginlegt með Elliða, hann sé bæði ljúfur og góður náungi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

THEÓDÓR JÚLÍUSSON: LÉT LOKA SIG INNI Í KLEFA FYRIR TÖKUR Á MÝRINNI

# Er ekkert líkur Elliða

Kvikmyndin Mýrin sló nánast öll met um helgina en þá sáu hana um sextán þúsund manns. Myndin hefur fengið afbragðs dóma hjá gagnrýnendum en áhorfendur halda vart vatni yfir frammistöðu Theódórs Júlíussonar í hlutverki Elliða, „eins frægasta misindismanns landsins," eins og Erlendur lýsir honum í myndinni. Kvikmyndahúsagestir reka upp stór augu þegar leikarinn breytist í nauðasköllótt villimenni en Theódór hefur verið áberandi á hvíta tjaldinu að undanförnu, lék ráðsettan heimilisföður í stuttmyndinni Góðir gestir eftir Ísold Uggadóttur og miðaldra homma í kvikmyndinni Börn. Theódór segist hafa hugsað sig tvisvar um þegar Baltasar leitaði til hans með hann í huga fyrir hlutverkið. „En svo var ekki hægt að sleppa þessu tækifæri, að taka þátt í þessu ævintýri sem Mýrin er," segir hann.

Theódór segist ekki hafa kynnt sér skuggaheima Reykjavíkur til að komast nær persónu Elliða heldur hafi þetta verið árangur af sameiginlegri úrvinnslu hans og leikstjórans, Baltasars Kormáks. „Elliða er lýst vel í bókinni og ég reyndi að notfæra mér þær lýsingar sem mest og svo var ekkert mál að raka af sér hárið," segir hann en lætur þess getið að það sé komið aftur. „Ég lét reyndar loka mig inni í klefa til að ná þessari tilfinningu, að vera á bak við lás og slá, sem er óhugnanleg reynsla," segir Theódór, sem notaði líka hléin á milli taka til að vera á bak við luktar dyr fangelsins. „Ég reyndi að gera hann brjóstumkennalegan enda er Elliði ekkert sérstaklega skarpur," útskýrir Theódór, sem vonast þó til að hann verði ekki litinn hornauga af landsmönnum eftir hlutverkið. „Ég á ekkert sameiginlegt með Elliða, er bæði ljúfur og góður," bætir leikarinn við og hlær, reiknar ekki einu sinni með að hann þekkist sem Elliði, svo ólíkir séu þeir í útliti.

Þrátt fyrir hina miklu aðsókn er Theódór ekki einn þeirra sextán þúsund sem hafa séð myndina, sá bara stuttan bút á litlum sjónvarpsskjá í eftirvinnslunni. „Ég hef verið svo upptekinn við annað en ég ætla að reyna að fara í kvöld," segir Theódór.

freyrgigja@frettabladid.is




**ILLMENNIÐ ELLIÐI** Theódór er nánast óþekkjanlegur í hlutverki þekktasta misindismanns Íslands.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Valgerður Sverrisdóttir** utanríkisráðherra sker sig úr fríðum ráðherrahópi því bílstjóri hennar er eini kvenkyns ráðherrabílstjórinn. **Sigrún Arnardóttir** heitir bílstjóri Valgerðar og þykir heldur vígaleg á glæsilegum BMW-jeppa. Ekki er vitað til þess að kona hafi áður verið bílstjóri ráðherra á Íslandi.

Nú er hver frambjóðandinn á fætur öðrum að opna kosningaskrifstofu. Flestir leggja þeir talsvert upp úr góðri mætingu og að fá kræsilega ræðumenn. **Ágúst Ólafur Ágústsson,** varaformaður Samfylkingarinnar, opnaði kosningaskrifstofu á föstudaginn en gömlu brýnin **Margrét Frímannsdóttir** og **Jón Baldvin Hannibalsson** héldu þar ræður og lýstu yfir stuðningi við Ágúst Ólaf. Þetta vakti ekki síst athygli þar sem opnunin var daginn eftir Kastljósþáttinn þar sem Margrét fór mjög hörðum orðum um Jón Baldvin vegna hugsanlegar eftirgrennslunar hans á Stasi-tengslum **Svavar Gestssonar.** Jafnvel þó að búist hafi verið við einhverjum kulda á milli þeirra tveggja eftir Kastljósþáttinn var ekki annað að sjá en að nokkuð vel færi á með þeim þarna.



Heimsókn **Harrison Ford** til Íslands fyrir helgi vakti að vonum mikla athygli. Sér í lagi þótti athyglisvert að Ford skellti sér á Iceland Airwaves á Nasa en þar reyndu margir gesta að ræða við kappann og fá að taka mynd af sér með honum. Harrison neitaði öllum beiðnum um myndatökur og ein áhugasöm stúlkan fékk þessa skýringu frá Hollywood-stjörnunni: „Því miður elskan. Ef ég leyfi þér að taka mynd þá vilja allir fá mynd af sér með mér." -fgg/hdm



**TIL SÖLU**
**BENZ 815 L árgerð 2005 m. lyftu**



Aðeins ekinn 22.000 km. Kassi er 36 rúmmetrar (plywood með LBW). Burðargeta 2.2 tonn. Hestöfl 149. Dieselvél 4249 cc.

Uppl. veita Kristján (8992541) eða Andrés (8960599). Til sýnis í Suðurhrauni 12C.

# Nick Cave í fríi á Íslandi

Ástralski tónlistamaðurinn Nick Cave er staddur hér á landi í fríi ásamt konu sinni og tveimur börnum. Til Cave og fjölskyldu sást á Sjávarréttarkjallaranum á sunnudagskvöld þar sem þau gæddu sér á íslenskum sjávarréttum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom Cave hingað til lands á föstudaginn og verður hér fram í miðja þessa viku.

Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturports, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið og sagði söngvarann og lagahöfundinn hafa tekið ástfóstri við land og þjóð. „Síðast þegar hann kom hingað gat fjölskyldan ekki verið með þannig að þetta var gráupplagt fyrir þau," sagði Rakel en Cave hefur verið ákaflega heppinn með veður þótt kalt sé. Samkvæmt heimildum blaðsins fór Cave út á land og dvaldist þar í góðu yfirlæti í sumarbústað en síðast þegar tónlistamaðurinn kom hingað skellti hann sér meðal annars á hestbak og ekki ólíklegt að hann hafi endurtekið leikinn og leyft tvíburunum sínum að kynnast íslenska hestinum.

Rakel segir að Cave vinni núna mjög náið með Gísla Erni Garðarsyni en ástralski tónlistarmaðurinn gerði tónlistina við Hamskiptin sem nú eru sýnd í London við góðar undirtektir. „Þá verður Nick væntanlega mikið hérna því Vesturport undirbýr núna af krafti uppsetningu á leikverkinu Faust sem hann semur tónlistina við," segir Rakel. - fgg



**NICK CAVE** Er staddur hér á landi í stuttu fríi ásamt fjölskyldu sinni.

gci60150_bbma_uppskerutilboð_5x39_090906.END

# Við erum Mazda






| Mazda6 Touring 2,0i 4 dyra, sjálfskiptur* | Mazda6 Touring 2,0i 5 dyra, sjálfskiptur* | Mazda6 Touring 2,0i Wagon, sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Uppskerutilboð 2.525.000 kr. | Uppskerutilboð 2.575.000 kr. | Uppskerutilboð 2.625.000 kr. |
| Bílasamningur 34.726 kr. | Bílasamningur 35.414 kr. | Bílasamningur 36.102 kr. |
| Rekstrarleiga 46.100 kr. | Rekstrarleiga 47.100 kr. | Rekstrarleiga 48.700 kr. |

## Haustið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir veturinn á sérstöku uppskerutilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku uppskerutilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.770.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku uppskerutilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *16" Álfelgur*
- *Hraðastillir*



Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á uppskerutilboði Brimborgar.

## Skoðaðu úrval Mazda á uppskerutilboði.



| Mazda3 Touring 1,6i 5 dyra, 5 gíra* | Mazda5 Touring 2,0i 7 manna, 5 gíra* | Mazda6 MPS AWD 2,3T 4 dyra, 6 gíra* |
|---|---|---|
| Uppskerutilboð 1.890.000 kr. | Uppskerutilboð 2.390.000 kr. | Uppskerutilboð 3.590.000 kr. |
| Bílasamningur 26.100 kr. | Bílasamningur 32.748 kr. | Bílasamningur 49.593 kr. |
| Rekstrarleiga 34.800 kr. | Rekstrarleiga 43.400 kr. | |

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Uppskerutilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



Uppskeruhátíð í Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 09/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# *Jafnrétti enn og aftur*

Ný könnun leiðir í ljós að launamunur kynjanna hefur ekki skánað baun í bala í meira en áratug. Þrátt fyrir mikið japl, jaml og fuður eru konur ennþá með 15% lægri laun en karlar. Samtök atvinnulífsins reyna af einkennilegum hvötum að útskýra launamuninn í burtu og þagga niður í þessu endalausa sífri og þeim verður að ósk sinni; umræðan kafnar eins og ætíð áður á örskotsstund í öðru dægurþrasi.

**ÞAÐ** er hægt að reikna bullandi velsæld eða vesöld í hvað sem er, allt eftir því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar og hver sér um útreikningana fyrir hvern. Það breytir ekki því að félagsmálaráðuneytið kemst að þessari niðurstöðu: Konum eru greidd lægri laun en körlum af þeirri ástæðu að þær eru konur. Það er eins og ef í grunnskóla gætu stelpur almennt bara fengið 8,5 á prófum vegna þess að þær eru stelpur. Eða ef konur þessa lands þyrftu að borga 15% hærri skatta en karlar og þannig væri það bara, basta. Svo yrði það útskýrt í burtu með því að þær séu ekki tilbúnar til að leggja nógu hart að sér og nenni síður að vinna á kvöldin.

**AUGLJÓSLEGA** þykir einhverjum þetta prýðilegt fyrirkomulag, annars væri þetta ekki svona og jafnvel er talað um stöðugleika í þessu sambandi. Spurningin er bara sú, hverjir eru þessir einhverjir? Stjórnarflokkarnir hafa einmitt lítið beitt sér síðasta áratuginn í þessu einfalda réttlætismáli og fá fyrirtæki reka raunverulega jafnréttisstefnu. Sennilega þurfum við konur samt fyrst og fremst að líta í eigin barm. Af einhverri ástæðu þiggjum við 15% lægri laun en karlar. Sennilega er það arfur frá fyrri kynslóðum, hugsanavilla sem erfitt er að höndla og enn strembnara að bola burt.

**ÞAÐ** væri jafnvel hægt að sætta sig við dálítinn mun í bili ef eitthvað hefði mjakast að undanförnu, þá gætum við að minnsta kosti vonað að dætur okkar fengju réttan hlut. En að ekki eitt einasta prósent hafi verið leiðrétt í árafjöld þýðir að við erum að gera eitthvað rangt. Tíminn er ekki að vinna með okkur. Við þurfum í alvörunni að ákveða hvernig við viljum að hlutirnir séu og endurmeta aðgerðir, því ef ekki er jafnrétti kynjanna, þá er ekkert jafnrétti.




**Við kynnum nýjan alvörujeppa, KIA Sorento**
*– fullbúinn jeppi með ríkulegum staðalbúnaði*

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- þokuljós

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag.
Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS
*The Power to Suprise™*

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



Tveir sterkir sparnaðarreikningar á netinu

**SPRON Vaxtabót – allt að 13,50% vextir***
**SPRON Viðbót – allt að 4,80% vextir***

Þú færð nánari upplýsingar og getur stofnað reikning á **spron.is**

spron

* Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. október 2006